FRÉTTABLAÐIÐ
251. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 24. OKTÓBER 2018




Kvennafrídagurinn er í dag. Þá mótmæla konur kjaramisrétti, ofbeldi og áreitni á vinnustað. Baráttufundir verða víða um land og settar verða fram kröfur. Fundur hefst á Arnarhóli kl. 15.30. Meðal annarra flytja þar ávarp Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. Kröfuspjöld voru gerð klár í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Útilokað að hækka laun á sama hraða

**Launakostnaður fimmtán skráðra félaga hefur vaxið umfram tekjur frá árinu 2015. Forstjóri MS segir ekkert atvinnulíf standa undir viðlíka launahækkunum og sést hafa síðustu ár. Seðlabankinn segir óljóst hvaða svigrúm fyrirtæki hafi til að mæta hækkunum.**

**VIÐSKIPTI** Launakostnaður félaga í Kauphöllinni hefur almennt vaxið hraðar en tekjur og rekstrarhagnaður félaganna frá 2015, samkvæmt athugun Markaðarins.

Hlutfall launakostnaðar af tekjum fimmtán félaga á aðallista Kauphallarinnar hefur hækkað á undanförnum fjórum árum. Á sama tíma hefur launakostnaður tólf skráðra félaga vaxið umfram rekstrarhagnað.

Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, segir að frá því í maí 2015 og fram í júlí 2018 hafi vegið meðaltal samningsbundinna launahækkana hjá fyrirtækinu numið yfir 40 prósentum. „Ég held að það þurfi ekki að hafa mörg orð um að ekkert atvinnulíf stendur undir slíkri þróun til lengdar.“

Finnur Oddsson, forstjóri Origo, segir að það verði „áframhaldandi verkefni á næstunni“ að leita leiða til hagræðingar.

Seðlabanki Íslands tekur fram í nýju riti um fjármálastöðugleika að „óljóst“ sé hversu mikið svigrúm fyrirtæki hafi til hagræðingar til þess að mæta launahækkunum.

Finnur bendir á að hjá Origo hafi heildarkostnaður vegna launa og tengdra gjalda aukist umtalsvert á undanförnum árum í takti við kjarasamningsbundnar hækkanir og almenna launaþróun.

„Eðlilega hefur þessi kostnaðarauki mikil áhrif á okkar rekstur og hefur afkoma undanfarna fjórðunga verið undir væntingum.“

Ari segir að af kröfugerðum verkalýðsfélaga megi ráða að margir telji næga innistæðu fyrir framhaldi á launaþróun síðustu ára. „Það verður að staldra við og ná andanum áður en lengra er haldið í einhverjum stórkostlegum breytingum.“

Í riti Seðlabankans segir að vísbendingar séu um að draga muni úr hagnaði fyrirtækja á þessu ári. Stjórnendur stærstu fyrirtækja séu almennt svartsýnni nú en undanfarin ár. – hae, kij / sjá Markaðinn

**50%**

**er hækkun launakostnaðar á Íslandi umfram launakostnað fyrirtækja í samkeppnisríkjunum.**

## Sérblað um jafnrétti

**JAFNRÉTTISMÁL** Fréttablaðinu í dag fylgir sérblaðið Jafnrétti. Þar má meðal annars finna viðtal við Katrínu Björgu Ríkarðsdóttur, nýjan framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, sem segir mikilvægt að almenningur kynni sér ný lög sem taki á og viðhaldi jafnrétti innan og utan vinnumarkaðar.

Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, segir enn mikinn mun á stöðu kynjanna og að umræða um jafnréttismál sé stutt á veg komin.

Greint er frá sögu kvennafrídagsins auk þess sem fjöldi fyrirtækja greinir frá þeirri vinnu sem liggur að baki jafnlaunavottun.

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar heilbrigðisráðherra. 11

**SPORT** Gísli Þorgeir fetar í spor Arons frá Hafnarfirði til Kiel. 14



**MENNING** Ný kammerópera, Kornið, flutt á Óperudögum. 20

**LÍFIÐ** Ýmislegt er bralláð í menningarmiðstöðinni Havaríi í Berufirði. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● JAFNRÉTTI

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Norðaustan 10-18 og slydda eða snjókoma norðvestan til fyrir hádegi. Hægari suðvestanátt og dálítil væta annars staðar. Hiti 0 til 8 stig.

SJÁ SÍÐU 18

# Túnfiskur í Þingholtsstræti



Forvitnir gestir fylgdust í gær með japananska skurðarmeistaranum Nobuyuki Tajiri skera niður 172 kílógramma bláuggatúnfisk sem fluttur var til landsins frá Barcelona á Spáni til að matreiðast á sérlegri túnfiskshátíð sem stendur fram á laugardagskvöld á veitingastaðnum Sushi Social í Þingholtsstræti í Reykjavík. Haus túnfisksins var engin smásmíði eins og sjá má. Fleiri myndir af skurðinum eru á síðu 24. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kallaði ekki eftir hjálp

**LÖGREGLUMÁL** Taldar eru yfirgnæfandi líkur á að maðurinn, sem sætir gæsluvarðhaldi í tengslum við andlát ungrar konu á Akureyri um síðastliðna helgi, hafi verið heima hjá henni þegar hún lést. Hann kallaði ekki eftir hjálp og lét sig hverfa þegar föður konunnar bar að.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir manninum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Maðurinn mun að óbreyttu sitja í haldi fram á föstudag.

Lögreglan á Norðurlandi eystra taldi mikilvægt að hinn grunaði fengi ekki að ganga laus á frumstigi rannsóknarinnar því hætta væri á að hann torveldaði hana með því að hafa áhrif á vitni eða samseka. Þá sé enn ekki búið að útiloka að fleiri hafi verið inni í íbúð konunnar.

Rannsókn er skammt á veg komin og dánarorsök enn ókunn en talið er að fíkniefni hafi komið við sögu. Þá hefur sími konunnar ekki verið rannsakaður en talið er að þar gæti verið að finna mikilvægar upplýsingar, meðal annars um hvort fleiri hafi verið í íbúðinni umrædda nótt. **– sks**

## Skaut barnabarn vegna tebolla

**BANDARÍKIN** 75 ára gömul kona búsett í Minnesota var á dögunum handtekin grunuð um að hafa skotið barnabarn sitt.

Samkvæmt miðlum ytra var drengurinn í heimsókn hjá ömmu sinni. Þar fékk hann tebolla en milli þess að hann dreypti á teinu hvíldi hann bollann á trébolði. Það líkaði ömmu hans illa og bað hann að hætta.

Þegar drengurinn sinnti þeim boðum ekki hrifsaði konan bollann af honum, hellti teinu og sótti skammbyssu. Drengurinn fyllti bollann á ný og lagði hann aftur á borðið. Á amma hans þá að hafa hleypt af skoti sem hæfði hann nærri hægri nára. Hún hefur verið ákærð fyrir árásina. **– jóe**

## Ánægja með störf biskups aldrei minni

**SAMFÉLAG** Ánægja með störf biskups hefur ekki mælst jafn lítil frá því að mælingar hófust fyrir um 20 árum. Einungis 14 prósent eru ánægð. Um 44 prósent segjast óánægð með störf biskups en rúmlega 42 prósent hvorki ánægð né óánægð.

Ofangreint kemur fram í nýjum Þjóðarpúlsi Gallup. Samkvæmt könnuninni minnkar traust til þjóðkirkjunnar um tíu prósentustig milli ára. Þriðjungur aðspurðra sagðist bera fullkomið, mjög mikið eða frekar mikið traust til þjóðkirkjunnar en tæp 40 prósent alls ekkert, mjög lítið eða frekar lítið. 28 prósent sögðust hvorki bera mikið né lítið traust til þjóðkirkjunnar.

Traust til þjóðkirkjunnar hefur ekki mælst minna frá 2012 er það var 28 prósent. Þá eru 55 prósent fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju. **– sar**

# Svavar hyggst verða heimsmeistari í Tetris

**Íslendingar áttu fulltrúa á heimsmeistaramótinu í Tetris sem fór fram í Portland í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Svavar Gunnar Gunnarsson komst í átta manna úrslit þar sem hann mætti ríkjandi meistara og átrúnaðargoði sínu.**

**SAMFÉLAG** „Stemningin var brjáluð og allt pakkað af fólki. Það voru ótrúlega margir hæfileikaríkir spilarar þarna,“ segir Svavar Gunnar Gunnarsson sem tók um helgina þátt í sínu fyrsta heimsmeistaramóti í Tetris.

Keppnin hefur verið haldin árlega í Portland í Bandaríkjunum frá árinu 2010. Tölvuleikurinn Tetris kom fyrst út í Sovétríkjunum sálugu 1984 en í keppninni er stuðst við klassíska útgáfu fyrir Nintendotölvu frá 1989.

Svavar hefur verið búsettur í Kaupmannahöfn undanfarin ár en hann er bæði tvöfaldur Danmerkur- og Evrópumeistari í Tetris. Hann útskrifaðist með meistaragráðu í kennilegri eðlisfræði frá Niels Bohrstofnuninni við Kaupmannahafnarháskóla 2014.

„Það er kannski ekki eitthvað eitt sem gerir mig góðan í Tetris. Ég hef samt alltaf verið fljótur að læra og góður að taka eftir mynstrum. Það er alls konar fólk sem er að keppa á þessum mótum og það hefur mismunandi bakgrunn.“

Svavar segir að allir hafi sennilega spilað Tetris einhvern tímann en sjálfur spilaði hann leikinn sem strákur en tók það ekki mjög alvarlega. „Ég komst djúpt inn í keppnistölvuleikjaspil 2007 þegar ég var að spila Donkey Kong. Ég var orðinn mjög góður en var að leita að einhverju öðru og vissi af þessari miklu keppnismenningu í Tetris.“

Hann segist hafa heillast algjörlega af þessum heimi og var byrjaður að spila á fullu fyrir rúmum sex árum. Keppnin fer þannig fram að tveir keppendur spila saman í útsláttarkeppni. Alls komust 32 í lokakeppnina en mikill fjöldi reyndi að komast að.



Frá viðureign Svavars, sem er lengst til hægri, og Jonasar í átta manna úrslitunum. Svavar ætlar sér að vinna Jonas næst. MYND/MORTEN RIIS SVENDSEN

> **Það er kannski ekki eitthvað eitt sem gerir mig góðan í Tetris. Ég hef samt alltaf verið fljótur að læra og góður að taka eftir mynstrum.**
>
> Svavar Gunnar Gunnarsson

Svavar komst í átta manna úrslit en andstæðingur hans þar var Jonas Neubauer sem hafði fyrir mótið í ár unnið sjö af þeim átta sem haldin höfðu verið. „Það er einhver ára í kringum hann sem allir finna fyrir. Ég var ekkert stressaður þegar við byrjuðum en svo tók ég eftir því að ég var farinn að spila öðruvísi en ég er vanur. Þannig að ég var kannski pínu stressaður. Ég átti samt góðan séns og ætla að vinna hann á næsta ári.“

Jonas tapaði svo óvænt í úrslitum fyrir hinum 16 ára Joseph Saelee. „Þetta er allt mjög vinalegt. Ég átti gott spjall við alla keppendurna í eftirpartíinu sem var mjög gaman því flestir þarna eru stjörnur fyrir mér. Ég elska samfélagið í kringum þetta og hef eignast marga nýja vini og upplifað margt skemmtilegt. Ég gefst ekki upp fyrr en ég er búinn að vinna þetta mót.“

sighvatur@frettabladid.is

LED RAKAÞÉTT LJÓS
Rafvirkjar



IP65 IK08 4000K 6500K
LEDVANCE OSRAM
533 1900 I olafsson.is
Jóhann Ólafsson & Co

# Hagspá Landsbankans

## Úr hröðum vexti í hægari takt

Landsbankinn býður til morgunfundar þar sem ný þjóðhags- og verðbólguspá Hagfræðideildar bankans til næstu þriggja ára verður m.a. kynnt. Fundurinn verður haldinn í Silfurbergi í Hörpu, miðvikudaginn 31. október kl. 8.30–10.15. Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8.00.




**Dagskrá fundar**

**Setning fundar**
Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.

**Þjóðhags- og verðbólguspá Landsbankans**
Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans.

**Ferðaþjónustan hefur náð flughæð**
Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans.

**Ísland í alþjóðlegu samhengi**
Danielle Haralambous, sérfræðingur hjá Evrópudeild The Economist Intelligence Unit (EIU).

**Pallborðsumræður**
um stöðu og horfur á íslenskum vinnumarkaði.

Fundarstjóri er **Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir**, viðskiptastjóri á Fyrirtækjasviði Landsbankans.

**Skráning á landsbankinn.is.**

#hagspa

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Prófessor í bótarétti fékk ekki bætur úr málskostnaðartryggingu

**TRYGGINGAR** Eiríkur Jónsson, prófessor í skaðabótarétti við Háskóla Íslands, átti ekki rétt á greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar vegna máls sem hann hefur höfðað gegn íslenska ríkinu. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum (ÚRVá).

Eiríkur var í hópi fimmtán umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt sem metnir voru hæfastir til starfsins en ekki í hópi þeirra sem dómsmálaráðherra lagði til að yrðu skipaðir. Hefur hann höfðað mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna fjártjóns af ákvörðun ráðherra en ríkið hefur nú þegar fallist á miskabótaskyldu. Aðalmeðferð í málinu var fyrir tæpum sex vikum og er dóms beðið.

Áður en málið var höfðað taldi Eiríkur að hann ætti rétt á greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni en vátryggingafélag hans hafnaði bótaskyldu þar sem málshöfðunin tengdist atvinnu hans. Slík mál væru undanskilin gildissviði tryggingarinnar.

Eiríkur, sem er höfundur að fræðiriti um vátryggingarétt, sagði á móti að fyrirhugað dómsmál snerist ekki um starfskjör hans. Málið væri byggt á sakarreglunni og mismunareglu skaðabótaréttarins en tekjur hans sem landsréttardómari væru hærri en þær tekjur sem hann hefur sem prófessor við Háskóla Íslands.

ÚRVá taldi að málið snerist um fjártjón vegna framtíðartekjutaps og slíkar ágreiningur væri í skýrum tengslum við atvinnu Eiríks. Orðalag vátryggingarskilmálanna yrði ekki skilið svo að það næði aðeins til ágreinings vátryggðs og þess vinnuveitanda sem hann starfar hjá. Því var ekki fallist á bótaskyldu félagsins. **– jóe**



**Eiríkur Jónsson, prófessor við HÍ.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Í Vestmannaeyjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

## Biðja foreldra að afsaka tafir

**SKÓLAMÁL** „Ef frekari seinkun verður á þessum breytingum getur það haft áhrif á inntöku barna í janúar,“ segir fræðsluráð Vestmannaeyja vegna mikilla tafa á endurbótum á leikskólanum Kirkjugerði.

**» Verið er að stækka Kirkjugerði um eina deild auk ýmissa endurbóta á húsnæði leikskólans.**

„Áhersla er á að tryggja starfsemi leikskólans og öryggi barna og hafa starfsmenn Kirkjugerðis lagt sig fram við að það sé hægt,“ segir fræðsluráðið. Verkið hafi upphaflega átt að taka einn eða tvo mánuði. „Þrátt fyrir mikinn þrýsting á verktaka að klára verkið er ljóst að það klárast ekki að fullu fyrir áramótin.“

Kveðst ráðið harma seinkunina og felur starfsmönnum bæjarins „að halda áfram að beita þrýstingi til að framkvæmdum ljúki sem allra fyrst“. **– gar**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Ráðherra segir göng að Bakka víst á forræði Vegagerðarinnar

Atvinnuvegaráðuneytið segir Vegagerðina bera ábyrgð á veghaldi Húsavíkurhöfðaganga. Vegagerðin telur veginn utan þjóðvegakerfisins og utan þjónustusvæðis stofnunarinnar. Atvinnuvegaráðherra hefur ítrekað tekið málið upp í ríkisstjórn og leitað svara um ábyrgð á rekstri ganganna. Ekki næst í samgönguráðherra.

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin á að fara með veghald ganga milli hafnarinnar við Húsavík og iðnaðarsvæðisins á Bakka samkvæmt upplýsingum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, enda sé vandséð hver annar eigi að fara með það.

Fréttablaðið greindi frá því nýlega að óvissa væri um hver eigi að hafa umsjón með rekstri Húsavíkurhöfðaganga. Upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar sagði stofnuninni óheimilt að þjónusta göngin því þau séu ekki hluti af þjóðvegakerfinu og engin almenn umferð sé leyfð um þau.

Vegagerðin kom þessu sjónarmiði á framfæri við byggðarráð Norðurþings og kvaðst hætta afskiptum af göngunum 1. nóvember.

Þessi skilningur Vegagerðarinnar er þvert á túlkun atvinnuvegaráðuneytisins. Ríkið sé eigandi ganganna, óháð því hvort litið sé á þau sem þjóðveg eða einkaveg, enda geti ríkið einnig átt einkavegi. Ríkið hafi látið byggja veginn og Vegagerðinni verið falin framkvæmdin og veghaldið í samræmi við lögbundið hlutverk stofnunarinnar.

Í lögum um heimild til uppbyggingar innviða vegna áforma um atvinnustarfsemi í landi Bakka við Húsavík, sem sett voru árið 2013, var gert ráð fyrir að ríkið stæði fyrir gerð vegtengingar og jarðganga milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðisins sem nýst gæti hverju því fyrirtæki sem hefur starfsemi á lóðinni.

„Af hálfu stjórnvalda var ekki ætlunin að í því fælist sérstök opinber ívilnun heldur að göngin væru hluti af vegakerfi landsins,“ segir í yfirlýsingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til Fréttablaðsins.



**Ólíkur skilningur í ráðuneytum Þórdísar Kolbrúnar Gylfadóttur og Sigurðar Inga Jóhannssonar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samgönguráðuneytið beri ábyrgð á viðhaldi og rekstri samgöngukerfisins. Alþingi hafi veitti Vegagerðinni fjárheimildir til að annast og fjármagna verkefnið. Rekstrarkostnaður jarðganganna við Bakka eigi að falla undir ramma sem samgöngumál fái í fjárlögum.

„Með vísan til framangreinds hefur það verið mat atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis frá upphafi að Vegagerðin eigi að fara með umrætt veghald, lögum samkvæmt. Vandséð er hvaða annar aðili ætti að fara með það.“

Samkvæmt mati Vegagerðarinnar er árlegur kostnaður við veghald vegtengingarinnar 25 milljónir króna og tekur meðal annars til raflýsingar og snjóhreinsunar.

Þungum áhyggjum af óvissu um rekstur ganganna er lýst í bókun byggðarráðs Norðurþings um erindi forstjóra Vegagerðarinnar, enda vetur á næstu grösum og allra veðra von. Án ganganna gætu þungaflutningar þurft að fara í gegnum Húsavík með tilheyrandi ónæði og slysahættu eins og fram kom í samtali Fréttablaðsins við Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóra Norðurþings, á föstudaginn.

Málið hefur nokkrum sinnum verið rætt í ríkisstjórn að frumkvæði Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, í því skyni að fá það á hreint hver eigi að annast veghald vegtengingarinnar og að tryggðir séu fjármunir til þess. Engin niðurstaða er þó komin í málið.

Ekki hefur fengist viðtal við Sigurð Inga Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, vegna stöðunnar við Húsavíkurhöfðagöng þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir frá því í síðustu viku

**adalheidur@frettabladid.is**




**RENEGADE**
2.0 DÍSEL, 170 HÖ.
9 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
4 DRIFSTILLINGAR,
HÁTT OG LÁGT DRIF.

**COMPASS**
2.0 DÍSEL, 140/170 HÖ.
2.0 BENSÍN, 170 HÖ.
9 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
4 DRIFSTILLINGAR.

**CHEROKEE**
2.2 DÍSEL, 185 HÖ.
9 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
4 DRIFSTILLINGAR.

**GRAND CHEROKEE**
3.0 DÍSEL, 250 HÖ,
8 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
HÁTT OG LÁGT DRIF.

**JEEP® 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.**
**ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE



Kvennafrídagurinn 24. október
Baráttukveðja frá konunum í Straumsvík
RioTinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotinto.is



Gylfi Arnbjörnsson hættir sem forseti ASÍ á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tímamótaþing ASÍ hefst

**FÉLAGSMÁL** „Sterkari saman“ er yfirskrift 43. þings ASÍ sem verður sett í dag en þingið stendur fram á föstudag. Fimm meginefni verða til umfjöllunar á þinginu en það eru tekjuskipting og jöfnuður, jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs, tækniþróun og skipulag vinnunnar, heilbrigðisþjónusta og velferðarþjónusta og húsnæðismál.

Á föstudaginn verða afgreiddar tillögur og kosið í embætti ASÍ en ljóst er að nýr forseti verður kjörinn. Tveir hafa lýst yfir framboði í embætti forseta, þau Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, og Sverrir Már Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs.

Þá hafa þrír boðað framboð í embætti varaforseta ASÍ. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sækist eftir embætti 1. varaforseta, Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, embætti 2. varaforseta og Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, sækist eftir öðru hvoru embættinu. – **sar**








Rannsóknir sýna skýr tengsl á milli nokkurra tegunda krabbameins og áfengisneyslu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Færri krabbamein með minni áfengisneyslu

**Fækka má krabbameinstilfellum um tugi þúsunda á næstu 30 árum með því að draga úr neyslu áfengis samkvæmt nýrri rannsókn. Einn af höfundunum segir niðurstöðurnar mikilvægt innlegg í umræðuna um aðgengi að áfengi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fækka má krabbameinstilfellum á Norðurlöndum um tæplega 83.000 á 30 ára tímabili með því að hætta alfarið áfengisneyslu. Helmingun hóflegrar drykkju áfengis hefði jafnframt í för með sér verulega fækkun tilfella, eða í kringum 21.000, á tímabilinu.

„Núverandi áfengisneysla veldur gríðarlegum fjölda krabbameinstilfella,“ segir Laufey Tryggvadóttir, faraldsfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands. „Þetta eru tilfelli sem ekki hefðu orðið ef enginn væri að neyta áfengis.“

Laufey er einn af höfundum nýrrar rannsóknar þar sem fjöldi krabbameinstilfella til ársins 2045 var kannaður út frá mismunandi sviðsmyndum áfengisneyslu. Rannsóknin verður birt í European Journal of Oncology, fagriti Evrópsku krabbameinssamtakanna, í nóvember.

Þó svo að sú sviðsmynd þar sem gert er ráð fyrir engri neyslu áfengis sé áberandi jákvæðust þegar kemur að fækkun krabbameinstilfella, þá kýs Laufey að einblína á raunhæfari sviðsmyndir þar sem gert er ráð fyrir minni og hóflegri drykkju.

„Það er óraunsætt markmið að hætta alfarið áfengisneyslu, en um leið er það ágætt að vera meðvituð um að áfengi veldur krabbameinum,“ segir Laufey.

Meðhöfundar Laufeyjar eru vísindamenn við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð, Tampere-háskóla í Finnlandi, Háskólann í Tromsø og dönsku krabbameinssamtökin. Hópurinn horfði til sex mismunandi tegunda krabbameina í rannsókn sinni sem öll eru tengd áfengisneyslu og lýðfræðilegra rannsókna á drykkjumenningu landanna fimm. Tímabilið sem um ræðir er frá árinu 2016 til 2045.

Sviðsmyndirnar taka meðal annars til þess að neysla áfengis verði engin, að hún helmingist hjá þeim sem nú þegar drekka 1 til 4 glös á dag og að enn meiri drykkja verði engin. Engin áfengisneysla myndi leiða til fækkunar sem nemur tæplega 83.000 krabbameinstilfellum, 50 prósenta fækkun þeirra sem drekka 1 til 4 glös mun leiða til rúmlega 21.500 færri krabbameina og engin óhóflega drykkja mun fækka tilfellum um rúmlega 12.000.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar myndi útrýming áfengisneyslu fækka tilfellum krabbameins á Íslandi á tímabilinu um 452 en það að draga úr neyslu þeirra sem drekka 1 til 4 glös á dag mun fækka þeim um 55.

### Krabbamein sem hægt er að forðast til 2045 á Íslandi
Sviðsmyndir áfengisneyslu

| Krabbamein | Engin neysla áfengis | Helmingsfækkun sem drekka í hófi | Engin drykkja í óhófi |
|---|---|---|---|
| Ristill | 52 | 20 | 5 |
| Brjóst eftir tíðahvörf | 238 | 14 | 0 |
| Munnur og kok | 97 | 12 | 6 |
| Lifur | 5 | 1 | 2 |
| Barki | 5 | 3 | 1 |
| Vélinda | 53 | 5 | 2 |
| Alls | 452 | 55 | 16 |

**Heimild:** Anderson, et al.

### Fjöldi krabbameina sem hægt er að forðast
2016 til 2045




> **Það er alveg klárt að ef áfengisneysla eykst þá munu fleiri fá krabbamein.**


Laufey Tryggvadóttir, prófessor og faraldsfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu

„Það er alveg klárt að ef áfengisneysla eykst þá munu fleiri fá krabbamein,“ segir Laufey, aðspurð um hvernig beri að túlka niðurstöðurnar. „Að mínu viti eru þetta gagnlegar upplýsingar, sérstaklega núna þegar aðgengi að áfengi er í umræðunni. Stjórnvöld verða að horfast í augu við þetta. Aukið aðgengi eykur neyslu . Það á ekki að auka hana, heldur frekar að reyna að hafa hemil á henni.“

Í niðurlagi rannsóknarinnar benda höfundarnir á að nýta megi niðurstöðurnar til að efla frekar forvarnir. „Þetta er einkar mikilvægt,“ segja þeir. „Þá sérstaklega í ljósi þess að tengsl áfengisneyslu og krabbameins eru ekki vel þekkt meðal almennings. Til dæmis kannast 70 prósent Bandaríkjamanna ekki við þessi tengsl og aðeins 20 prósent Dana nefna krabbamein aðspurðir um sjúkdóma sem tengjast neyslu áfengis.“

**kjartanh@frettabladid.is**




# 50%

## AUKA AFSLÁTTUR

### AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

F&F

MEIRI GÆÐI, BETRA VERÐ

FÆST EINGÖNGU Í

**HAGKAUP**

# Erdogan segir morðið á Khashoggi þaulskipulagt

**TYRKLAND** Morðið á sádiarabíska blaðamanninum Jamal Khashoggi var þaulskipulagt og villimannslegt. Þetta sagði Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, í gær. Erdogan krafðist þess jafnframt að upplýst yrði um staðsetningu líkamsleifa Khashoggis og það hver fyrirskipaði aðgerðina.

Khashoggi var myrtur á ræðisskrifstofu Sádi-Araba í Istanbúl í upphafi mánaðar. Sádi-Arabar neituðu því í upphafi að vita nokkuð um málið en eftir að rassíur voru gerðar á skrifstofunni og hljóðupptökum var lekið til fjölmiðla, þar sem fram kom að Khashoggi hefði verið sundurlimaður, gáfu Sádi-Arabar út yfirlýsingu sem í sagði að blaðamaðurinn hefði látist í slagsmálum við á annan tug Sádi-Araba.

Adel al-Jubeir, utanríkisráðherra Sádi-Arabíu, sagði á þriðjudag að um mistök hefði verið að ræða og að ríkisstjórnin myndi refsa þeim sem stóðu að verknaðinum. Hins vegar hefur verið greint frá því að Saud al-Qahtani, einn æðsti ráðgjafi krónprinsins Mohammeds bin Salman, hafi haft umsjón með morðinu í gegnum Skype og stangast skýringar Jubeirs á við þær upplýsingar.

En aftur að Erdogan. Forsetinn fór í gær fram á að réttarhöld yfir þeim átján sem handteknir hafa verið í Sádi-Arabíu færu fram í Tyrklandi. Hann væri að auki sannfærður um að Salman konungur myndi sýna samstarfsvilja.

Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, sagði í gær að morðinu yrði svarað en útskýrði orðin ekki nánar. Bandaríkin eiga gott samband við Sádi-Arabíu og hafa átt hundraða milljarða viðskipti með vopn. Ríkisstjórn Donalds Trump forseta hefur verið gagnrýnd fyrir linkind í máli Khashoggis. – þea



**Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands.** NORDICPHOTOS/AFP



**Frans páfi vill skoða að vígja gifta menn.** NORDICPHOTOS/AFP

## Skoða vígslu giftra presta

**PÁFAGARÐUR** Frans páfi hefur boðað suðuramerísk biskupa kaþólsku kirkjunnar á kirkjuþing á næsta ári til þess að ræða um þann vanda sem kirkjan stendur frammi fyrir á Amazon-svæðinu. Þessu víðfeðma svæði þjóna fáir prestar. Á þinginu stendur til að ræða mögulegar lausnir við vandanum og verður meðal annars rætt um að heimila giftum mönnum, sem sýnt hafa fram á siðvendni sína, að gerast prestar.

Páfi hefur áður sagt að skortur á kaþólskum prestum á heimsvísu kalli á endurskoðun þeirrar hefðar að prestar skuli ekki vera giftir. Prestum hefur fækkað undanfarin ár vegna þeirra mörgu kynferðisofbeldismála sem hafa skekið kirkjuna á heimsvísu.

Til stendur að frumsýna heimildarmynd á Ítalíu í vikunni sem fjallar um á annan tug presta í fjórum Evrópuríkjum sem ýmist eru í leynilegri sambúð með konu, hafa skapað ný kirkjusamfélög sem sniðganga skírlífisheföina eða hafa einfaldlega sagt skilið við kaþólsku kirkjuna vegna hefðarinnar. – þea

# Þúsundir ganga enn í norðurátt

**Afar fjölmenn flóttamannalest hélt áfram för sinni til Bandaríkjanna. Kvef hrjáir flóttamennina. Enn er langt í Bandaríkin. Þar ræða Repúblikanar lestina af miklum móð. Demókratar halda sig hins vegar til hlés.**

**MEXÍKÓ** Hin svokallaða flóttamannalest hélt áfram för sinni í gegnum Mexíkó og í átt að Bandaríkjunum í gær eftir að flóttamennirnir höfðu sofið undir berum himni. Talið er að rúmlega 7.000 flóttamenn frá Mið-Ameríku séu í hópnum.

Blaðamaður AP á svæðinu sagði að heyra hefði mátt hóstakór. Flóttamenn væru flestir í slæmu ástandi eftir að hafa sofið illa og lítið úti í kulda og lítið nærst. Margir virtust því hafa sýkst af einhverri kvefpest.

„Það er erfitt að ferðast með börnin. Í dag gengum við í sex tíma áður en við greiddum sendiferðabílstjóra fyrir að taka okkur upp í. Þetta er hættulegt. Það eru engir sjúkrabílar hérna og ef börnin falla í yfirlið gætu þau hreinlega dáið þar sem það er enginn til að annast þau," sagði hinn 27 ára fyrrverandi strætisvagnastjóri Marlon Anibal Castellanos, frá San Pedro Sula í Hondúras, við AP. Hann er einn þessara þúsunda flóttamanna og ferðast með konu sinni, níu ára dóttur og sex ára syni.

Samkvæmt aðgerðasinna sem aðstoðar flóttamannalestina, var hlé gert í gær til þess að minnast eins úr hópnum sem lést á leiðinni.

Enn þarf hópurinn að ganga á annað þúsund kílómetra til þess að komast að landamærum Bandaríkjanna. Samkvæmt því sem sagði í umfjöllun CBS í gær er óvíst hversu stór hluti fer alla leið. Til að mynda komust einungis 200 af þeim 1.200 sem lögðu af stað í svipaða för fyrr á árinu að landamærum Kaliforníu.

thorgnyr@frettabladid.is




**Einn flóttamannanna úr hinni afar fjölmennu lest þakkar Mexíkóum innilega fyrir móttökurnar.** NORDICPHOTOS/AFP

### Hitamál í Bandaríkjunum

Bandarískir Repúblikanar hafa rætt mikið um flóttamannalestina á síðustu dögum, nú þegar um tvær vikur eru í þingkosningar.

Samkvæmt umfjöllun Politico frá því í gær kemur lestin sér illa fyrir Demókrata. Í minnisblaði sem gekk á milli þingmanna Demókrata, og The New York Times birti, segir að jafnvel harðsnúnustu stefnumál Repúblikana í innflytjendamálum, til að mynda aðskilnaður fjölskyldna við landamærin, hafi lítil áhrif á kjósendur. „Demókratar ættu að forðast að ræða um þessi málefni og einbeita sér þess í stað að málaflokkum á borð við skatta og heilbrigðismál þar sem stefna Demókrata nýtur meiri hylli," sagði í minnisblaðinu.

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Fleiri myndir af flóttamannalestinni má sjá á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**






Fyrirtæki sem mismuna fólki í launum eftir kynferði brjóta lög, sóa verðmætum og standa sig verr í samkeppni á markaði. Það er mikilvægt að stjórnendur haldi vöku sinni og mismuni ekki starfsfólki af gáleysi heldur nýti krafta allra jafnt.

Launamunur kynja á sér margar ástæður og viðhorfsbreytingar er þörf á fjölmörgum sviðum til að vinna gegn honum. Karlar og konur þurfa að bera jafna ábyrgð á heimilinu. Foreldrar, skólakerfið og samfélagið allt þarf að stuðla að breytingum á náms- og starfsvali ungmenna til að brjóta upp kynjaskiptan íslenskan vinnumarkað.

Stjórnendur og starfsfólk geta lagt sitt af mörkum til þess að börnin okkar þekki ekki hugtakið *kynbundinn launamun*ur þegar þau koma út á vinnumarkaðinn.

Vinnum saman.

www.sa.is

SA
SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS





# Þúsundir rölta til norðurs

Um sjö þúsund Mið-Ameríkumenn flýja ofbeldi og glæpi í ættlöndum sínum og freista þess að komast til Bandaríkjanna fótgangandi. Flóttamannalestin svokallaða var stödd í Mexíkó í gær.





Flóttamennirnir þurfa flestir að sofa undir berum himni og hafa lítið á milli handanna.



MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Mannhatur



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Frá því að Donald Trump steig fram sem mögulegt forsetaefni Repúblikanaflokksins hefur hann verið viðriðinn svo mörg hneykslismál að ómögulegt er að telja þau öll upp. Forsetaefnið þáverandi leyfði sér að segja hluti sem enginn annar stjórnmálamaður í hinum vestræna heimi kæmist upp með; hann hefur opinberað vanþekkingu sína á alþjóðamálum, hafnað hugmyndum sem hingað til hafa verið talin sjálfsögð mannréttindi í þróuðum ríkjum, vaðið fram með sleggjudómum um ákveðna trúarhópa og sýnt konum ótrúlega vanvirðingu, svo fátt eitt sé nefnt.

Síðan varð hann forseti. Þá vonuðu margir Bandaríkjamenn að upphrópanir hans í baráttunni hefðu verið liður í því að fá ákveðinn hóp kjósenda með sér í lið, frekar en að um væri að ræða hans eigin skoðanir. Svo reyndist ekki vera. Þvert á móti. Síðan steig klámstjarna fram og greindi frá framhjáhaldi sínu með forsetanum og í ljós kom að Rússar virðast með ólögmætum aðgerðum hafa liðsinnt honum í því að komast á forsetastól. Sennilega er óhætt að segja að enginn forvera hans hefði lifað slíkt af í embætti.

Kjósendur forsetans virðast hins vegar hafa þróað með sér nokkurs konar ónæmi fyrir orðum og gjörðum forseta síns. Að minnsta kosti sýna skoðanakannanir að hann nýtur jafnvel meiri stuðnings en forveri hans, Barack Obama, á svipuðum tíma á hans forsetatíð.

Og nú íhugar ríkisstjórn Trumps að afmá skilgreiningu á transfólki, en í Bandaríkjunum er talið að rúm ein og hálf milljón manna skilgreini sig sem trans. Í minnisblaði úr heilbrigðisráðuneyti Bandaríkjanna, sem The New York Times komst yfir og birti fréttir upp úr, yrði lagalegri skilgreiningu kyns breytt þannig að allir Bandaríkjamenn teljist til þess kyns sem kynfæri þeirra gefa til kynna við fæðingu. Því fáist ekki breytt nema með óyggjandi niðurstöðum erfðafræðiprófana.

Ljóst er að mannréttindi transfólks eiga víða undir högg að sækja, en allmörg ríki Bandaríkjanna hafa staðið nokkuð framarlega á alþjóðavettvangi hvað það varðar undanfarin ár. Aðgerð á borð við þá sem ríkisstjórn forsetans boðar nú er ekki bara afturhvarf til fortíðar. Hún er sorgleg og elur á sundrungu. Hún lýsir einfaldlega mannhatri.

Ísland má sín ef til vill ekki mikils í hinum stóra heimi. En á sviði mannréttinda höfum við í gegnum tíðina haft sterka rödd og þrátt fyrir dægurþras, náð miklum árangri. Lengi hefur staðið til að innleiða lagaleg réttindi transfólks á Íslandi. Nú er tíminn til þess að ganga á undan með góðu fordæmi og klára það líkt og boðað er í stjórnarsáttmála. Nú er líka mikilvægt að við höldum áfram að tala fyrir hugsjónum okkar þjóðar um mannréttindi, valfrelsi, um baráttu gegn ranglæti á alþjóðavettvangi.

Íslendingar mega ekki verða ónæmir líkt og kjósendur forsetans virðast orðnir. Þessari aðgerð þarf að mótmæla sem víðast. Fögnum fjölbreytileikanum.

> **Sennilega er óhætt að segja að enginn forvera hans hefði lifað slíkt af í embætti.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Byltingarbækur á Bessastöðum**
**Hörður Torfason og Guðni Th. Jóhannesson teljast til skrásetjara hrunsins. Bók Guðna, Hrunið, kom út 2009 og á tíu ára byltingarafmælinu sendi Hörður frá sér bókina Bylting. Nokkrar breytingar hafa orðið á högum beggja. „Guðni Th. orðinn forseti og ég ellismellur," eins og byltingarskáldið orðar það á Facebook. Við bókarskrif sín leitaði Guðni til Harðar, sem þá var „tættur og þreyttur eftir átök vetrarins" og hefði viljað kafa dýpra með sagnfræðingnum. Hann sendi því Guðna eintak af sinni bók þar sem það sem hann hefði viljað sagt hafa 2009 var komið á prent. Guðni þakkaði fyrir sig með því að bjóða Herði á Bessastaði þar sem þeir áttu „bráðskemmtilegan og fræðandi fund saman um bækur og baráttu".**

**Vigdís býður upp á bragga**
**Vigdís Hauksdóttir hefur verið í jötunmóð í braggamálinu í borgarstjórn. Hún boðar til opins fundar klukkan 10.30 á laugardagsmorgun í Hafnarstræti 20. „Óhætt er að segja að borgarmálin hafa verið mikið í umræðunni að undanförnu," segir Vigdís í fundarboðinu þannig að af nógu verði að taka. Hún býður upp á „kaffi og bragga" og á þar líklega við súkkulaðihjúpaðar braggakökur frá Kristjánsbakaríi sem njóta nokkurra vinsælda þessi dægrin, ekki síst hjá Miðflokksfólki. thorarinn@frettabladid.is**

## Göngum út!



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Yfirskrift kvennafrísins í ár er „Breytum ekki konum, breytum samfélaginu". Mér er til efs að til sé nokkur kona sem ekki hefur gert fjölmargar tilraunir til að breyta sjálfri sér til að ýmist falla eða falla ekki inn í þröng kynhlutverk. Of oft hefur því verið haldið að konum að þær þurfi að gera hlutina á tiltekinn hátt til að misrétti gegn þeim heyri sögunni til. Í einhverja tíð voru skýringar á launamun kynjanna sóttar í að konur væru ekki nægilega menntaðar. Nú þegar konur eru í meirihluta þeirra sem sækja sér háskólamenntun hafa skýringarnar breyst. Þetta er ekki ósvipað og að hlaupa langhlaup en endamarkið færist alltaf fjær.

### Enn er langt í land

Margt hefur áunnist síðan 1975 þegar konur lögðu niður störf í fyrsta sinn og margar konur af minni kynslóð eiga sinn pólitíska feril undir almennum leikskólum og lögum um fæðingarorlof. Enn er þó langt í land. Ekki hefur tekist að útrýma launamun kynjanna og konur vinna jafnframt stærstan hluta ólaunaðrar vinnu, svo sem við barnauppeldi og heimilisstörf. #églíka bylgjan afhjúpaði kerfisbundið ofbeldi og áreitni sem konur í öllum lögum samfélagsins hafa mátt búa við. Ofbeldi gegn konum er í senn orsök og afleiðing kynjamisréttis og ein orsök þess hversu hægt gengur að byggja upp samfélag jafnréttis.

### Áhrifaríkasta baráttutækið

Samstaða kvenna er áhrifaríkasta baráttutækið til að knýja á um raunverulegar breytingar, því kvenfrelsisbaráttan krefst róttækrar skoðunar á menningu okkar. Ég mun því fara úr vinnunni kl. 14.55 og taka þannig þátt í baráttunni fyrir betri heimi. Til þess að snúa aftur á morgun og halda áfram að vinna að kvenfrelsismálum í mínu starfi.

Kæru konur, leggjum niður launuð og ólaunuð störf í dag og sameinumst á útifundum um allt land. Höldum síðan áfram því þrotlausa starfi að breyta samfélaginu.

> **Samstaða kvenna er áhrifaríkasta baráttutækið til að knýja á um raunverulegar breytingar, því kvenfrelsisbaráttan krefst róttækrar skoðunar á menningu okkar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fugl í hendi – bréf til heilbrigðisráðherra



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Fordómar hafa gert það að verkum að íslenskt samfélag hefur haft tilhneigingu til þess að líta á þá sem þjást af fíknisjúkdómum sem óþekktaranga og dóna, en ekki sjúklinga, og meðhöndla þá eins og skólakrakka, skipa þeim að spýta tyggjóinu í ruslafötuna og standa úti í horni frekar en að sjá þeim fyrir viðeigandi læknismeðferð. Það er hins vegar orðið erfitt að halda í þessa skoðun vegna þess að óþekktarangar eru að deyja umvörpum af óþekktinni einni saman og dónaskap. Staðreyndin er sú að fíknisjúkdómar deyða fleiri á aldrinum 18-40 ára en allir aðrir sjúkdómar á Íslandi og samt er engin stofnun á vegum hins opinbera heilbrigðiskerfis að sinna þeim af viti. Meðferð við þeim er að mestu komin yfir á herðar SÁÁ sem sinnir þeim af myndarskap þótt betur megi ef duga skal vegna þess að stuðningur hins opinbera er af of skornum skammti.

Það gladdi mig þegar þú ásamt nokkrum öðrum þingmönnum reist úr sæti um daginn og ræddir ópíatakrísuna á vinnustað ykkar og í fjölmiðlum. Það sýndi svo ekki verður um villst að ykkur er ekki sama og viljið gera eitthvað í málinu. Það varð hins vegar líka ljóst á þessum umræðum að þið eruð ekki endilega að vinna úr bestu fáanlegu upplýsingum. Til dæmis:

1. Þú lést hafa eftir þér að SÁÁ hefði gefið út yfirlýsingu um að þau ætluðu ekki að taka á móti ungum fíklum (sautján ára og yngri) og gafst í skyn að þau hefðu ekki vilja til þess, þess vegna væri nauðsynlegt að koma á fót nýrri miðstöð til meðferðar á ungum fíklum. Staðreyndin er sú að SÁÁ var gagnrýnt grimmilega fyrir að hýsa unga fíkla á Vogi í sama húsnæði og fullorðna og hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að skilja á milli aldurshópanna. Þess vegna gaf SÁÁ út yfirlýsingu um að þau treystu sér ekki til þess að hýsa þá lengur, þótt þau hafi gert það að sama marki í ár og í fyrra, vegna þess að þeir eiga ekki í annað hús að venda. SÁÁ býr að fágætri reynslu, þekkingu og getu til þess að meðhöndla fíklana ungu og það væri mun ódýrara og líklegra til árangurs að veita fé til þess að skilja á milli þeirra og hinna fullorðnu á Vogi en að setja saman nýja miðstöð.
2. Íslensk erfðagreining og SÁÁ eru í samvinnu við sérfræðinga frá bandarísku heilbrigðismálastofnuninni um rannsóknir á erfðum fíknar og koma þeir til landsins í það minnsta annað hvort ár. Þeim ber saman um að meðferðin á Vogi og nálgun SÁÁ á fíknisjúkdóma almennt sé til fyrirmyndar og betri en þeir þekki í sínu heimalandi. Það væri því við hæfi að hið opinbera nýtti sér getu SÁÁ til þess að setja saman viðbrögð við núverandi krísu, í stað þess að tala um þau og til þeirra eins og þeim sé málið minna heldur en meira skylt og þau séu kannski pínulítið fyrir.
3. Þið þingmenn stóðuð upp og tjáðuð ykkur um ópíatakrísuna þótt fíknikrísan á Íslandi sé aðallega krísa í notkun örvandi lyfja, minna í notkun ópíata þótt hún sé svo sannarlega alvarleg. Á síðasta ári voru 200 innlagnir á Vog út af ópíötum en 800 út af örvandi lyfjum.
4. Í umræðum á Þingi sagðir þú að hið opinbera ætlaði að verja 50 milljónum króna í að koma upp neysluhúsnæði fyrir fíkla á þessu hausti. Það er ólíklegt að þannig neysluhúsnæði yrði til vansa og sá möguleiki er fyrir hendi að það gæti leyst einhvern vanda sumra. Mér finnst líklegt að hugmyndin eigi rætur sínar hjá Rauða krossinum sem hefur unnið stórt afrek með því að byrja að dreifa hreinum nálum og sprautum meðal fíkla og minnka þannig líkur á hættulegum sýkingum meðal þeirra. Það væri gott að vita af fíklunum okkar sprauta sig við boðlegri kringumstæður og öruggari en skringilegt að setja það ofar á forgangslista en meðferð og forvarnir.
5. Eitt af stóru vandamálunum við meðferð fíknisjúkdóma er skortur á vilja sjúklingsins til þess að þiggja meðferð og þegar viljinn loksins kemur hefur hann tilhneigingu til þess að endast skammt. Það er því mikilvægt að geta boðið sjúklingnum meðferð þegar hann vill hana. Þess vegna er biðlisti á stofnun eins og Vogi óásættanlegur. Í dag er biðlistinn á Vogi 590 manns. Það eru teknir inn sex manns á dag en þyrftu að vera átta til þess að losna við biðlistann. Það myndi kosta um það bil 200 milljón krónur á ári að bæta við þessum tveimur á dag.
6. Fíknisjúkdómar eru banvænustu sjúkdómar ungs fólks á Íslandi og samt finnst hinu opinbera eðlilegt að skammta meðferð við þeim á þann máta að ekkert slíkt þekkist miðað við aðra sjúkdóma. Sjúkratryggingar borga bara fyrir 1500 af þeim 2200 innlögnum sem eru á Vog á ári hverju. Hverjar eru röksemdirnar fyrir því, hæstvirtur heilbrigðisráðherra?
7. Fíknisjúkdómar eru langvinnir og skynsamlegt að líta svo á að þeir fylgi einstaklingnum um aldur. Það er því mikilvægt að hafa til staðar aðferðir til þess að styðja hann eftir að hann er útskrifaður og það er best gert í gegnum göngudeild. Sjúkratryggingar borga ekki fyrir göngudeildarþjónustu sem SÁÁ vill bjóða upp á og það sama á við um forvarnarstarf sem SÁÁ hefur skipulagt.

Fíknisjúkdómar hafa lent utangarðs hjá heilbrigðiskerfinu okkar opinbera og eru nú að mestu leyti á könnu áhugamannasamtakanna SÁÁ. Þar hefur í gegnum tíðina safnast saman þekking, reynsla og geta sem hefur lyft grettistaki. Það þarf hins vegar að gera betur með því að skilja á milli unglinga og fullorðinna inni á Vogi og milli karla og kvenna. Það þarf að fjármagna bæði göngudeildarmeðferð og forvarnir, og ekki síst þarf að losna við biðlista. Það væri erfitt og kannski ókleift að byggja upp innan opinbera kerfisins viðlíka getu og er til staðar hjá SÁÁ.

Skynsamlegast væri af hinu opinbera að skilgreina þörfina fyrir meðferð á fíknisjúkdómum og forvarnir með aðstoð SÁÁ og fela þeim síðan sem verktaka heilbrigðiskerfisins að mæta þörfinni. Sá einkarekstur sem SÁÁ stundar hljómar eins og tónlist í eyrum gamla sósíalistans sem skrifar þessi orð og ég vona svo sannarlega að þú heyrir hana líka.




**Fíknisjúkdómar eru banvænustu sjúkdómar ungs fólks á Íslandi og samt finnst hinu opinbera eðlilegt að skammta meðferð við þeim á þann máta að ekkert slíkt þekkist miðað við aðra sjúkdóma. Sjúkratryggingar borga bara fyrir 1500 af þeim 2200 innlögnum sem eru á Vog á ári hverju. Hverjar eru röksemdirnar fyrir því, hæstvirtur heilbrigðisráðherra?**

Škodaðu verðið

Besta Škodaverðið

ŠKODA

Gríptu tækifærið og fáðu þér nýjan ŠKODA á besta verðinu strax í dag. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Škoda Octavia** Limo Ambition / 1.6 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

Besta **Škodaverðið 3.750.000 kr.**

Listaverð: 4.090.000 kr.

**Afsláttur**

**340.000 kr.**

**Škoda Superb** Combi Ambition / 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

Besta **Škodaverðið 4.750.000 kr.**

Listaverð: 5.230.000 kr.

**Afsláttur**

**480.000 kr.**





5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákveðnum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Strákar og kannabis – sérstök áhætta!



Skúli Magnússon
héraðsdómari

Á síðustu árum hefur svonefndum lögræðissviptingarmálum fjölgað umtalsvert fyrir héraðsdómi, en undir þessi mál fellur hvers kyns nauðungarvistun vegna geðsjúkdóma. Merkjanlegur hluti þessarar fjölgunar verður rakinn til mála ungra manna sem eru ekki einungis með fíknivanda heldur alvarlega geðræna erfiðleika á því stigi að nauðungarvistun um lengri tíma er talin nauðsynleg og fyrirsjáanlegt er að þeir þurfi meðferð og aðhlynningu alla sína ævi. Þessir strákar eiga það sameiginlegt að hafa byrjað reglulega neyslu kannabis ungir, yfirleitt 12-14 ára, og alvarlegur geðsjúkdómur hefur gert vart við sig þegar fyrir tvítugt. Raunar er sláandi hversu eitt mál er líkt því næsta m.t.t. neyslusögu og þróunar einkenna.

Í ríkissjónvarpinu voru fyrir nokkru sýndir heimildarþættir um eina yfirgripsmestu samanburðarrannsókn á mannlegri hegðun og þroska sem gerð hefur verið, kennd við bæinn Dunedin á Nýja-Sjálandi. Samkvæmt henni eru tengsl milli reglulegrar kannabisneyslu unglingsstráka og geðrofs snemma á fullorðinsárunum hafin yfir vafa. Ef ég man rétt var þar talið að tíundi hver strákur sem byrjaði reglulega neyslu kannabis fyrir 15 ára aldur þróaði með sér geðklofa, sem gengi ekki til baka þótt hætt væri neyslu! Þessar upplýsingar, sem studdar eru öðrum félagsfræðilegum og erfðafræðilegum rannsóknum, koma óþægilega heim og saman við það sem ég hef séð í starfi mínu.

Vita íslenskir strákar á aldrinum 11-15 ára hvaða áhættu þeir taka með því að prófa að reykja gras á þessum aldri? Eða heyra þeir e.t.v. bara kvabb um fikniefni án þess að átta sig á sérstökum hættueiginleikum kannabis fyrir þá? Hvað myndu þeir segja við því að yfirgnæfandi líkur séu á því að einn úr 10 manna vinahópi, sem reykir reglulega í dag, verði kominn inn á lokaða geðdeild fyrir tvítugt og eigi þaðan ekki afturkvæmt, hvort sem hann hættir að reykja eða ekki?

Það hlýtur að vera alger lágmarkskrafa að hver einasti íslenski strákur undir 15 ára aldri hafi verið vandlega upplýstur um þá sérstöku og óvenjulegu áhættu sem hann tekur með neyslu kannabisefna á þessu skeiði lífs síns. Er víst að þeirri kröfu sé fullnægt?

# Er heimafenginn baggi loftslagshollur?



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Við Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, áttum ágætt spjall um innflutning á ferskum búvörum í Víglínunni á Stöð 2 á dögunum. Sindri ræddi þar líka um innflutning á matvörum almennt, í samhengi við loftslagsmál. „Hollur er heimafenginn baggi. Við verðum bara að hugsa þetta upp á nýtt og reyna að framleiða sem allra mest af mat á Íslandi ... Af hverju ættum við ekki að nýta okkur það þegar við getum framleitt mest af þessu sjálf hérna heima næst markaðinum?“ spurði formaður Bændasamtakanna.

Það er rétt hjá Sindra að eitt af því sem við sem neytendur þurfum að hafa í huga þegar við ákveðum hvaða vörur við kaupum, er hvert kolefnisspor þeirra sé. Þáttur í því er hvað varan er flutt um langan veg – en það segir þó alls ekki alla söguna. Tökum tvö dæmi.

**Er það heimafengna augljóslega loftslagsvænt?**

Annað er framleiðsla íslenzks lambakjöts, sem er vissulega heimafengið og oftast frábær vara, en hefur umtalsverð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, eins og lesa má í skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands frá árinu 2016. Það er erfitt að setja nákvæma tölu á það, en þó auðvelt að lesa út úr skýrslunni að rýrnun landgæða vegna beitarálags losar bæði gífurlegt magn af gróðurhúsalofttegundum og skerðir getu landsins til að taka upp koltvísýring úr andrúmsloftinu. Þetta hlýtur að þurfa að taka með í reikninginn þegar fólk myndar sér skoðun á kolefnissporinu.

Hitt dæmið er af kjúklingakjöti. Blasir ekki við að kolefnisspor innlends kjúklingakjöts sé minna en innflutts? Ekki endilega. Íslenzkir kjúklingabændur ala fuglana nánast eingöngu á innfluttu fóðri, en kjúklingabændur í nágrannalöndunum þurfa iðulega ekki að sækja fóður um langan veg. Til að framleiða kíló af innlendu kjúklingakjöti þarf um tvö kíló af innfluttu fóðri. Með öðrum orðum þarf tvöfalt meiri flutninga til landsins til að framleiða kjúkling innanlands en ef keypt er kjúklingakjöt frá öðrum löndum.

Þessi dæmi eru ekki sett fram til að varpa neinni rýrð á ofangreindar búvörur eða framleiðendur þeirra, eingöngu til að sýna fram á að framleiðsluferlar í matvælaiðnaði geta verið flóknir, aðföngin komið víða að og áhrifin á losun gróðurhúsalofttegunda eru margvísleg. Það dugir neytandanum ekki að líta bara á upprunaland vörunnar til að mynda sér skoðun um kolefnissporið. Og að framleiða matinn á Íslandi stuðlar ekkert endilega að lausn loftslagsvandans.

> **„Ef öll ríki kæmust að þeirri niðurstöðu að þau ættu að framleiða matinn heima hjá sér og ekki kaupa hann frá útlöndum yrði íslenzka hagkerfið fyrir gífurlegu höggi.“**

**Góð hugmynd fyrir matvælaútflutningslandið Ísland?**

Við getum svo velt því fyrir okkur hvað það myndi þýða fyrir afkomu þjóðarbúsins ef sú hugsun yrði almennt ofan á um allan heim að borða sem allra mest af heimafengnum mat og flytja sem minnst inn, í þágu loftslagsmarkmiða.

Ísland er matarútflutningsland. Árið 2016 fluttu Íslendingar út mat fyrir um 248 milljarða króna. Þar af voru sjávarafurðir fyrir 231 milljarð og búvörur fyrir 17 milljarða. Þetta voru um 46% af heildarvöruútflutningi landsins það árið. Innflutningur á mat- og drykkjarvörum nam hins vegar 57,4 milljörðum króna. Ef öll ríki kæmust að þeirri niðurstöðu að þau ættu að framleiða matinn heima hjá sér og ekki kaupa hann frá útlöndum yrði íslenzka hagkerfið fyrir gífurlegu höggi. Og svo mikið er víst að við myndum aldrei torga sjálf öllum fiskinum sem við veiðum; til þess hefði hver íbúi á Íslandi þurft að borða 1,8 tonn af sjávarafurðum árið 2016.

**Við lifum á millirikjaviðskiptum með mat**

Íslenzka hagkerfið er lítið og fremur einhæft. Lega landsins gerir líka að verkum að við getum ekki framleitt mikið af mat og drykk sem okkur finnst sjálfsagður hluti af fæðuframboðinu, til dæmis nánast allt kornmeti, flesta ávexti, mikið af grænmeti, allt léttvín og þar fram eftir götunum. Ísland hefur öldum saman verið háð utanríkisviðskiptum með þessar vörur og verður það áfram.

Það sama á raunar í vaxandi mæli við um vörur sem hægt er að framleiða á Íslandi; við flytjum þær ekki bara inn til að fá meiri fjölbreytni í kæliborð búðanna heldur einfaldlega af því að innanlandsframleiðsla annar ekki eftirspurn. Þannig var um fjórðungur af innanlandsneyzlu á svína- og nautakjöti fluttur inn í fyrra. Sama má segja um ýmsar grænmetistegundir sem eru ræktaðar á Íslandi.

Það er góð hugmynd – og í raun bráðnauðsynlegt – að neytendur velti í auknum mæli fyrir sér kolefnisspori vörunnar, sem þeir kaupa. En í fyrsta lagi segir það ekki alla sögu um kolefnissporið, um hversu langan veg sjálf varan hefur verið flutt, heldur þarf líka að skoða uppruna aðfanganna sem þurfti til að framleiða hana. Í öðru lagi verða það áfram brýnir lífshagsmunir Íslendinga að milliríkjaviðskipti með mat séu sem frjálsust og auðveldust; hvort sem það er til að koma fiskinum okkar á erlenda markaði eða uppfylla innlenda eftirspurn með innflutningi á mat. Árangur Íslands í loftslagsmálum getur ekki byggzt á því að hverfa frá milliríkjaviðskiptum með mat – við lifum á þeim. Við getum hins vegar gert margt til að gera flutninga og framleiðsluferla umhverfisvænni.

# Stíflugarðar á við 10 og 12 hæða blokkir



Rósbjörg Jónsdóttir
formaður Landverndar

> **Meðal annars á að reisa stíflugarða sem verða á hæð við tíu og tólf hæða blokkir á heiði þar sem náttúran ræður nú ein ríkjum. Þannig yrði stór hluti Eyvindsfjarðarheiðar að risastóru uppistöðulóni sem myndi drekkja fjölmörgum stöðuvötnum og þurrka upp tugi fossa, þar á meðal Drynjanda sem er eitt stórbrotnasta vatnsfall Íslands.**

Birna Lárusdóttir, upplýsingafulltrúi Vesturverks, vakti athygli á því í grein á visir.is á dögunum að Náttúrufræðistofnun Íslands hefði lagt til friðlýsingu stórra svæða á norðanverðum Vestfjörðum í nágrenni við Drangajökul. Þetta er góð ábending sem ber að þakka Birnu fyrir. Mikilvægt er að sem flestir geri sér grein fyrir því hvað er í húfi ef áform um Hvalárvirkjun á þessu svæði ná fram að ganga.

Samkvæmt mati Skipulagsstofnunar verða áhrif Hvalárvirkjunar á landslag og víðerni verulega neikvæð. Framkvæmdirnar eiga að ná til eyðibyggða og hluta af víðáttumiklum óbyggðum fyrir vestan. Gert er ráð fyrir að reisa fimm stíflur, mynda fjögur lón, grafa skurði og göng, reisa stöðvarhús og leggja vegi. Þessu fylgir svo stórfelld efnistaka og flutningur á jarðvegi.

Þetta eru sem sagt gríðarlegar framkvæmdir. Meðal annars á að reisa stíflugarða sem verða á hæð við tíu og tólf hæða blokkir á heiði þar sem náttúran ræður nú ein ríkjum. Þannig yrði stór hluti Eyvindsfjarðarheiðar að risastóru uppistöðulóni sem myndi drekkja fjölmörgum stöðuvötnum og þurrka upp tugi fossa, þar á meðal Drynjanda sem er eitt stórbrotnasta vatnsfall Íslands.

Eðlilega var mat Skipulagsstofnunar á þessum framkvæmdum neikvætt. Það þarf mikla forherðingu til þess að ganga fram gagnvart náttúrunni með þessum hætti.

Birna lýsir í grein sinni áhyggjum yfir leikreglum lýðræðisins og nefnir rammaáætlun í því samhengi. Annaðhvort er Birna viljandi að reyna að afvegaleiða umræðuna eða veit ekki betur því þær leikreglur sem gilda um orkunýtingu á Íslandi eru nokkuð skýrar. Fyrir Birnu (og aðra sem eru ekki með þetta á hreinu) er rétt að rifja enn og aftur upp að þó landsvæði sé í nýtingarflokki rammaáætlunar þýðir það ekki að þar með sé komið framkvæmdaleyfi. Lögin gera sjónarmiðum umhverfisverndar hátt undir höfði á öllum stigum og engin ákvörðun um nýtingu felst í röðun svæðis í nýtingarflokk.

Það er hins vegar hárrétt hjá Birnu að mikilvægt er að fylgja leikreglum lýðræðisins. Um það snýst einmitt barátta Landverndar, að lögum og reglum sem gilda um orkunýtingu og náttúruvernd verði fylgt á öllum stigum og náttúrunnar gætt fyrir komandi kynslóðir. Í því samhengi má meðal annars hafa í huga að stöðuvötn og tjarnir í ákveðinni stærð ásamt fossum og nánasta umhverfi þeirra njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga. Áform um Hvalárvirkjun fara í bága við þau lög.

# Ég er sekur



Sverrir Björnsson
hönnuður

Ég vaknaði eitthvað svo lumbrulegur um daginn en skildi ekki strax hvað olli sterkri sektarkenndinni. Hef hingað til bara verið nokkuð góður, einna helst sekur um að hafa lægri hreinlætisþröskuld á heimilinu en konan mín. Það tók mig smá tíma að átta mig á hvað olli þrúgandi tilfinningunni en að lokum rann upp fyrir mér ljós.

**Ég ber ábyrgð á Hruninu!**

Í Silfrinu fyrir stuttu sagði Brynjar Níelsson alþingismaður um Hrunið: „Ég held að við höfum öll borið einhverja ábyrgð á þessu.“ Þetta kom flatt upp á mig. Vissulega sagði einn útrásarvíkingurinn á sínum tíma að við værum öll sek því við hefðum keypt flatskjá fyrir hrun en ég keypti ekki neinn flatskjá. Hef haldið síðan að ég væri saklaus, en nú hefur annað komið í ljós.

Á 10 ára afmæli Hrunsins ber það hæst að við berum öll ábyrgð á því. Já, öll nema einn. Æðsti yfirmaður fjármálakerfisins fyrir hrun, Davíð Oddsson, er sá eini okkar sem er saklaus. Það er mikið gleðiefni að eitt okkar hafi sloppið undan ábyrgð á hruninu. Það kostaði okkur ekki nema 10 milljónir að fá háskólaprófessorinn Hannes Hólmstein Gissurarson til að hreinsa manninn. Frábært að eitt okkar slapp en líklega er of kostnaðarsamt að fá prófessorinn til að hreinsa hvert og eitt okkar. Það myndi kosta 3.400 milljarða og taka 1.360.000 ár.

> **Á 10 ára afmæli Hrunsins ber það hæst að við berum öll ábyrgð á því. Já, öll nema einn. Æðsti yfirmaður fjármálakerfisins fyrir hrun, Davíð Oddsson, er sá eini okkar sem er saklaus.**

**Geirfinnsmálið er líka mín sök**

Annað sem hvílir þungt á mér þessa dagana er að ég ber víst líka ábyrgð á Geirfinnsmálinu. Þó taldi ég ungmennin aldrei sek, kom ekkert að málinu eða pyndingum á þessu unga fólki. Það kom því eins og köld vatnsgusa þegar þingkonan Halla Signý Kristjánsdóttir sagði í Vikulokunum: „Það er bara þjóðin öll sem þarf að biðjast afsökunar á þessu.“ Þar hefur maður það og þungbært er það.

**Komið bara með þetta allt**

Samsektarstefið sem kyrjað er á hrunafmælinu hefur oft heyrst á umliðnum árum. Það er sagt samfélagsmein að enginn á Íslandi gangist við ábyrgð og það leiði til spillingar í stjórnmálum, stjórnsýslu og atvinnulífi sem hamli framþróun og sé okkur dýrkeypt.

Ef ábyrgð skilar okkur betra samfélagi þá skal ég bara taka hana. Ég er hvort sem er að hruni kominn með fyrrnefnd stórmál á bakinu og get því alveg eins tekið restina: Skattsvik Sigmundar Davíðs í embætti forsætisráðherra, skýrslufeluleik fjármálaráðherra Bjarna Benediktssonar fyrir kosningar, lögbrot dómsmálaráðherra Sigríðar Á. Andersen, týndu stjórnarskrána, eyðileggingu félagslega húsnæðiskerfisins, Orkuveituhúsið, lögbannið á Stundina og, og, og, og… braggann.

Nú þurfa ábyrgðardreifararnir ekki lengur að drita sökinni yfir alla þjóðina. Það verður yndislegt fyrir ykkur að byggja nýtt Ísland, án ábyrgðar.

# Ofurskattar á láglaunafólki



**Ólafur Ísleifsson**
alþingismaður og formaður þingflokks Flokks fólksins

Opinberar upplýsingar frá ASÍ og OECD sýna að láglaunafólk og barnafjölskyldur hafi farið illa út úr skattbreytingum á þessari öld. Í ítarlegri greinargerð um jöfnuð í skattkerfinu sem dr. Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur vann fyrir Flokk fólksins og er aðgengileg á vef Alþingis, segir hann að skattbyrði láglaunafólks hafi á tímabilinu 2000-2017 hækkað langt umfram aðra viðmiðunarhópa og setur fram dæmi. Eitt dæmið er að skattbyrði einstæðs foreldris á lágum tekjum, 67% af meðallaunum, með tvö börn hafi hækkað um 274%. Annað dæmi er að skattbyrði hjóna með eina fyrirvinnu á meðallaunum og tvö börn hafa hækkað um 82%. Segir í skýrslu Hauks að þetta hljóti að vera stjórnmálalegt og stjórnsýslulegt slys. Sömu gögn leiða í ljós að skattbyrði á hæstu tekjur hefur lækkað á tímabilinu.

**Stjórnsýslulegt miskunnarleysi**

Meðferðina á öryrkjum og eldri borgurum í skerðingum bóta, lágu frítekjumarki, þyngingu á skattbyrði á fólk sem reynir í krafti sjálfsbjargarviðleitni að bæta hag sinn með aukinni vinnu, mætti nefna stjórnsýslulegt miskunnarleysi. Að öryrkjar og um 14.000 eldri borgarar megi ekki vinna sér til bjargar frá sárustu fátækt er óskiljanlegt og til skammar fyrir stjórnvöld, sem hafa komið þessum skerðingum á og neita um leiðréttingu, þrátt fyrir skýlaus og staðfest loforð um annað.

**Skattleysi á lægstu tekjur**

Höfundur þessarar greinar hefur með stuðningi annarra þingmanna Flokks fólksins og tveggja þingmanna Miðflokksins lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um að mánaðartekjur einstaklinga undir 300.000 kr. verði undanþegnar skattgreiðslum.

Markmið tillögunnar er að jafna skattbyrði milli tekjulágra og þeirra sem hafa háar tekjur þannig að þeir sem hafa tekjur undir 300.000 kr. verði undanþegnir skatti. Þau skattfrelsismörk samsvara 106.387 kr. persónufrádrætti. Um tvöföldun á núverandi skattleysismörkum er að ræða, en þau hafa ekki fylgt launavísitölu frá 1988. Hefðu þau gert það, væri persónufrádrátturinn nálægt þeim, sem lagt er til.

Til framfærslu þarf einstaklingur 223 þúsund krónur á mánuði að dómi stjórnvalda eins og sjá má á vefsíðu velferðarráðuneytisins. Þetta er án húsnæðis svo að því meðtöldu dugar ekki minna en um 320 þúsund krónur á mánuði til að lifa fyrir þann einstakling.

**Framkvæmd nýrrar stefnu**

Gerð er tillaga um að setja skattkerfinu ný markmið með nýrri stefnu. Réttur sé af mismunur á skattbyrði tekjuhárra og tekjulágra og jafnframt tekist á við að lyfta ráðstöfunartekjum lægstu launa að framfærslumörkum. Til þess að mæta kostnaði að hluta við þessa breytingu er lagt til að persónufrádráttur verði stiglækkandi eftir því sem tekjur eru hærri og falli alveg niður við 970 þús. kr. Í tillögunni er miðað við að vendipunktur lækkaðra og hækkaðra skatta verði við 562.000 kr. Skattar hækka smám saman frá þeirri upphæð með hækkandi tekjum uns skattahækkunin nær 53.895 kr. á mánuði, þegar tekjur eru komnar í 970 þúsund kr.

Tillagan eykur ráðstöfunartekjur um 70% skattgreiðenda. Hin nýju skattleysismörk nýtast best þeim sem eru með 300.000 kr. í mánaðarlaun. Ráðstöfunartekjur þeirra hækka um 21,6%, eða um 51.225 kr. á mánuði. Ef miðað er við alla skattgreiðendur á árinu 2017 var helmingur þeirra með tekjur undir 400 þús. kr. og hinn helmingurinn með tekjur yfir því marki. Einungis 10% skattgreiðenda höfðu 800 þús. kr. eða meira í tekjur og 4% yfir 970 þús. kr.

**Kostnaður ríkissjóðs og sveitarfélaga**

Kostnaður ríkissjóðs vegna þessara breytinga yrði aðeins um 3,5 milljarðar vegna tilfærslu á skattbyrði. Hins vegar yrði kostnaðarauki sveitarfélaga nálægt 31,4 milljarðar kr. Þennan kostnað má bera saman við tillögu Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu kosningar um að lækka neðra þrep tekjuskattsins um tæp 2% niður í 35%. Þessi tillaga miðar ekki að bættum hag hinna lægst launuðu. Í skýrslu Hauks Arnþórssonar kemur fram að kostnaður við tillögu Sjálfstæðisflokksins gæti numið um 24 milljörðum kr. Minna má á að tekjur opinberra aðila hækka líklega um 45 milljarða kr. frá 2017 til 2019 vegna hækkaðra tekna skattgreiðenda, áætlað um 32 milljarða kr. hjá ríkinu og um 13 milljarða kr. hjá sveitarfélögum. Eðlilegt væri að hluti þessarar tekjuaukningar hjá ríkissjóði væri notaður til millifærslu til sveitarfélaga og þannig komið til móts við kostnað þeirra af þeirri þingsályktunartillögu sem hér hefur verið gerð grein fyrir.




**Skattleysismörkin skv. tillögunni nýtast best þeim sem eru með nálægt 300.000 kr. í mánaðarlaun. Ráðstöfunartekjur hækka um 51.225 kr.**



VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
BL

# Svakalegt hvað strákarnir eru að gera á þessum aldri núna

Íslenska karlandsliðið í handbolta hefur leik í undankeppni EM 2020 þegar það mætir Grikklandi í Laugardalshöll í kvöld. Hafnfirðingarnir Gísli Þorgeir Kristjánsson og Aron Pálmarsson eru klárir í slaginn. Aron hefur hrifist af því sem hann hefur séð af Gísla og öðrum ungu leikstjórnendum íslenska landsliðsins.

**HANDBOLTI** Gísli Þorgeir Kristjánsson leikur væntanlega sinn fyrsta keppnisleik fyrir íslenska landsliðið í kvöld. Andstæðingurinn er Grikkland. Gísli er kominn á ferðina á nýjan leik eftir að hafa verið frá vegna meiðsla sem hann varð fyrir í úrslitakeppni Olís-deildarinnar síðasta vor. Hann kveðst ánægður með fyrstu mánuðina í herbúðum þýska stórliðsins Kiel.

„Ég missti nánast af öllu undirbúningstímabilinu og svo fyrstu leikjunum. En ég er orðinn heill og fæ alltaf fleiri og fleiri mínútur. Ég lít líka á allar æfingar sem leiki. Þar mæti ég heimsklassa leikmönnum," sagði Gísli í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann segir að dvölin hjá Kiel hafi staðist allar hans væntingar og gott betur.

„Þetta er eiginlega betra en ég bjóst við. Maður gerði sér ekki alveg grein fyrir því hversu stór handboltinn er þarna. Það er alltaf full höll," sagði Gísli sem er einn þriggja kornungra leikstjórnenda í íslenska landsliðshópnum.

Hann sjálfur er 19 ára, Elvar Örn Jónsson 21 árs og Haukur Þrastarson 17 ára. Þeir njóta stuðnings sér eldri og reyndari manna, eins og Arons Pálmarssonar sem fór líkt og Gísli ungur að árum frá FH til Kiel. Aroni hefur mikið álit á ungu leikstjórnendunum í íslenska hópnum.

„Mér líst mjög vel á þá. Þeir líta mjög vel út, bæði hvað varðar líkamlega þáttinn og skilning á leiknum. Það sem þeir eru að gera á þessum aldri er hrikalega flott. Þeir eru komnir langt og ef þeir halda áfram á þessari braut þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því að vera með lélegt landslið í framtíðinni," sagði Aron sem er tilbúinn gefa góð ráð og vera yngri leikmönnunum innan handar.

„Ég er ekki gamall en búinn að vera lengi úti og í landsliðinu. Auðvitað miðlar maður af reynslunni til strákanna og reynir að hjálpa til. En ég hugsa líka um sjálfan mig og það sem er best fyrir liðið," sagði Aron.

Hann segir að Ísland sé með sterkara lið en Grikkland og liðið ætti að vera með tvö stig eftir leikinn í kvöld. Leikurinn gegn Tyrklandi ytra á sunnudaginn gæti hins vegar reynst snúinn.

„Fyrirfram eigum við að vinna þessa leiki. Þetta er skyldusigur á móti Grikkjum. Við vitum reyndar lítið um þá en erum á heimavelli og viljum byrja vel. Útileikurinn gegn Tyrklandi gæti orðið erfiður og þetta er krefjandi verkefni," sagði Aron að endingu. **ingvithor@frettabladid.is**


Hafnfirðingarnir Gísli og Aron munu vera í lykilhlutverki hjá íslenska landsliðinu næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Ef þeir halda áfram á þessari braut þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því að vera með lélegt landslið í framtíðinni.**
>
> Aron Pálmarsson

# Tekur oft lengri tíma að vinna með varnarleikinn

**HANDBOLTI** „Ég hlakka til að takast á við þetta. Við höfðum bara tvær æfingar og þetta er ótrúlega stuttur tími. Það þarf að vinna gríðarlega vel," sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, í samtali við Fréttablaðið um undirbúninginn fyrir leikinn gegn Grikklandi í undankeppni EM 2020.

Guðmundur leggur mikla áherslu á varnarleikinn að þessu sinni.

„Við þurfum að ná varnarleiknum í gang. Það tekur oft lengri tíma að vinna með hann því vörnin er svo mismunandi hjá félagsliðunum sem leikmennirnir leika með. Það er hver með sína útgáfu en liðin eru oft að spila sömu kerfin í sókninni. Það þarf að ná samhæfingu og aðferðafræðinni," sagði Guðmundur.

„Síðan ég tók við hefur sóknarleikurinn verið mjög góður en varnarleikurinn misjafn. Hann var ekki góður í seinni leiknum gegn Litháen en skárri í þeim fyrri. Við eigum enn þá talsvert í land í varnarleiknum."

Gríska liðið er ekki hátt skrifað og fyrirfram er það íslenska miklu sigurstranglegra. En Guðmundur hefur aldrei lagt það í vana sinn að vanmeta andstæðinga sína. Hann segist þó aðeins renna blint í sjóinn hvað Grikki varðar.

„Það er svolítið erfitt að átta sig á styrkleika þeirra. Liðið þeirra er í mótun og mér finnst ekki auðvelt að segja hvar þeir standa og hvar við stöndum gagnvart þeim. Það er ómögulegt að giska á það. Við þurfum bara að undirbúa okkur vel og vera faglegir í okkar nálgun," sagði Guðmundur.

Landsliðsþjálfarinn hefur fylgst vel með gangi mála í Olís-deildinni enda eru sex leikmenn í íslenska hópnum að spila hér á landi.

„Ég hef horft mikið á Olís-deildina og það hafa verið margir frábærir leikir. Liðin eru auðvitað missterk. Selfoss hefur staðið sig einna best á meðan lið eins og Haukar og Valur hafa misstigið sig," sagði Guðmundur. Þrír landsliðsmenn, Elvar Örn Jónsson, Haukur Þrastarson og Ágúst Birgisson, voru í eldlínunni þegar Selfoss vann FH, 27-30, í frábærum leik á laugardaginn var.

„Haukur og Elvar voru mjög góðir og Ágúst átti einn sinn besta leik í vetur. Hann nýtti færin sín vel og sýndi góða takta," sagði Guðmundur að lokum. **- iþs**


Guðmundur segir mönnum til á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nýjast

**Olís-deild kvenna**

**Selfoss - Haukar 25-27**

**Selfoss:** Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 12, Perla Ruth Albertsdóttir 5, Hulda Dís Þrastardóttir 3, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 2, Sarah Boye Sörensen 1, Kristrún Steinþórsdóttir 1, Katla Magnúsdóttir 1.
**Haukar:** Maria Ines Silva Pereira 7, Turið Arge Samuelsen 5, Berta Rut Harðardóttir 4, Karen Helga Díönudóttir 3, Ragnheiður Ragnarsdóttir 2, Ragnheiður Sveinsdóttir 2, Rakel Sigurðardóttir 2, Ramune Pekarskyte 1, Hekla Rún Ámundadóttir 1.

**Meistaradeild Evrópu**

**E-riðill**

**AEK Aþena - B. München 0-2**
0-1 Javi Martínez (61.), 0-2 Robert Lewandowski (63.).

**Ajax -Benfica 1-0**
1-0 Noussair Mazraoui (90+2.).

**Staðan:** Ajax 7, Bayern München 7, Benfica 3, AEK Aþena 0

**F-riðill**

**Shakhtar - Man. City 0-3**
0-1 David Silva (30.), 0-2 Aymeric Laporte (35.), 3-0 Bernando Silva (71.).

**Hoffenheim - Lyon 3-3**
0-1 Bertrand Traore (27.), 1-1 Andrej Kramaric (33.), 2-1 Kramaric (47.), 2-2 Tanguy Ndombele (59.), 2-3 Memphis Depay (67.), 3-3 Joelinton (90+2.).

**Staðan:** Manchester City 6, Lyon 5, Hoffenheim 2, Shakhtar Donetsk 2

**G-riðill**

**Real Madrid - V. Plzen 2-1**
1-0 Karim Benzema (11.), 2-0 Marcelo (56.), 2-1 Patrik Hrosovsky (79.).

**Roma - CSKA Moskva 3-0**
1-0 Edin Dzeko (30.), 2-0 Dzeko (43.), 3-0 Cengiz Under (50.).

**Staðan:** Real Madrid 6, Roma 6, CSKA Moskva 4, V. Plzen 1

**H-riðill**

**Young Boys - Valencia 1-1**
0-1 Michy Batsuayi (26.), 1-1 Guillaume Hoarau (55., víti).

**Man. Utd. - Juventus 0-1**
0-1 Paulo Dybala (17.)

**Staðan:** Juventus 9, Manchester United 4, Valencia 2, Young Boys 1.

# Fimmti leikurinn gegn Grikkjum

**HANDBOLTI** Karlalandslið Íslands og Grikklands hafa fjórum sinnum áður mæst. Íslendingar hafa unnið tvo leiki, Grikkir einn og einu sinni hefur orðið jafntefli.

Íslendingar og Grikkir voru saman í riðli í undankeppni HM 1997. Ísland vann leik liðanna í KA-heimilinu, 32-21. Seinni leikurinn í Aþenu endaði með jafntefli, 20-20.

Ísland og Grikkland mættust í vináttulandsleik í Kolindros í lok maí 2002. Guðmundur Guðmundsson var þá við stjórnvölinn hjá íslenska liðinu sem vann þriggja marka sigur, 28-25.

Guðmundur stýrði Íslandi einnig þegar liðið mætti Grikklandi í vináttulandsleik í Aþenu í maí 2004. Grikkir unnu leikinn 25-23. **- iþs**

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. október 2018

39. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL






# Uppbyggingu í ferðaþjónustu fer að ljúka

Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri Jáverks, segir að eðli verkefna í byggingariðnaðinum hafi breyst frá síðasta ári. Gríðarleg uppbygging í ferðaþjónustu síðustu ár sé langt komin og henni ljúki brátt þar sem erfiðara sé að fjármagna stór verkefni í greininni. Þá telur Gylfi að stjórnvöld, atvinnurekendur og launþegar geti sameinast um stórfellda uppbyggingu á íbúðarhúsnæði í komandi kjaraviðræðum. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



»2

## Rúmlega helmingshlutur í HS Orku til sölu

Kanadíska fyrirtækið Innergex kannar nú sölu á 53,9 prósenta hlut sínum í HS Orku. Á meðal eigna þess er 30 prósenta hlutur í Bláa lóninu.

»4

## Laun hækkað almennt hraðar en tekjur

Launakostnaður 15 skráðra félaga hefur vaxið umfram tekjur frá 2015. Forstjóri Origo segir það áframhaldandi verkefni að leita leiða til hagræðingar. Svigrúm fyrirtækja til að mæta launahækkunum takmarkað.

»10

## Virkum fjárfestum á fjármálamarkaði fækkar

„Minnkandi hlutfall erlendra fjárfesta hefur þannig dregið úr hlutfalli virkra fjárfesta á markaðnum, samhliða því sem stórir innlendir fjárfestar hafa dregið úr viðskiptum sínum,“ segir Ragnar Dyer, framkvæmdastjóri Júpiter, í aðsendri grein.




Frjáls fjölmiðlun rekur meðal annars DV. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hlutafé Frjálsrar fjölmiðlunar aukið um 90 milljónir króna

Hlutafé Frjálsrar fjölmiðlunar, rekstrarfélags DV, var aukið um 90 milljónir króna fyrr í mánuðinum og nemur nú alls 120,5 milljónum króna.

„Þetta er eitthvað sem var alltaf stefnt að. Að það þurfti að auka hlutafé og lækka skuldirnar,“ segir Sigurður G. Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður og eigandi Frjálsrar fjölmiðlunar, í samtali við Markaðinn. Aðspurður segir hann félagið áfram vera í sinni eigu í gegnum eignarhaldsfélagið Dalsdal.

Þetta er í annað sinn á árinu sem hlutafé Frjálsrar fjölmiðlunar er aukið en Viðskiptablaðið greindi frá fyrri hlutafjáraukningunni, þegar 30 milljónir króna voru lagðar í félagið, í febrúar síðastliðnum.


**Sigurður G. Guðjónsson, eigandi Frjálsrar fjölmiðlunar.**

Frjáls fjölmiðlun hóf sem kunnugt er rekstur í september í fyrra þegar félagið keypti fjölmiðla Pressusamstæðunnar, til að mynda DV, Pressuna, Eyjuna, Bleikt og 433.is. Samkvæmt ársreikningi félagsins nam tap þess 43,6 milljónum króna á þeim fjórum mánuðum sem það var starfandi á síðasta ári.

Í lok ársins átti félagið eignir upp á tæpar 529 milljónir króna, þar af óefnislegar eignir að virði 470 milljónir króna, en skuldirnar voru á sama tíma 542 milljónir króna. Stærsta skuldin er við eigandann, Dalsdal, upp á 425 milljónir króna sem samkvæmt ársreikningnum á að greiðast til baka á næstu fjórum árum, 85 milljónir króna á ári. Eigið fé Frjálsrar fjölmiðlunar var því neikvætt um ríflega 13 milljónir króna í lok síðasta árs. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is




# Tugmilljarða hlutur í HS Orku til sölu

**Kanadíska orkufyrirtækið Innergex kannar nú sölu á 53,9 prósenta hlut sínum í HS Orku. Formlegt söluferli hófst fyrr í þessum mánuði. Á meðal eigna HS Orku er 30 prósenta hlutur í Bláa lóninu. BMO og Stöplar hafa umsjón með sölunni.**

Kanadíska orkufyrirtækið Innergex hefur ákveðið að bjóða til sölu tæplega 54 prósenta eignarhlut sinn í HS Orku. Formlegt söluferli hófst um miðjan þennan mánuð, samkvæmt heimildum Markaðarins, en gróflega áætlað gæti virði hlutarins verið í kringum þrjátíu milljarðar króna. Á meðal eigna fyrirtækisins er 30 prósenta hlutur í Bláa lóninu.

Innergex eignaðist hlutinn í HS Orku í byrjun þessa árs þegar það gekk frá kaupum á öllu hlutafé kanadíska orkufélagsins Alterra. HS Orka er þriðji stærsti raforkuframleiðandi landsins og jafnframt eina orkufyrirtækið á Íslandi sem er í eigu einkafjárfesta.

Fram kemur í fjárfestakynningu vegna söluferlisins, sem Markaðurinn hefur undir höndum og ber heitið Project Thor, að áætlaður hagnaður HS Orku fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) á árinu 2019 sé 31 milljón Bandaríkjadala, jafnvirði um 3,7 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að EBITDA félagsins muni hins vegar nærri tvöfaldast og verða um 60 milljónir dala á árinu 2023.

Ráðgjafar Innergex í söluferlinu eru kanadíski bankinn Bank of Montreal og íslenska ráðgjafarfyrirtækið Stöplar Advisory, en framkvæmdastjóri og annar eigandi þess er Jón Óttar Birgisson.

Aðrir hluthafar HS Orku eru samlagshlutafélagið Jarðvarmi, sem er í eigu fjórtán íslenskra lífeyrissjóða, með 33,4 prósenta hlut og fagfjárfestasjóðurinn ORK með 12,7 prósenta hlut. Svissneska fjárfestingarfélagið DC Renewable Energy gekk frá kaupum á hlut ORK í byrjun þessa mánaðar en hefur hins vegar ekki frágengin þar sem enn er beðið eftir því hvort stjórn Jarðvarma muni nýta sér forkaupsrétt sinn að hlutnum.

DC Renewable Energy AG er í eigu


HS Orka á og rekur orkuver í Svartsengi og á Reykjanesi.

60

**milljónir Bandaríkjadala er áætlað að HS Orka skili í EBITDA árið 2023.**

Bretans Edmunds Truell sem hefur lengi unnið að því að koma á sæstreng á milli Íslands og Bretlands. Breskt systurfélag þess er Atlantic SuperConnection sem hefur síðustu ár unnið að fjölmörgum greiningum á fýsileika þess að leggja sæstreng á milli Íslands og Bretlands. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur svissneska fjárfestingafélagið áhuga á að bæta enn frekar við hlut sinn í HS Orku og kaupa rúmlega helmingshlut Innergex í félaginu. Sem væntanlegur hluthafi í HS Orku mun félagið hafa forkaupsrétt að þeim hlut komi til þess að hann verði seldur en samkvæmt samþykktum HS Orku hafa hluthafar, að félaginu sjálfu frágengnu, forkaupsrétt að hlutum í fyrirtækinu við eigendaskipti í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

Á meðal eigna HS Orku er sem fyrr segir 30 prósenta hlutur í Bláa lóninu en í fjárfestakynningunni kemur fram að gert sé ráð fyrir 1,4 milljónum gesta í lónið á árinu 2019 og að þeir muni greiða að meðaltali um 52 evrur, jafnvirði um sjö þúsund króna á núverandi gengi, hver í aðgangseyri. Eignarhlutur fyrirtækisins í Bláa lóninu var settur í söluferli um miðjan maí á síðasta ári og var það sjóður í stýringu Blackstone, eins stærsta fjárfestingarsjóðs heims, sem átti hæsta tilboðið, eða um 11 milljarða króna. Ekkert varð hins vegar af sölunni eftir að stjórn Jarðvarma ákvað að beita neitunarvaldi sínu, á grundvelli hluthafasamkomulags um minnihlutavernd, og hafna tilboðinu.

Hagnaður HS Orku, sem á og rekur orkuver í Svartsengi og á Reykjanesi, í fyrra nam 4.588 milljónum króna og jókst um liðlega 1.500 milljónir á milli ára. Þá jukust rekstrartekjur um 430 milljónir og voru rúmlega 7.530 milljónir á árinu 2017. Heildareignir HS Orku námu 48,4 milljörðum í árslok 2017 og eigið fé félagsins var um 35,5 milljarðar. **hordur@frettabladid.is**

## Telja rannsókn Samkeppniseftirlitsins ólögmæta

Lyf og heilsa gerir margvíslegar athugasemdir við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samrunamáli apótekakeðjunnar og Apóteks MOS í Mosfellsbæ og telur að hlutlægnisskylda, rannsóknarregla og jafnræðisregla stjórnsýslulaga hafi verið fótum troðnar. Áskilur keðjan sér sérstaklega rétt til þess að hafa uppi skaðabætur vegna þess tjóns sem hún telur að málsmeðferðin hafi leitt til.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í bréfi sem stjórnendur Lyfja og heilsu skrifuðu Samkeppniseftirlitinu 11. október síðastliðinn. Eftirlitið ógilti sem kunnugt er kaupin í síðustu viku en það var niðurstaða þess að samruni umræddra apóteka myndi valda viðskiptavinum þeirra verulegu samkeppnislegu tjóni. Telja má víst að ákvörðunin verði kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Í bréfaskriftum Lyfja og heilsu og Samkeppniseftirlitsins kemur meðal annars fram að apótekakeðjan telji einsýnt að rannsókn málsins hafi ráðist af fyrirfram mótaðri afstöðu eftirlitsins til kaupanna, þar sem gögn sem ekki henti málatilbúnaði þess hafi verið hunsuð.

„Lyf og heilsa telur ljóst að frummat Samkeppniseftirlitsins byggi á rannsókn þar sem vísvitandi hafi verið litið fram hjá raungögnum sem félagið hafi þó ítrekað vakið athygli á. Telji félagið liggja í augum uppi að


Samkeppniseftirlitið ógilti í síðustu viku kaup apótekakeðjunnar Lyfja og heilsu á Opnu ehf. sem rekur Apótek MOS í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Meðferð málsins virðist án fordæma sé litið til annarra samrunamála sem Samkeppniseftirlitið hefur úrskurðað í nýlega.**

Úr bréfi Apóteks MOS til Samkeppniseftirlitsins

væri hlutlægni gætt við rannsóknina, blasi það við að samruninn sé ekki til þess fallinn að raska samkeppni,“ segir í bréfi Lyfja og heilsu.

Stjórnendur Apóteks MOS eru jafnframt ósáttir við framgöngu Samkeppniseftirlitsins og segja í bréfi til eftirlitsins að „meðferð málsins virðist án fordæma sé litið til annarra samrunamála sem Samkeppniseftirlitið hefur haft til meðferðar og úrskurðað í nýlega“.

Í bréfi Apóteks MOS er jafnframt rakið að eigandi apóteksins sé kominn á eftirlaunaaldur og eigi eftir þrjú ár af starfsaldri sínum sem lyfsöluleyfishafi.

Til þess að liðka fyrir kaupunum lagði Lyf og heilsa til að Apótek MOS yrði rekið í svo til óbreyttri mynd til tveggja ára en Samkeppniseftirlitið taldi sáttatillöguna ekki duga til þess að eyða samkeppnishamlandi áhrifum kaupanna. **– kij**

# BESTU LÚXUSJEPPARNIR ERU FRÁ VOLVO

### VOLVO XC60 AWD
## HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti bíllinn hjá EURO NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.
Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaefnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.290.000 kr.
XC60 AWD T8 tengitvinn verð frá: 8.890.000 kr.

### VOLVO XC90 AWD
## MARGVERÐLAUNAÐUR LÚXUSJEPPI

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti bíllinn og öruggasti stóri jeppinn af Euro NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggis-stofnuninni (IIHS).
Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengitvinn verð frá: 10.190.000 kr.

### VOLVO XC40 AWD
## BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2018

Það eru breyttir tímar.
Meira er ekki lengur allt.
Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft.
Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstraprófunum Euro NCAP.
Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá 6.290.000 kr.
XC40 AWD bensín verð frá 6.690.000 kr.



MADE BY SWEDEN

**Komdu og skoðaðu þessa frábæru verðlaunajeppa í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

### Launakostnaður sem hlutfall af EBITDA

■ 2015 ■ 2016 ■ 2017 ■ Fyrri helmingur 2018




### Launakostnaður sem hlutfall af tekjum

■ 2015 ■ 2016 ■ 2017 ■ Fyrri helmingur 2018

*Launakostnaður sem hlutfall af hagnaði




# Laun hækkað almennt hraðar en tekjur

**Launakostnaður fimmtán skráðra félaga hefur vaxið umfram tekjur á síðustu fjórum árum. Forstjóri Origo segir það áframhaldandi verkefni að leita leiða til hagræðingar. Seðlabankinn segir óljóst hve mikið svigrúm fyrirtæki hafi til þess að mæta launahækkunum.**

Launakostnaður skráðra félaga hefur almennt vaxið hraðar en tekjur og rekstrarhagnaður félaganna frá árinu 2015, samkvæmt athugun Markaðarins. Athugunin leiðir í ljós að hlutfall launakostnaðar af tekjum fimmtán félaga sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar hefur hækkað á undanförnum fjórum árum en á sama tíma hefur launakostnaður tólf skráðra félaga vaxið umfram rekstrarhagnað þeirra.

Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, segir að til lengdar geti ekkert atvinnulíf staðið undir viðlíka launahækkunum og sést hafa undanfarin ár.

Finnur Oddsson, forstjóri Origo, segir að það verði „áframhaldandi verkefni á næstunni“ að leita leiða til hagræðingar.

Seðlabanki Íslands tekur fram í nýju riti um fjármálastöðugleika að „óljóst“ sé hversu mikið svigrúm fyrirtæki hafi til hagræðingar til þess að mæta launahækkunum.

„Hagnaður fyrirtækja hefur vaxið á síðustu árum en verulega hefur hægt á vextinum og vísbendingar eru um að draga muni úr hagnaði þeirra á árinu. Stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins eru almennt svartsýnni nú en þeir hafa verið undanfarin ár og fleiri en áður búast við því að hagnaður verði minni í ár en í fyrra,“ segir jafnframt í riti Seðlabankans.

Launakostnaður í atvinnulífinu hefur hækkað skarpt á undanförnum árum en samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands námu launahækkanir 26,8 prósentum frá júlí 2015 til júlí 2018. Á sama tímabili hækkaði raungengi á mælikvarða launa um meira en 50 prósent sem þýðir að launakostnaður á Íslandi hækkaði um meira en 50 prósent umfram launakostnað keppinauta erlendis.

Hærri launakostnaður hefur þrýst á verðhækkanir og hafa ýmsir þjónustuliðir, eins og þeir eru skilgreindir af Hagstofunni, hækkað um tugi prósenta í verði á undanförnum þremur árum. Eru það síður vinnuaflsfrekar atvinnugreinar sem ráða við miklar launahækkanir en sem dæmi hækkaði verð á hótel-, póst- og heimilisþjónustu á bilinu 23 til 27 prósent frá ágúst 2015 til ágúst 2018.

**Ólík launaþróun erlendis**

Ari segir að frá því í maí 2015 og fram í júlí 2018 hafi vegið meðaltal samningsbundinna launahækkana hjá Mjólkursamsölunni numið yfir 40 prósentum. „Ég held að það þurfi ekki að hafa mörg orð um að ekkert atvinnulíf stendur undir slíkri þróun til lengdar.

**Eðlilega hefur þessi kostnaðarauki mikil áhrif á okkar rekstur og hefur afkoma undanfarna fjórðunga verið undir væntingum.**



Finnur Oddsson, forstjóri Origo

**Það verður að staldra við og ná andanum áður en lengra er haldið í einhverjum stórkostlegum breytingum.**



Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar.

**27%**

**voru launahækkanir frá júlí 2015 til júlí 2018.**

Og það er alveg ljóst að þessi þróun er í engu samræmi við það sem tíðkast í löndunum í kringum okkar,“ nefnir hann og bendir meðal annars á að raungengi krónunnar hafi hækkað verulega undanfarin ár sem skaði samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Finnur bendir á að hjá Origo hafi heildarkostnaður vegna launa og tengdra gjalda aukist umtalsvert á undanförnum árum í takti við kjarasamningsbundnar hækkanir og almenna launaþróun.

„Eðlilega hefur þessi kostnaðarauki mikil áhrif á okkar rekstur og hefur afkoma undanfarna fjórðunga verið undir væntingum. Við höfum því leitað leiða til að hagræða í okkar rekstri, meðal annars í launakostnaði, og er ljóst að það verður áframhaldandi verkefni okkar á næstunni,“ nefnir Finnur.

Ari segir að af fyrirliggjandi kröfugerðum verkalýðsfélaganna megi ráða að margir telji næga innistæðu fyrir framhaldi á launaþróun síðustu ára. „Það er ekkert launungarmál að ég tel það af og frá. Það er útilokað. Það verður að staldra við og ná andanum áður en lengra er haldið í einhverjum stórkostlegum breytingum.“

Hann segist binda vonir við að deilendur setjist saman og fari betur yfir þau gögn sem liggja fyrir. „Maður trúir ekki öðru en að kjarasamningar verði byggðir á einhverjum forsendum þar sem menn fara yfir tölur og bera saman bækur sínar. Það hlýtur að vera mikið eftir af þeirri vinnu miðað við hvað mikið ber í milli í orðræðunni,“ segir Ari.

Hann segir ekki síður mikilvægt við þessar aðstæður – þar sem boginn hafi verið spenntur til hins ítrasta – að stjórnvöld líti til þess hvað þau geti gert til þess að laga starfsumhverfi atvinnulífsins til þess að auðvelda fyrirtækjum að standa undir kostnaðarhækkunum.

„Þegar pressan er svona mikil er aldrei mikilvægara að fyrirtæki fái að hagræða og að ekki séu lagðar á atvinnugreinar frekari íþyngjandi byrðar nema brýna nauðsyn beri til. Krónurnar koma úr sama vasa að þessu leytinu til.

Kröfur sem auka kostnað í rekstri fyrirtækja, hverju nafni sem þær nefnast, draga úr getu fyrirtækja til þess að standa undir hækkandi launakostnaði.“

hordur@frettabladid.is,
kristinningi@frettabladid.is




# Gildi í hóp stærstu hluthafa Arion

Gildi – lífeyrissjóður hefur keypt liðlega 1,2 prósenta eignarhlut í Arion banka og fer nú með um 1,8 prósenta hlut í bankanum. Er hlutur lífeyrissjóðsins metinn á ríflega 2,8 milljarða króna miðað við núverandi gengi bréfa bankans.

Lífeyrissjóðurinn átti 0,65 prósenta hlut í Arion banka í kjölfar hlutafjárútboðs bankans í júní síðastliðnum, að því er fram hefur komið í Markaðinum. Sjóðurinn bætti nýverið við hlut sinn og er nú áttundi stærsti hluthafi bankans.

Breski vogunarsjóðurinn Attestor Capital seldi fyrr í mánuðinum hátt í 1,3 prósenta eignarhlut í Arion banka og á nú 7,33 prósenta hlut í bankanum, samkvæmt nýjasta uppfærða hluthafalista hans, dagsettum 16. október. Vogunarsjóðurinn hefur nú selt um 2,1 prósent af hlutafé bankans eftir að bankinn var skráður á hlutabréfamarkað í júní og yfir 5 prósenta hlut frá því í vor. Eins og greint var frá í Markaðinum í síðustu viku hafa sjóðir á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins aukið lítillega við hlut sinn í bankanum í haust en þeir fara nú með samanlagt 1,78 prósenta hlut.



Arion banki var skráður á hlutabréfamarkað í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**9%**

**er lækkun á hlutabréfaverði Arion banka undanfarinn mánuð.**

Gengi hlutabréfa í Arion banka stóð í 78,7 krónum eftir lokun markaða í gær og er tæplega átta prósentum hærra en útboðsgengi bréfanna þegar bankinn var skráður á markað. Bréfin hafa lækkað um níu prósent í verði undanfarinn mánuð. – kij

HP PageWide

# Ný kynslóð prentara



**Afköst**

Mikil afköst
og hámarks uppitími

**Lágt blaðsíðuverð**

Ódýrari litaprentun
og frábær prentgæði

**Öryggi**

Varnir gegn árásum
og reglulegar uppfærslur

**Umhverfisvænir**

Minni hylki, minna rusl
og margfalt minni orkunotkun
en í laserprenturum

## HP PageWide fjölnotaprentarar Öruggir, snjallir og afkastamiklir

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýju HP Pagewide Pro prenturunum sem byggja á byltingarkenndri prenttækni HP.



**95%** minni
rekstrarvara og úrgangur
en ef um sambærilega
laserprentara væri
að ræða.

## Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

*nánar tilgreint í samningi.

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is




Gylfi segist vona að meiri skynsemi sé komin í hagstjórnina á Íslandi og að það hafi verið ástæðan að baki því að stjórnvöld hafa haldið að sér höndum í uppbyggingu síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Stórfelld uppbygging sameini fylkingar

Framkvæmdastjóri Jáverks segir að uppbyggingu í ferðaþjónustu sé að ljúka þar sem erfiðara sé orðið að fjármagna stór verkefni. Þá telur hann að ákall um stórfellda uppbyggingu íbúða geti sameinað fylkingar í þeirri kjaradeilu sem vofir yfir vinnumarkaðinum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Síðustu ár hafa verið ágæt í takt við uppsveifluna í byggingariðnaðinum en þetta er fljótt að koma og fljótt að fara enda er engin atvinnugrein jafn sveiflukennd. Það koma mögur ár og þá er gríðarlega mikilvægt fyrir fyrirtæki í þessum bransa að hafa mikið og gott eigið fé til þess að takast á við sveiflurnar,“ segir Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri og einn eigenda Jáverks, í viðtali við Markaðinn. Hann nefnir í þessu samhengi að fyrir fjármálahrunið 2008 hafi um 15.000 manns starfað í mannvirkjageiranum. Sá fjöldi hafi síðan skroppið saman í nánast ekkert á einum degi. „Það er dýrt að reka fyrirtæki sem þarf að vera eins og harmóníka.“

Jáverk hefur skilað hagnaði öll ár frá stofnun fyrir utan eitt. Hagnaður fyrirtækisins tvöfaldaðist á árinu 2017 þrátt fyrir að tekjur hefðu dregist saman um 12 prósent, eða úr sex milljörðum króna í 5,3 milljarða. Spurður hvort hann finni mun á umsvifum í byggingariðnaðinum í heild sinni á árunum 2017 og 2018 segist Gylfi ekki hafa fundið fyrir miklum samdrætti en eðli verkefnanna sé að breytast.

„Sú gríðarlega uppbygging í ferðaþjónustunni sem hefur átt sér stað á síðustu árum er langt komin og ég tel að henni sé að ljúka. Það er orðið erfiðara að fjármagna stór verkefni í greininni. Á móti kemur að sveitarfélög eru byrjuð að fjárfesta í skólum og öðrum innviðum í auknum mæli eins og þörf hefur verið á. Svo eru fram undan verkefni hjá ríkinu sem hefur varla byggt hús mjög lengi,“ segir Gylfi og bætir við að hann telji það hafa verið skynsamlega stefnu hjá stjórnvöldum.

„Gamla hagstjórnin á Íslandi var alltaf þannig að ríki og sveitarfélög mögnuðu sveiflurnar með því að bæta í meðan á uppsveiflu stóð og skera alveg niður í niðursveiflum í stað þess að nota opinberar framkvæmdir til sveiflujöfnunar. Ég vona að það sé komin meiri skynsemi í hagstjórnina og að það hafi verið ástæðan að baki því að stjórnvöld hafa haldið að sér höndum. Það er auk þess mun hagstæðara fyrir stjórnvöld að framkvæma með þeim hætti.“

> **Það eru margir sem átta sig ekki á því hversu mikil áhrif gengið hefur á byggingariðnaðinn. Það er nánast ekkert annað íslenskt byggingarefni en mölin í steypunni og því hafa gengissveiflur samdægurs brein áhrif á byggingarkostnað.**
>
> Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri Jáverks



Jáverk lauk í ár við stórfellda uppbyggingu fyrir Bláa lónið sem fól m.a. í sér byggingu lúxushótels. MYND/ANTON BRINK

## Blanda af viðskiptaviti og tækniviti

Gylfi réði sig hjá verktakafyrirtæki eftir stúdentspróf og vann þar í sjö ár. Þá hóf hann viðskiptafræðinám við Háskólann á Bifröst og eftir það lá leiðin út í mastersnám í fjármálum í Edinborg. Þegar Gylfi kom heim úr námi vann hann meðal annars sem fjármálastjóri hjá stóru verktakafyrirtæki í fjögur ár og árið 2004 keypti hann Jáverk ásamt viðskiptafélaga sínum, Guðmundi B. Gunnarssyni húsasmíðameistara. Síðan þá hafa tveir starfsmenn bæst við eigendahópinn.

„Ég hef ólíkan bakgrunn miðað við marga aðra í þessum geira og það hefur hjálpað til. Verktakafyrirtækjum hefur jafnan verið stýrt af húsasmíðameisturum eða tæknimenntuðum einstaklingum sem er gott og gilt en við höfum haft öðruvísi nálgun með því að blanda saman tækniviti og viðskiptaviti. Það hefur til dæmis komið sér vel þegar við erum að fara yfir tilboð. Við vinnum mikið í hópavinnu og það er alltaf kostur þegar það koma ólík sjónarmið á hlutina.“

# FÓLK
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 24. OKTÓBER 2018



Fagurlagaðir eða óvenjulegir kaktusar setja mikinn svip á umhverfið og að þeim er mikil prýði. Kaktusar eru réttu plönturnar fyrir þá sem ekki hafa græna fingur. →4

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.






Bára Magnúsdóttir, verkstjóri hjá A. Smith, og Björn Þór Heiðdal, verslunarstjóri Rúmföt.is, sem selur rúmföt frá framleiðendum á heimsvísu. MYND/SIGTRYGGUR

# Allir eiga skilið að sofa í frábærum rúmfötum

Björn Þór Heiðdal er mikill áhugamaður um gæðarúmföt allt frá því að hann starfaði í þvottahúsi A. Smith þegar hann var strákur. Nú hefur hann opnað verslunina Rúmföt.is sem selur hágæða rúmföt á góðu verði. →2



Verslunin er rúmgóð og björt og auðvelt að finna óskarúmfötin.



Úrvalið er fjölbreytt, bæði í efnum og litum, og ættu allir að geta fundið rúmföt við sitt hæfi.



Björn segir Íslendinga eiga skilið að sofa betur og að gæðarúmföt geti átt stóran þátt í því.



Í versluninni er mikið úrval af sérvöldum rúmfötum með fallegum mynstrum.

Allir eiga skilið að sofa í frábærum rúmfötum úr allra bestu satín- og damaskefnum sem framleidd eru,“ segir Björn Þór Heiðdal, verslunarstjóri Rúmföt.is, sem er ný rúmfataverslun við Nýbýlaveg 28 í Kópavogi. Verslunin sérhæfir sig í hágæða lúxusrúmfötum á góðu verði. „Við seljum tilbúin rúmföt frá Ítalíu, Þýskalandi og Kína. Einnig flytjum við inn efni til að sauma úr og við erum með frábæra saumakonu sem saumaði meðal annars fyrir Fatabúðina þegar hún var og hét.“

Það má segja að Rúmföt.is sé arftaki Fatabúðarinnar og Versins að einhverju leyti eða eins og Björn orðar það: „Þegar þessar tvær rúmfatabúðir hættu starfsemi var erfiðara fyrir fólk að fá gæðarúmföt á Íslandi.“ Hann segir að gæði skipti höfuðmáli þegar kemur að því að velja rúmföt inn í verslunina. „Ég spyr aldrei hvað sé ódýrt, bara hvað er það besta. Sumir sætta sig við 200 þræði en ég vil það flottasta, 300 til 600 þræði úr bestu fáanlegu efnum. Sængurföt eru fremur áhugamál en bissness í mínum huga og því reyni ég að hafa álagningu í lágmarki. Verðið á rúmfötunum er því ekki hátt miðað við gæðin,“ segir Björn sem telur fólk hugsa allt of lítið út í í hverju það sefur. „Fólk virðist spara við sig þegar kemur að rúmfötum en þeir sem kynnast almennilegum gæðum snúa ekki til baka. En það má ekki gleyma því heldur að verð er ekkert endilega mælikvarði á gæði. Það þýðir lítið að fara inn í einhverja verslun og kaupa dýrustu rúmfötin þar. Mögulega ertu bara að kaupa álagningu.“

Með tilkomu Rúmföt.is er hægt að kaupa himnesk rúmföt frá allra bestu og vönduðustu vefurum Ítalíu, til að mynda frá Quagliotti sem vefur dúka og sængurföt fyrir bresku drottninguna og sum flottustu lúxushótel í heimi. Fyrir rúmum 12 árum ákvað Hotel Ritz í París að bjóða gestum sínum upp á rúmföt frá Quagliotti eftir ítarlega leit að bestu rúmfötum í heimi. Hótel eins og The Mark í New York, MGM í Macau, The Peninsula í Hong Kong, Armani í Milanó og 101 Reykjavík bjóða gestum sínum líka upp á Quagliotti rúmföt.

**”Sængurföt eru fremur áhugamál en bissness í mínum huga og því reyni ég að hafa álagningu í lágmarki. Verðið á rúmfötunum er því ekki hátt miðað við gæðin.**

Áhugi Björns á rúmfötum á rætur að rekja til Þvotthúss A. Smith sem afi hans, Adolf Smith, stofnaði árið 1946 en Björn hefur unnið í þvottahúsinu og meðhöndlað rúmföt frá því hann man eftir sér. „Ég veit hvernig góð rúmföt eiga að líta út og hvernig þau eru viðkomu,“ segir hann og bætir við: „Það er alveg ótrúlegt hvað margir Íslendingar eiga léleg rúmföt og ástandið hefur versnað eftir að Verið og Fatabúðin hættu rekstri. Það er eins og fólk viti ekki hvernig gæðarúmföt eiga að vera.“ Þessu vill Björn breyta því hann segist ekki þola að meðhöndla léleg rúmföt og alveg sérstaklega ekki léleg rúmföt sem kosta mikið.

Rúmföt.is selur ekki bara vönduð rúmföt heldur einnig borðdúka og skrautleg viskustykki frá Frakklandi. Einnig leggur Björn mikla áherslu á að sinna hótelum og litlum gistiheimilum. „Við flytjum inn mjög vönduð hótelrúmföt beint frá framleiðendum í Kína og einnig erum við með servéttur og borðdúka frá Króatíu fyrir hótel og veitingastaði.“

Í tilefni af opnun verslunarinnar Rúmföt.is er sérstakt opnunartilboð í gangi næstu daga þar sem lak og koddaver fylgir keyptum sængurfötum. Það borgar sig því að kíkja á Nýbýlaveginn og skoða fjölbreytt vöruúrvalið.

Verslunin á Nýbýlavegi verður opin frá 12-18 virka daga og 11-15 um helgar. Nánari upplýsingar má finna á www.rumfot.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# HAUSTÚTSALA

# 30-50%

afsláttur af völdum vörum

Sendum frítt út á land!



# Kaktusar til skrauts

**Fagurlagaðir eða óvenjulegir kaktusar setja mikinn svip á umhverfið og að þeim er mikil prýði. Kaktusar eru réttu plönturnar fyrir þá sem ekki hafa grænar fingur.**



Hér setja kaktusar skemmtilegan svip á stofuna. MYNDIR/NORDIC-PHOTOS/GETTY

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Kaktusar taka sig vel út hvort sem er í eldhúsglugganum, á stofuhillunni, skrifborðinu eða vinnustaðnum. Þeir þurfa almennt litla umhirðu, sem mörgum finnst mikill kostur. Kaktusar þurfa fremur mikla birtu til að þrífast sem best en þá má einnig setja á skuggsælan stað yfir vetrartímann. Þegar þeir eru settir í birtu á ný þarf að gæta þess að setja þá ekki beint í sterka sólina heldur venja þá smám saman við breytt umhverfi.

Aðeins þarf að vökva kaktusa af og til, jafnvel eftir minni, og gæta þess að þeir standi ekki í vatni. Sumar gerðir af kaktusum þarf ekki að vökva svo vikum skiptir og þeir mega þorna vel á milli þess sem vökvað er.

## Langlífar plöntur

Almennt lifa kaktusar lengi og vaxa fremur hægt. Margar gerðir blómstra fagurlega og gleðja þá eigandann með skærlitum blómum. Oft blómstra kaktusar að næturlagi. Hæsta kaktustegundin getur náð allt að nítján metrum þar sem hún vex í heimkynnum sínum í Ameríku. Minnsta gerðin er hins vegar aðeins einn sentimetri að hæð, fullvaxin.

## Dagblöð við umpottun

Þegar blómapotturinn er orðinn of lítill eða moldin algjörlega næringarsnauð þarf að umpotta en það getur verið á tveggja til þriggja ára fresti. Best er að umpotta snemma vors til dæmis í mars eða apríl.

Þegar kemur að því að umpotta kaktusa þarf að hafa varann á því margar tegundir hafa afar beittar nálar sem ekki er gott að stinga sig á. Í þeim tilfellum er hægt að vefja nokkrum lögum af dagblöðum utan um plöntuna til að ná góðu taki á henni þegar hún er losuð úr pottinum. Gott er að vera í þykkum garðhönskum við verkið.

Hafa þarf í huga að kaktusa á ekki að setja í of stóran pott. Því er ráð að setja þá í aðeins stærri pott við hverja umpottun. Kaktusar þrífast vel í jarðvegi sem er léttur og blandaður vikri en þannig kemst vatnið vel að rótunum. Potturinn þarf að sjálfsögðu að vera hreinn þegar plantan er sett í hann. Þegar kaktusinn er kominn í nýjan pott er gott að gefa honum vatn eftir um það bil þrjá daga.



Gott er að vefja dagblöðum utan um kaktusa við umpottun til að stinga sig ekki á beittum nálum.



Kaktusar þurfa ekki mikla vökvun og þeir halda oftast lífi þótt það gleymist að gefa þeim vatn svo vikum skiptir.



# Jafnrétti

**Kynningar:** Jafnréttisstofa, BSI, Íslenska gámafélagið, CenterHotels, VIRK, Attentus, Ráður, Vöxtur, Pósturinn, Lyfja, Capacent, Coca-Cola á Íslandi

MIÐVIKUDAGUR 24. OKTÓBER 2018



## Mátum okkur í lagarammann

Katrín Björg Ríkarðsdóttir er nýr framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu. Hún segir mikilvægt að landsmenn uppgötvi glæný lög sem eigi að koma á og viðhalda jafnrétti innan og utan vinnumarkaðarins. →2

MYND/SIGTRYGGUR ARI

**Framhald af forsíðu ➪**

Jafnréttismál hafa fylgt mér í áratugi. Ég fór snemma að hafa áhuga á þeim og það sem mótaði mig var að alast upp á tímum þegar Kvennalistinn kom sterkur inn og Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti, fyrst kvenna í heiminum. Að hafa svo sterkar fyrirmyndir í kvennabaráttu hafði mikil áhrif á unglingsstelpur upp úr 1980 og þetta var mikil bylting. Í kjölfarið fylgdu miklar samfélagsbreytingar og boltinn fór að rúlla af stað.“

Þetta segir Katrín Björg Ríkarðsdóttir, sem tók við sem framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu í desember 2017.

„Jafnréttismál hafa verið stór partur af mínu daglega lífi frá því ég var ráðin ein af fyrstu starfsmönnum nýstofnaðrar Jafnréttisstofu árið 2000. Ég er því komin aftur á upphafsreitinn og finnst frábært að fá tækifæri til að sökkva mér í málaflokk sem mér finnst skipta svo miklu í samfélaginu. Brýnast finnst mér að horfa á samhengi hlutanna. Sem dæmi, ef við tökum fyrir launajafnrétti þurfum við líka að horfa á kynjaskiptingu á vinnumarkaði og hlutverkaskiptingu á heimilum, hvað ríki og sveitarfélög bjóða í skólavist og frístund, sem og fæðingarorlof og bil á milli orlofs og skóla, áreitni og ofbeldi. Allt hangir það saman í stóra samhenginu og ef við ætlum að laga einn hlut þurfum við einnig að horfa á þann næsta. Stundum finnst mér yfirsýnina hafa vantað og kannski eðlilega því það sem hrópar hæst nær athyglinni fyrst en það er svo ótal margt fleira sem þarf að skoða,“ segir Katrín.

## Vilji löggjafans er skýr

Jafnréttisstofa annast stjórnsýslu á sviði jafnréttismála.

„Fyrstu almennu jafnréttislögin voru sett á Íslandi árið 1976, í kjölfar kvennafrídagsins 1975. Þá var mikill þrýstingur frá kvennahreyfingunni að tekin yrðu áberandi skref og ríkið tæki fast á jafnréttismálum. Lögin hafa svo verið endurskoðuð með reglulegu millibili til að standast tímans tönn og hafa haft mikil áhrif. Það skiptir sköpum að vera með skýra löggjöf í jafnréttismálum og sýnir vilja löggjafans um að hér sé málum vel háttað,“ segir Katrín og bendir einnig á athyglisverð lög um launajafnrétti frá árinu 1961.

„Þá átti launataxti karla og kvenna að verða sá sami og átti að kippa málum í lag á fáeinum árum þótt nú 57 árum síðar sé enn verið að mismuna kynjum í launum. Þegar kafað er í launagreiningar kemur í ljós að ótal margt spilar inn í launamisréttið; vinnutími kynjanna er ólíkur, vinnumarkaðurinn er kynjaskiptur og horfa þarf til fleiri samverkandi þátta. Því er gott að vera nú komin með enn ítarlegri lög og á hreint hver vilji löggjafans er.“

## Einstakt á heimsvísu

Jafnréttislög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru nú á leið í heildarendurskoðun. Nýlega bættist við ákvæði um að fyrirtæki og stofnanir fái úttekt á jafnlaunakerfi sínu í samræmi við íslenskan jafnlaunastaðal við 19. grein sem fjallar um launajafnrétti.

„Við eigum íslenskan jafnlaunastaðal sem var þróaður í samvinnu stjórnvalda, stéttarfélaga og samtaka aðila á vinnumarkaði og átti upphaflega að vera valfrjáls en það lýsir gríðarlegum metnaði löggjafans að hafa nú ákveðið að gera hann að lagaskyldu,“ segir Katrín.

„Landslög um að fyrirtæki öðlist jafnlaunavottun er mikið nýmæli og hefur vakið gríðarlega athygli. Það er einstakt á heimsvísu að fyrirtæki og stofnanir séu skyldug til að innleiða jafnlaunastaðal. Í jafnréttislögum eru líka heimildir til að beita fyrirtæki dagsektum og verður horft til þeirra ef fyrirtæki skila jafnréttisáætlunum ekki inn eða sinna því ekki að fá vottun samkvæmt jafnlaunastaðli,“ segir Katrín.



Katrín Björg segir nú allt þurfa að vera uppi á borðum sem útskýrir launamismun kynjanna. MYND/SIGTRYGGUR ARI

> **Landslög um að fyrirtæki öðlist jafnlaunavottun er mikið nýmæli og hefur vakið gríðarlega athygli. Það er einstakt á heimsvísu að fyrirtæki og stofnanir séu skyldug til að innleiða jafnlaunastaðal.**

Ein af forsendum þess að innleiða vottun jafnlaunastaðals er að jafnréttisáætlun fyrirtækja sé í samræmi við gild jafnréttislög. Jafnréttisáætlanir fyrirtækja og stofnana ná til lagagreina sem lúta að vinnumarkaði; launajafnrétti, lausum störfum, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni.

„Til að byrja með eiga stærstu fyrirtækin, með 250 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, að hafa öðlast jafnlaunavottun fyrir lok árs 2018 en í næsta holli verða það fyrirtæki með 150-249 starfsmenn og svo koll af kolli þar til árið 2021 að smæstu fyrirtækin, með 25-89 starfmenn, eiga að hafa öðlast þessa vottun. Með því er ábyrgð atvinnurekenda gerð mjög skýr og munum við á Jafnréttisstofu leggja áherslu á það, en einnig ýmislegt fleira, eins og fræðslu og samstarf við hagsmunasamtök og atvinnulíf til að koma þessum málum í gott horf,“ segir Katrín.

## Gegnsætt og uppi á borðum

Íslenski jafnlaunastaðallinn leggur áherslu á að til séu málefnalegar útskýringar á öllu; góðar lýsingar á störfum, starfagreiningar og að ljóst sé fyrir hvað verið er að greiða laun.

„Nú þarf að vera uppi á borðum hvað útskýrir launamismun kynjanna. Það mun kalla á aukið gegnsæi og tækifæri til að hafa góða launaáætlun og gott launakerfi þar sem ekkert er falið. Þegar fyrirtæki kynnir starfsfólki niðurstöður á að tryggja að þær gefi nægjanlegar upplýsingar til að hægt sé að meta hvernig launastefnan reynist,“ upplýsir Katrín.

Sérstakar vottunarstofur munu hafa eftirlit með jafnlaunavottun fyrirtækja og stofnana.

„Þær munu skoða öll skjöl sem lúta að jafnlaunamálum, taka út hvort um launamun sé að ræða eða ekki, og aðstoða fyrirtæki við að grípa til ráðstafana ef launamunur er fyrir hendi. Þegar fyrirtækin hafa svo fengið jafnlaunavottun kemur Jafnréttisstofa til skjalanna með því að halda skrá yfir fyrirtæki sem fengið hafa vottun en jafnlaunavottun þarf að endurnýja á þriggja ára fresti. Jafnframt veitum við fyrirtækjum heimild til að nota sérstakt jafnlaunamerki. Margir aðilar koma að þessu nákvæma og vandasama verki og fara fram árlegar úttektir til að auðvelda fyrirtækjum að standa við áætlanir sínar,“ segir Katrín.

„Það þarf skýra og góða heildarsýn yfir launamál landsmanna, enda höfum við séð að starfsmenn eru ánægðari ef þeir vita og hafa sönnun fyrir því að komið sé jafnt fram við starfsmenn og þeir hafa ekki á tilfinningunni að þeim sé mismunað. Það skilar sér í bættri líðan starfsmanna og auknu vinnuframlagi.“

## Óheimilt að brjóta á fólki

Jafnréttisstofu var falin framkvæmd tveggja glænýrra laga hinn 1. september síðastliðinn.

Katrín segir samfélagið eiga eftir að uppgötva nýju lögin.

„Þetta eru lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, og svo lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu,“ útskýrir Katrín og sér fram á mörg ný og spennandi verkefni í uppsiglingu.

„Mikil þörf var á þessum lögum sem eru viðbrögð við tilskipun Evrópusambandsins og óhætt að segja að þau séu mikill styrkur fyrir íslenska mannréttindalöggjöf. Á Íslandi er nokkuð löng hefð fyrir markvissu jafnréttisstarfi og við komum ansi vel út úr alþjóðlegum samanburði.“

Því sé brýnt að almenningur átti sig á því að nú séu loksins til lög sem styðja við jafnrétti á víðari hátt en áður.

„Ný lög um jafna meðferð á vinnumarkaði geta komið á ólíkan hátt við vinnumarkaðinn. Þannig snertir jöfn meðferð vegna aldurs mögulega vinnumarkaðinn öðruvísi en fötlun eða kynvitund. Það verða örugglega fjölmargar ólíkar upplifanir og nálganir sem snerta nýju lögin en þau snúa meðal annars að aðgengi fólks að störfum, ráðningum og framgangi í starfi, að aðgengi fólks að náms- og starfsráðgjöf og klárlega að launum, starfskjörum og uppsögnum. Því verður mjög gagnlegt fyrir samfélagið að máta sig inn í lagarammann og átta sig á að vinnuveitendur bera ábyrgð og að það er óheimilt samkvæmt lögum að mismuna fólki beint og óbeint. Nú er loks kominn formlegur farvegur fyrir víðari skilgreiningu jafnréttis og leið til að fólk fái aðstoð til að átta sig á hvort mál þeirra heyri undir þessi lög og hvernig það getur borið sig að til að fá aðstoð og ráðgjöf.“

Lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna gilda í samfélaginu utan vinnumarkaðsins.

„Þau eiga að koma á og viðhalda jafnrétti meðal einstaklinga utan vinnumarkaðarins og ná meðal annars til auglýsinga, um vörukaup og þjónustu, bann við mismunun í skólum og uppeldisstofnunum. Lögin eru svo glæný að við erum ekki enn farin að sjá á hvaða svið mun mest reyna en við ætlum að eiga gott samtal við hagsmunasamtök, fjölmenningarsamtök og víðar til að vera í góðu samstarfi og koma á framfæri upplýsingum. Jafnrétti í íslensku samfélagi er nefnilega ekki lengur bundið við jafnrétti kynjanna eingöngu því með fjölmenningarlegu samfélagi hefur okkur opnast sýn á að ólíkt fólk er að mörgu leyti samt svo líkt og að öll erum við að fást við það sama, viljum geta notið okkar og haft tækifæri til að gera það sem okkur langar mest og getum best.“

Nánari upplýsingar á jafnretti.is, á netfanginu jafnretti@jafnretti.is og í síma 460 6200.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is




Guðjón Kristinsson er sölu- og markaðsstjóri BSI á Íslandi og Jenný Dögg Björgvinsdóttir er úttektarstjóri. MYND/EYÞÓR

# Jafnlaunavottun styrkir ímynd fyrirtækja og stofnana

**Góður undirbúningur skiptir miklu máli fyrir innleiðingu jafnlaunakerfis hjá fyrirtækjum og stofnunum. BSI á Íslandi er faggild skoðunarstofa sem hefur vottað samkvæmt ÍST 85:2012 jafnlaunastaðlinum hér á landi undanfarin ár og er um leið brautryðjandi í vottun jafnlaunakerfa.**

BSI á Íslandi er faggild skoðunarstofa sem hefur m.a. verið brautryðjandi í vottun á ÍST 85:2012 jafnlaunastaðlinum hjá fyrirtækjum og stofnunum hér á landi. Fyrirtækið er jafnframt umboðsaðili BSI Group sem er leiðandi aðili í sérfræðiþjónustu til stofnana og fyrirtækja um allan heim, þ. á m. vegna vottunar á ýmsum stjórnkerfum og CE-merkingar á búnaði.

Að sögn Guðjóns Kristinssonar, sölu- og markaðsstjóra BSI á Íslandi, er tilgangur jafnlaunavottunar fyrst og fremst sá að fyrirtæki og stofnanir komi upp kerfi sem á að tryggja að jöfn laun séu greidd fyrir jafn verðmæt störf. „Í því felst að framkvæmd er fagleg og hlutlaus úttekt á stjórnunarkerfi þeirra, m.a. að fyrirtækið hafi skjalfesta jafnréttisáætlun, jafnlaunastefnu og hafi sett sér jafnlaunaviðmið til að verðmeta störfin.“

> **Það sem hefur kannski breyst í þessu er að aðilar eru að átta sig á að þetta nær lengra en bara á milli kynja, þetta er jafnrétti fyrir alla launþega.**

## Undirbúningur mikilvægur

Fyrirtæki og stofnanir sem vilja sækja um jafnlaunavottun geta gert það gegnum vef BSI á Íslandi eða hringt á skrifstofuna, segir Guðjón. „Það er mjög algengt að aðilar mæti á námskeið hjá okkur til að undirbúa sig fyrir innleiðingu jafnlaunakerfisins. Vel undirbúnum fyrirtækjum og stofnunum gengur almennt betur að innleiða jafnlaunakerfi og standast kröfur staðalsins.“

## Tveggja þrepa úttekt

Eftir að sótt er um vottun jafnlaunakerfis fer af stað sérstakt ferli en fyrsta skref er að finna úttektardaga sem henta fyrirtækinu. „Úttektinni er skipt í tvö þrep. Í fyrsta stigs úttekt er umgjörð kerfisins skoðuð en í seinni úttektinni er farið dýpra og virkni jafnlaunakerfisins er sannreynd. Eftir að lokaúttekt hefur verið framkvæmd og mælt hefur verið með vottun, fær viðkomandi fyrirtæki eða stofnun vottunarskírteini frá okkur og öðlast rétt til að fá jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins. Skírteinið gildir í þrjú ár í senn, með viðhaldsúttektum sem eru framkvæmdar einu sinni á ári.“




**Jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins gildir í þrjú ár í senn með viðhaldsúttektum sem eru framkvæmdar einu sinni á ári.**

## Mikil reynsla

BSI á Íslandi hefur öðlast mikla reynslu í jafnlaunavottun og verið brautryðjandi í vottun jafnlaunakerfa á Íslandi. „Við hófum þessa starfsemi snemma árs 2013, fyrst í samstarfi við VR, og voru fyrstu fyrirtækin vottuð 16. apríl sama ár. Áður en reglugerðin um jafnlaunavottun var sett fram fengu fjölmörg fyrirtæki VR-vottun jafnlaunakerfis. Þessar úttektir voru einnig samkvæmt kröfum ÍST 85:2012.“ Hann segir að hrósa beri sérstaklega þeim fyrirtækjum og stofnunum sem sóttust eftir jafnlaunavottun áður en slíkt varð lögfest. „Þessum fyrirtækjum þótti mikilvægt að sýna fram á að þau greiddu sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Það sem hefur kannski breyst í þessu er að aðilar eru að átta sig á að þetta nær lengra en bara á milli kynja, þetta er jafnrétti fyrir alla launþega.“

## Betri yfirsýn

Guðjón segir að almennt megi segja að fyrirtæki og stofnanir hafi tekið verkefnið föstum tökum og unnið þessa vinnu vel. „Óháð kyni og öðrum breytum í jafnlaunakerfinu eiga starfsmenn að geta treyst því að jöfn laun séu greidd fyrir jafnverðmæt störf. Reynslan sýnir að með virku jafnlaunakerfi verður ákvörðunartaka um launamál starfsmanna skýrari og gegnsærri. Vel uppsett jafnlaunakerfi gefur stjórnendum betri yfirsýn yfir þá hæfni sem krafist er í hverju starfi og tæki til að meta hvort þeir sem sinna þeim störfum og sambærilegum störfum fái greitt samkvæmt því. Jafnlaunavottun getur bæði bætt starfsanda og styrkt ímynd fyrirtækja og stofnana.“

# Ennþá mikil vinna fyrir höndum

**Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, segir að það sé enn mikill munur á stöðu kynjanna. Hann segir að umræðan um jafnréttismál sé stutt á veg komin og það eigi eftir að koma í ljós hvaða áhrif MeToo hefur.**

Konur sitja ekki við sama borð og karlar á Íslandi, segir Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, og í tölfræðilegri samantekt á stöðu kynjanna hér á landi sést skýrt hve ólík og ójöfn staða kynjanna er enn á mörgum sviðum. Tryggvi segir að umræðan í tengslum við jafnréttismál reynist fólki enn þá erfið, jafnvel þó það sé meðvitað um umfang vandamálsins, og það muni taka þjóðina tíma að komast í gegnum þá erfiðu en nauðsynlegu umræðu sem sé hafin. Hann segir að MeToo-vakningin hafi vakið athygli á stærð vandamálsins, en í bili hafi hún litlu breytt.

### Konur hafa um 60% af heildartekjum karla

Eitt af því sem Jafnréttisstofa gerir er að taka saman tölulegar upplýsingar um stöðu kynjanna, sem birtast í árlegum bæklingi sem kallast „Konur og karlar á Íslandi“. Þar sést tölfræðileg samantekt á ýmsum hlutum sem bera vitni um valdahlutföll kynjanna og stöðu þeirra í íslensku samfélagi.

„Þessar tölur eru til þess að fylgjast með stöðu og þróun jafnréttismála í samfélaginu. Við höfum gert það með tvennu móti, við höfum tekið saman tölur sjálf og svo höfum við unnið yfirlitsbækling í samvinnu við Hagstofu Íslands sem hefur nýst mjög vel í samtölum okkar við bæði nemendur, stofnanir og fyrirtæki til að benda á að staða kynjanna er ólík á mörgum sviðum,“ segir Tryggvi. „Það er viðvarandi munur á stöðu karla og kvenna þegar kemur að þátttöku í mismunandi tegundum af atvinnu og námsleiðum og enn þá, í aðgengi að ákvarðanatöku í samfélaginu í gegnum áhrifastöður.

„Við höfum líka skoðað mun á heildartekjum kynjanna, sem koma að vísu ekki fram í nýjasta bæklingnum. Það er mikilvægt að ræða þær, ekki bara skýrðan launamun kynjanna,“ segir Tryggvi. „Heildartekjur segja til um hversu mikla möguleika kynin hafa til þess að afla sér hvers konar tekna, hvort heldur sem er í gegnum bótakerfi eða launaða vinnu. Þar sjáum við að karlar standa mun betur en konur, sem eru að jafnaði með um 60% af heildartekjum karla.

Ýmsar tölur sýna ójafnrétti mjög skýrt, en svo eru auðvitað líka tölur þarna um atvinnuþátttöku og hlutfall á þingi og í sveitarstjórnum sem gefa okkur von um að við séum á réttri leið í jafnréttismálum,“ segir Tryggvi.




Tryggvi Haraldsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, segir að það séu skýr merki um ójafnrétti á Íslandi og það eigi eftir að koma í ljós hvaða áhrif MeToo hefur.

### Umræðan stutt á veg komin

„Jafnréttislög kveða á um bann við kynferðislegri áreitni og kynbundnu áreiti og ofbeldi en við erum eina stofnunin sem hefur það hlutverk að vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi. Við höfum gert það núna síðustu ár í gegnum Evrópuverkefnið „Byggjum brýr, brjótum múra“. Við kjósum að líta svo á, hvað snertir vinnumarkaðinn, að best sé að vinna með þessi viðfangsefni í gegnum jafnréttisáætlanir,“ segir Tryggvi. „Skólakerfið þarf hins vegar að vinna betur með þessi viðfangsefni. Við höfum haft ákvæði í lögum í langan tíma sem segir að jafnréttisfræðsla skuli fara fram í skólum, en það er ekki hægt að ræða jafnrétti nema tala um kynbundið ofbeldi og við teljum að það ætti að vera vettvangur til að tala meira opið um þessi mál. Það vantar markvisst aðgengi jafnréttismála að námsskrám.

Umræðan varðandi áreitni er að mörgu leyti sambærileg við umræðuna sem var í gangi áður en við skylduðum ökumenn til að vera í bílbeltum. Þegar þær reglur gengu í gildi fannst fólki nánast hlægilegt að spenna belti í bílum,“ segir Tryggvi. „Í dag vitum við voða mikið um áhrif kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni, en okkur finnst enn þá óþægilegt að taka samtölin og ræða við hvert annað um hvaða mörk við setjum í samskiptum okkar.

Ég finn það bæði í menntaskólum, á stofnunum og í fyrirtækjum að fólk sem er fullmeðvitað um áhrifin og vandamálið er enn þá að reyna að fóta sig í umræðunni,“ segir Tryggvi. „Við þurfum bara að leyfa okkur að fara í gegnum þessa umræðu með tilheyrandi kjánahrolli og jafnvel tilvikum þar sem einhverjir móðgast. Við þurfum bara að tala saman.“

### Þolendur þurfa að komast burt

„Stjórnvöld vinna með þolendum kynferðisofbeldis á tvenns konar hátt,“ segir Tryggvi. „Annars vegar í gegnum hjálp heilbrigðiskerfisins og hins vegar í gegnum félagasamtök eins og Stígamót, Kvennaathvarfið og Aflið. Á vissan hátt má segja að hin síðari ár útskýrist sú vinnutilhögun frekar af hefð en skýrri stefnumótun stjórnvalda.

Fyrir sjálfa gerendur, til dæmis í ofbeldi í nánum samböndum, þá höfum við núna úrræði sem kallast „Heimilisfriður“. Það er niðurgreidd þjónusta fyrir gerendur sem vilja leita aðstoðar,“ segir Tryggvi. „Hún er hins vegar enn fremur takmörkuð og alls ekki nógu mikil.

En stóra málið er að hjálpa þolendum að komast út úr ofbeldisaðstæðum. Ég held að á næstu árum sjáum við jafnvel breytt viðhorf til þess að þolendur fái aðstoð til að komast út úr samskiptum við ofbeldismenn,“ segir Tryggvi. „Ef þú ert skyldaður í sáttameðferð með einhverjum sem þú hefur engan áhuga á að sæta sáttameðferð með, þá held ég að það séu mistök hjá kerfinu sem þarf að laga.“

### Of snemmt að segja til um áhrif MeToo

„Mig langar til þess að segja að MeToo hafi haft geysilega mikil áhrif. En ef ég ætti að sýna fram á það, til dæmis með tölum um kærur eða tilvik þar sem leitað er aðstoðar Vinnueftirlits eða Jafnréttisstofu, þá gæti ég það ekki,“ segir Tryggvi. „Það þýðir að þetta hefur farið fram í formi þess að fólk hefur vaknað til vitundar um stærð, umfang og algengi þessara mála og um leið hefur komið í ljós að kvörtunar- eða kæruleiðir sem bjóðast þeim sem verða fyrir kynferðislegri áreitni eru ekki nægilega sterkar. Það er vandamál sem við komum ekki til með að laga bara með því að safna saman sögum, halda ráðstefnur og fundi og skipa stýrihópa. Hér þarf raunverulega skuldbindingu þeirra aðila sem eiga að leggja vinnu og tíma í að þjóna einstaklingum sem verða fyrir áreiti. Það er enn þá mikil vinna fyrir höndum, en það dregur ekkert úr mikilvægi MeToo.

Það er frábært við MeToo-herferðina hvernig hún spilar inn á hálfgerðar markaðssetningaleiðir með þessu myllumerki,“ segir Tryggvi. „Þannig verður þetta sjáanlegt í kringum eitthvað hugtak sem við tengjum við fyrirbærið á sama tíma og sögurnar sem hefur verið safnað í tengslum við MeToo eru ofboðslega fjölbreyttar, allt frá því að vera tilvik sem einhverjir kynna að kalla léttvæg yfir í að vera mjög gróft og ógeðfellt ofbeldi. Þetta er margslungið fyrirbæri, en MeToo hefur orðið til að binda fjölbreyttar sögur undir einn hatt sem við tengjum við kynferðislegt ofbeldi.

Það er líka frábært að konur geta nú sett alls kyns kynbundna áreitni sem þær verða fyrir í rétt samhengi og séð að það sé í raun og veru kynbundið ofbeldi sem við þurfum að berjast gegn,“ segir Tryggvi. „Þetta er birtingarmynd þeirrar mismununar sem á sér stað í samfélaginu. Konur sitja ekki við sama borð og karlar.

En svo á bara eftir að koma í ljós hvaða áhrif þetta hefur á karla, bæði gerendur og þolendur, og hvaða áhrif þetta hefur á hugmyndir okkar um hvað er rétt og eðlilegt í samskiptum,“ segir Tryggvi. „Mér finnst of snemmt að segja að þetta hafi haft mikil áhrif þar.“

# Fyrsti bankinn til að bera jafnlaunamerkið



**Arion banki hlýtur jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins, fyrstur íslenskra banka.**

Fyrir þremur árum fékk bankinn jafnlaunavottun sem staðfestir að ákvarðanir í launamálum eru byggðar á málefnalegum sjónarmiðum og fela ekki í sér kynbundna mismunun. Arion banki er með faggilta vottun á jafnlaunastaðlinum ÍST 85 og hefur nú hlotið jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins.

Þessi nýjasti áfangi á jafnréttisvegferð okkar er afar ánægjulegur og við gleðjumst yfir þeirri viðurkenningu sem jafnlaunamerkið felur í sér.

bsi. ÍST 85:2012 Equal pay management system

arionbanki.is

# Jafnrétti að leiðarljósi

**Íslenska gámafélagið var fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hljóta jafnlaunavottun VR. Jafnrétti er ávallt haft að leiðarljósi í starfi fyrirtækisins en stærsta verkefnið er að fjölga konum í störfum sem hingað til hafa verið talin hefðbundin karlastörf.**

Það er eindreginn vilji okkar að Íslenska gámafélagið sé til fyrirmyndar í jafnréttismálum og við höfum mikinn metnað í þeim efnum. Stefnan er að hafa ávallt jafnrétti að leiðarljósi og líða ekki mismunun á grundvelli kyns, aldurs, kynþáttar, kynhneigðar, þjóðernis, trúar- eða stjórnmálaskoðana,“ segir Ása M. Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri öryggis- og mannauðssviðs Íslenska gámafélagsins. Í fyrirtækinu er gætt jafnréttis við ráðningar og tilfærslu í starfi og leitast við að jafna kynjahlutföll innan starfshópa. „Við leggjum mikla áherslu á launajafnrétti og jafnrétti til fræðslu, þjálfunar og þátttöku í starfshópum innan fyrirtækisins,“ bætir hún við en Íslenska gámafélagið var fyrsta fyrirtækið sem hlaut jafnlaunavottun VR á Íslandi.

### Leiðandi á sviði umhverfismála

Starfsemi Íslenska gámafélagsins felst meðal annars í sorphirðu, endurvinnslu og endurnýtingu en einnig annast fyrirtækið fjölmörg önnur verkefni. Til dæmis útleigu gáma og ferðasalerna, grasslátt á sumrin og snjómokstur á veturna. Einnig er rekin heildverslun með vörur sem tengjast sorphirðu og endurvinnslu, meðal annars fjölbreytt úrval af maíspokum og flokkunarílátum ásamt gámum og búnaði af ýmsu tagi.

„Umhverfismál eru okkar ær og kýr og markmið Íslenska gámafélagsins er að vera leiðandi á því sviði. Á umhverfissviði okkar starfa sérfræðingar sem bjóða upp á umhverfisráðgjöf til fyrirtækja og stofnana og sú ráðgjöf hefur leitt til aukinnar meðvitundar um mikilvægi flokkunar og endurvinnslu. Það er oft mjög auðvelt að bæta frammistöðu fyrirtækja, stofnana og heimila í þeim efnum. Flestir vilja leggja sitt af mörkum í umhverfisvernd og það er gaman að sjá hversu stoltir þeir verða þegar þeir sjá árangurinn,“ lýsir Ása.

### Góður andi

Íslenska gámafélagið er með starfsstöðvar um allt land. Hver þeirra hefur sín sérkenni en Ása segir starfsandann alls staðar góðan.



Meðalstarfsaldur hjá Íslenska gámafélaginu er hár sem segir mikið um ánægju starfsfólks með vinnustaðinn og starfsmenn tala oft um að hjarta þeirra slái grænt, með vísun í umhverfisvernd og einkennislit fyrirtækisins.

„Meðalstarfsaldur hjá Íslenska gámafélaginu er hár sem segir mikið um ánægju starfsfólks með vinnustaðinn og starfsmenn tala oft um að hjarta þeirra slái grænt, með vísun í umhverfisvernd og einkennislit fyrirtækisins. Gildi Íslenska gámafélagsins eru gleði, áreiðanleiki og metnaður og þau endurspeglast mjög vel í starfsanda okkar.“

### Vilja fjölga konum í „karlastörfum“

Konur eru fjölmennari í skrifstofustörfum hjá Íslenska gámafélaginu en karlmenn eru í meirihluta í flestum öðrum störfum, til dæmis í sorphirðu, verkstæðisvinnu og bílstjórastörfum. „Konur hafa því miður ekki sótt mikið í þau síðarnefndu og mesta áskorun okkar er að laða til okkar fleiri konur í störf sem hingað til hafa verið talin karlastörf. Konur eru góðir bílstjórar, það staðfesta tryggingafélögin, og við hvetjum þær eindregið til að taka meiraprófið og koma og vinna hjá okkur,“ segir Ása en í starfsauglýsingum Íslenska gámafélagsins eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um störf þar sem þær eru að jafnaði í minnihluta. „Við bjóðum konum sem starfa hjá okkur að sækja námskeið á kostnað fyrirtækisins. Til dæmis buðum við í síðustu viku konu sem starfar hjá okkur að sækja vinnuvélanámskeið, bæði svo hún ætti meiri möguleika á að þróast í starfi og svo hún verði hvatning fyrir aðrar konur. Við erum alltaf með augu og eyru opin eftir konum með meirapróf eða vinnuvélaréttindi og reynum að lokka þær til okkar. Við notum hvert tækifæri til að hvetja konur til að sækja sér meirapróf eða vinnuvélaréttindi og munum ekki gefast upp fyrr en árangur næst,“ segir Ása en þess má geta að þótt konur séu minnihluti starfsfólks hjá Íslenska gámafélaginu þá er hlutfall þeirra í stjórnunarstöðum hærra en hjá fyrirtækinu í heild.

# Kvennafrí frá 1975

**24. október árið 1975 markar mikilvæg tímamót í Íslandssögunni. Þann dag tóku íslenskar konur sig saman og lögðu niður vinnu til að mótmæla kynbundnum launamun og öðru ójafnrétti. Síðan hefur verið haldið upp á afmæli kvennafrídagsins með ýmsum hætti á um það bil fimm ára fresti.**

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna helgaði áratuginn 1975 til 1985 málefnum kvenna. Í tilefni þess tóku kvennasamtök, kvenfélög og stéttarfélög á Íslandi sig saman og skipulögðu dag þar sem konur lögðu niður vinnu til að leggja áherslu á mikilvægi vinnuframlags kvenna á Íslandi. Talið er að 90% kvenna á Íslandi hafi lagt niður vinnu þennan dag, 24. október 1975, og um 25.000 konur söfnuðust saman á útifundi á Lækjartorgi, einum fjölmennasta útifundi Íslandssögunnar, þar sem meðal annars voru flutt baráttulög af plötunni Áfram stelpur sem kom út þennan dag og hafa æ síðan hafa verið táknsöngvar baráttunnar. Konur söfnuðust einnig saman víða um land til að leggja áherslu á mikilvægt vinnuframlag kvenna. Kvennafrídagurinn 1975 vakti gríðarlega athygli erlendis og hefur öðlast sess í sögu alþjóðlegrar kvenréttindabaráttu.

Þann 24. október árið 1985 mörkuðu íslensk kvennasamtök og verkalýðshreyfingin endalok áratugar kvenna með því að boða aftur samstöðufund á Lækjartorgi þann 24. október undir yfirskriftinni „Konur stöndum saman“. Konur voru ekki sérstaklega hvattar til að leggja niður vinnu, en fundurinn var boðaður kl. 14.00 á meðan á vinnutíma stóð. Talið er



Konur fylkja liði á Lækjartorg 24. október 1975 til að mótmæla ójafnrétti og vekja athygli á vinnuframlagi kvenna.

að um 18.000 konur hafi sótt þann samstöðufund.

Árið 1995 var blásið til hátíðar- og baráttufundar í Íslensku óperunni þann 24. október en að þeim fundi stóðu konur úr öllum stjórnmálaflokkum, Kvenréttindafélaginu, Kvenfélagasambandinu og verkalýðshreyfingunni.

Árið 2005 var haldið upp á kvennafrí í þriðja skipti þann 24. október, undir yfirskriftinni „Konur höfum hátt“. Konur voru hvattar til að leggja niður vinnu kl. 14.08 og kröfuganga boðuð frá Skólavörðuholti niður á Ingólfstorg. Um 50.000 manns söfnuðust saman í miðbænum á meðan á útifundinum stóð og fundir voru einnig haldnir víða um land.

Árið 2010 var haldið upp á kvennafrí í fjórða sinn, og konur þá hvattar til að leggja niður vinnu kl. 14.25 þann 25. október. Var boðað til kvennafrís einum degi seinna en áður hafði verið þar sem 24. október bar upp á sunnudag. Að fundinum stóðu regnhlífarsamtök kvenna, Skotturnar, og einnig áttu samtök launafólks aðild að fundinum. Gengið var í kröfugöngu frá Skólavörðuholti niður á Arnarhól þar sem haldinn var fundur undir yfirskriftinni „Já! – ég þori, get og vil“ og var sjónum fundarins beint að kynferðisofbeldi. Áætlað er að um 50.000 manns hafi sótt fundinn.

Árið 2015 var því fagnað með ýmsum hætti að hundrað ár voru síðan konur fengu kosningarétt á Íslandi og meðal annars haldinn stór útifundur þann 19. júní. Af þeim sökum var ekki haldið sérstaklega upp á kvennafrídaginn en þó má geta þess að stór alþjóðleg ráðstefna um kvenréttindi var haldin í Hörpu um sama leyti.

Næsta kvennafrí var svo boðað ári síðar. 24. október 2016 var haldinn baráttufundur á Austurvelli undir yfirskriftinni „Kjarajafnrétti strax“. Að fundinum stóðu samtök launafólks og samtök kvenna á Íslandi. Samstöðufundir voru haldnir á 20 stöðum á landinu til viðbótar. Hvatti fundurinn konur til að leggja niður vinnu kl. 14.38 og mótmæla þar með kjaramun kynjanna á Íslandi.

Í dag, 24. október 2018, eru konur hvattar til að leggja niður störf klukkan 14.55 og fylkja liði á samstöðufund á Arnarhóli, kl. 15.30 undir kjörorðinu: Breytum ekki konum, breytum samfélaginu!

Hvenær konur eru hvattar til að leggja niður störf er reiknuð út frá mun á heildarlaunum kynjanna.

Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands um launamun kynjanna eru meðalatvinnutekjur kvenna 74% af meðalatvinnutekjum karla. Konur eru því með 26% lægri atvinnutekjur að meðaltali. Samkvæmt því hafa konur unnið fyrir launum sínum eftir 5 klukkustundir og 55 mínútur miðað við fullan vinnudag frá kl. 9–17 eða kl. 14.55 sem sýnir að kjarajöfnuður hefur þokast um 48 mínútur síðustu þrettán árin.

Með þessu áframhaldi ná konur ekki sömu launum og karlar fyrr en árið 2047.

*Byggt á texta af kvennafri.is*



Eigendur CenterHotels, hjónin Kristófer Oliversson og Svanfríður Jónsdóttir, ásamt Eir Arnbjarnardóttur mannauðsstjóra en hún annaðist innleiðingu jafnlaunavottunarinnar. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Allir sitja við sama borð

Jafnlaunavottun snerist um að skapa forskot í samkeppninni um gott starfsfólk, segja eigendur CenterHotels. Fyrirtækið var fyrsta ferðaþjónustufyrirtækið hérlendis til að hljóta vottunina.

CenterHotels var fyrsta ferðaþjónustufyrirtækið hér á landi til að hljóta jafnlaunavottun og segja eigendur þess, hjónin Svanfríður Jónsdóttir og Kristófer Oliversson, að sú vinna hafi hafist löngu áður en jafnlaunavottun var svo mikið sem blik í auga þáverandi ráðherra. „Stefna okkar hefur alltaf verið að gera CenterHotels að eftirsóttum vinnustað fyrir konur jafnt sem karla. Jafnlaunavottunin kom fyrst til umræðu innanhúss hjá okkur haustið 2014. Við vorum reyndar alltaf nokkuð viss um að ekki væri til staðar kynbundinn launamunur innan fyrirtækisins. Slíkt gengur einfaldlega gegn öllum okkar gildum. Enda myndi ég aldrei tíma að borga körlum hærri laun bara fyrir það eitt að vera karlar, hæfni hlýtur alltaf að ráða,“ segir Kristófer sem jafnframt er forstjóri fyrirtækisins.

Hugmyndin um jöfn laun og jafnrétti er því alls ekki ný meðal eigenda og stjórnenda CenterHotels. „Hugmyndin um jafnlaunavottun snerist því einfaldlega um að skapa okkur forskot í samkeppninni um gott starfsfólk með því að fá það vottað að hjá okkur sitja allir við sama borð varðandi ráðningar og þróun í starfi,“ bætir Svanfríður við.

## Flókið ferli

Innleiðing jafnlaunavottunar var mjög viðamikið og flókið ferli, segir Eir Arnbjarnardóttir, mannauðsstjóri CenterHotels, en um leið hálfgerður rússíbani. „Þegar farið er í gegnum svona ferli í fyrsta sinn vakna ótal spurningar. Það sem mér fannst erfiðast var hversu erfitt það reyndist að fá svör við mörgum spurningum. Þegar að við byrjuðum á ferlinu voru afar fáir búnir að fara í gegnum jafnlaunavottunina og jafnvel ráðgjafar voru að fara í gegnum þetta í fyrsta sinn. En þá lærðum við með því að rekast á veggi, sem hafði að vísu áhrif á lengd verkefnisins.“

## Umfangsmiklar kröfur

Til að hljóta jafnlaunavottun þarf að uppfylla kröfur jafnlaunastaðalsins en hann er töluvert umfangsmikill, segir Eir. „Bæði þarf að fara í gegnum launagreiningu og setja viðeigandi verklagsreglur. Greina þarf öll störf innan fyrirtækisins, þ.e. verðmæti starfsanna út frá kröfum um menntunarstig ásamt ábyrgðar- og hæfnikröfum til starfanna. Fyrir hvert verðmætaþrep þarf síðan að ákvarða launabil.“

> „Stefna okkar hefur alltaf verið að gera CenterHotels að eftirsóttum vinnustað fyrir konur jafnt sem karla. Jafnlaunavottunin kom fyrst til umræðu innanhúss hjá okkur haustið 2014.
>
> Kristófer Oliversson

Um leið þarf að huga að lögum, kjarasamningum, hverjir skuli vera ábyrgðaraðilar, setja fyrirtækinu mælanleg jafnlaunamarkmið svo eitthvað sé nefnt. „Svo þarf vottunaraðili að skoða þetta í greiningarkerfi sínu. Það kom okkur ekki á óvart að við þurftum engar breytingar að gera á launum til þess að hljóta vottunina.“

Hún segir ferlið langt frá því að vera búið þegar vottunin er komin í hús. „Áfram þarf að sinna reglulegum innri úttektum og rýni stjórnenda þarf að eiga sér stað a.m.k. einu sinni á ári. Passa þarf að ávallt sé unnið eftir verklagsreglum og að öllum stjórnendum sem og starfsmönnum sé kunnugt um hvernig jafnlaunakerfið virkar.“

## Mikilvæg fyrir starfsandann

Eir segir vottunina vera mjög mikilvæga fyrir starfsmenn og starfsandann innan fyrirtækisins. Með henni sé vottað að karl og kona, sem sinna sambærilegu starfi innan fyrirtækisins, fái sömu kjör. „Það er eitthvað sem við erum stolt af og skiptir fólk máli í dag. Ef við lítum bara til viðhorf starfsfólks CenterHotels í könnun VR – Fyrirtæki ársins 2018, þá mat starfsfólk jafnrétti innan CenterHotels vera 4,61 af 5 mögulegum, sem er ansi há einkunn og eitthvað sem við getum öll verið virkilega ánægð með.“

## Stuðla að jafnrétti

„Fyrir utan að viðhalda jöfnum launum innan fyrirtækisins vill CenterHotels stuðla að jafnrétti,“ segir Eir. „Hjá CenterHotels starfar fólk frá ólíkum menningarheimum alls staðar að úr heiminum. Okkur finnst því afar mikilvægt að styðja starfsfólk okkar í að sækja sér íslenskukennslu, bæði til að aðlagast starfinu betur, og ekki síður samfélaginu. Það stendur öllum starfsmönnum sem áhuga hafa til boða að fá styrk til íslenskunáms. Einnig höldum við regluleg námskeið í CenterHotels skólanum sem stendur öllum starfsmönnum til boða. Sú fræðsla og þjálfun sem starfsfólk fær í skólanum okkar opnar möguleika til starfsþróunar innan fyrirtækisins, óháð kyni, þjóðerni eða öðrum þáttum.“

# Fleiri ættu að fylgja fordæmi VIRK

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður var fyrst fyrirtækja og stofnana í sínum stærðarflokki á Íslandi til að fá jafnlaunavottun ÍST 85:2012. Fagleg og gegnsæ mannauðsstjórnun sem eykur starfsánægju.

Þetta var mikið lærdómsferli en um leið sérstaklega skemmtileg vinna,“ segir Auður Þórhallsdóttir, sviðsstjóri mannauðsmála hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði, en hún stýrði, ásamt Kristínu E. Björnsdóttur fjármálastjóra, vinnunni á bak við jafnlaunavottun ÍST 85:2012 sem VIRK hlaut fyrr á þessu ári. „Sjóðurinn þurfti raunar ekki að fara í vottun fyrr en árið 2021 en þegar lögin um jafnlaunavottun voru samþykkt í fyrra ákváðum við að ráðast í vinnuna þegar í stað enda viljum við vera til fyrirmyndar í þessu sem og öðru. Að mínu viti er afar mikilvægt fyrir fyrirtæki að fá þessa vottun því þetta færir mannauðsstjórnun upp á annan stall þar sem verklag er skýrt og starfsfólk veit að hverju það gengur og er vonandi einn liður í að auka starfsánægju og gera VIRK að enn eftirsóknarverðari vinnustað. Þá má ekki gleyma meginmarkmiðinu með vottuninni sem er að vinna gegn kynbundnum launamun.“

Auður segir að vottunarferlið hafi verið afskaplega formfast og í raun hafi það verið „heljarinnar vinna“. „Við stóðum reyndar vel þar sem við vorum fyrir með ISO 9001 vottun. Ráðast þurfti í að útbúa margar nýjar stefnur og endurnýja aðrar eldri. Einnig þurfti að endurnýja allar starfslýsingar, flokka störfin sem hér eru unnin og semja svo viðmið fyrir hvert starf, ásamt undir- og yfirviðmiðum. Síðan þurfti að setja prósentur og stig á starfaviðmiðin og segja má að þessi þáttur sé sá flóknasti í vottunarferlinu. Það er mjög mikilvægt fyrir starfsfólk að faglegt og skýrt ferli sé á bak við ákvörðun launa í fyrirtækjum og úttekt sé gerð af hálfu óháðs aðila, þ.e. vottunarstofu.“

Það er einnig gott að í ferlinu þurfti að útbúa Jafnréttisáætlun sem Jafnréttisstofa varð að samþykkja sérstaklega. „Inni í þeirri áætlun er mjög margt sem til dæmis tengist Metoo-byltingunni og skiptir fyrirtæki miklu máli. Þar má nefna kortlagningu á því hvernig tekið er á málum þegar upp kemur áreitni eða annað slíkt. Ég myndi segja að fyrirtæki standi mjög vel þegar þau fara í gegnum þetta ferli og ég hvet fleiri til að drífa í þessari vinnu.“

Lokaúttektin á jafnlaunakerfi VIRK fór fram í apríl síðastliðnum og var gerð af vottunarstofu BSI á Íslandi. „Við fengum þá umsögn að engin frábrigði hefðu fundist og að útskýrður kynbundinn launamunur 1,1% væri konum í hag, sem verður að teljast glæsileg niðurstaða.“

Þá má nefna að VIRK er eitt fimmtán fyrirtækja sem teljast til „Fyrirmyndarfyrirtækja“ í flokki meðalstórra fyrirtækja árið 2018, samkvæmt niðurstöðum könnunar VR en markmið hennar er að leita upplýsinga um viðhorf starfsfólks til vinnustaðar síns. Eins gerir VIRK mannauðsmælingar annan hvorn mánuð þar sem fylgst er með níu lykilþáttum og hafa þær mælingar komið mjög vel út allt þetta ár.

### Kynjahallinn áhyggjuefni

Hjá VIRK starfa nú 50 starfsmenn og eru þar af aðeins fjórir karlmenn. Auður segir að það hafi gengið afskaplega treglega að fá karlmenn til að sækja um og að hún hafi vissulega áhyggjur af stöðu mála. „Ég hef meira að segja útbúið starfsauglýsingu með þeim hætti að karlmenn voru eingöngu hvattir til að sækja um. Sem dæmi get ég nefnt að nýverið auglýstum við eftir ráðgjafa og í 50 manna umsóknarhópi var ekki einn einasti karlmaður. En við erum virkilega að berjast í því að fá karlmenn til starfa.“

Auður segir þessa stöðu líklega endurspegla að nokkru leyti það sem er að gerast í háskólum landsins. „Samsetningin á okkar vinnustað er þannig að flestir sem hér starfa eru háskólamenntað heilbrigðisstarfsfólk og náms- og starfsráðgjafar. Ég sá til dæmis að enginn karlmaður útskrifaðist sem náms- og starfsráðgjafi úr HÍ í fyrra.“



Auður Þórhallsdóttir er sviðsstjóri mannauðsmála hjá VIRK. MYND/ANTON BRINK

# Jafnréttismenning

24. október hefur allt frá víðfrægum fundi kvenna á Lækjartorgi árið 1975, verið helgaður baráttunni fyrir jöfnum réttindum á vinnumarkaði, launajafnrétti og auknum aðgangi kvenna að samfélagslegum valdastöðum. Saga kvennafrídagsins er flestum kunn en á þessum degi fyrir 43 árum bentu konur á mikilvægi starfa sinna og vinnuframlags með því að leggja niður launuð og ólaunuð störf. Eðli málsins samkvæmt var samfélagið í lamasessi. Samtakamátturinn þá er enn í fersku minni og hefur æ síðan verið aðalsmerki kvennahreyfingarinnar hér á landi.

Undanfarin ár hefur 24. október verið nýttur til að benda á það sem betur má fara hérlendis, ekki síst þá staðreynd að enn mælist kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði. Lög um jafnlaunavottun tóku gildi í upphafi þessa árs. Þau kveða á um skyldu fyrirtækja og stofnana til að undirgangast formlega úttekt og vottun sem staðfestir að stjórnunarkerfi þeirra uppfylli kröfur jafnlaunastaðalsins.



Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra.

Jafnlaunavottun getur þannig endurspeglað metnað fyrirtækja og stofnana sem vilja vera eftirsóttir vinnustaðir og sjá sér hag í að sýna fram á að þau reki launastefnu sem byggist á markvissum og faglegum aðferðum. Jafnlaunastaðallinn er sá eini sinnar tegundar í heiminum og er afurð áralangs samstarfs heildarsamtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda. Markmiðið með gerð hans var að þróa leið til að eyða kynbundnum launamun þannig að greidd séu sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf, líkt og kveðið hefur verið á um í lögum í áratugi. Þetta verkefni hefur hlotið mikla athygli út fyrir landsteinana og litið er til Íslands sem fyrirmyndar hvað varðar aðgerðir og þróun málaflokksins. Árangur okkar byggist á víðtæku samráði og fyrir það ber að þakka.

Í dag stendur kvennahreyfingin í samstarfi við samtök launafólks fyrir baráttufundi þar sem sjónum er beint að launajafnrétti og öryggi kvenna á vinnustöðum. Stjórnvöld hafa brugðist við #ég líka hreyfingunni með margvíslegum hætti. Verkefnin miða að fyrirbyggjandi aðgerðum og forvörnum en ekki síst að því hvernig megi skapa raunverulega jafnréttismenningu í samfélaginu.

Þrátt fyrir að lög og regluverk um viðbrögð og skyldur atvinnurekenda vegna kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldi á vinnustöðum séu fyrir hendi sýna #ég líka frásagnirnar gríðarlegt umfang vandans sem enn fær að viðgangast. Gallup-könnun sem gerð var í nóvember í fyrra sýnir að nærri helmingur allra kvenna, eða 45%, hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi en 15% karla. #Ég líka frásagnir kvenna af erlendum uppruna um andlegt og líkamlegt ofbeldi á íslenskum vinnumarkaði voru mjög þörf áminning um að hin svokallaða jafnréttismenning hefur ekki náð til allra hópa í okkar samfélagi. Við þurfum að vera meðvituð og vakandi fyrir birtingarmyndum margþættrar mismununar og skoða áhrif stjórnvaldsaðgerða út frá kyni en einnig öðrum þáttum eins og uppruna, kynvitund og kynhneigð.

Í samræmi við þær áherslur fer nú fram vinna innan Stjórnarráðsins sem miðar að frekari útvíkkun jafnréttishugtaksins í íslenskri löggjöf og mótun heildstæðrar stefnu í jafnréttismálum sem ætlað er að tryggja framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð einstaklinga.

Ég vona að þessar aðgerðir eigi eftir að auka á jafnréttismenningu og marka framfaraspor í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna í okkar samfélagi. Baráttu sem hófst fyrir meira en 100 árum og við munum í sameiningu halda áfram.

*Til hamingju með daginn!*



Inga Björg Hjaltadóttir, Kjartan Vífill Iversen, Drífa Sigurðardóttir, Helga Lára Haarde og Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir eru öll hluti af hinu öfluga teymi Attentus sem sér um jafnlaunavottun. MYNDIR/ERNIR

# Ráðgjöf byggð á reynslu

**Attentus veitir fyrirtækjum ráðgjöf varðandi rekstur, mannauðsmál og jafnlaunavottun. Attentus vinnur með mjög fjölbreyttum fyrirtækjum og sníður þjónustu að þörfum viðskiptavina.**

Ráðgjafarfyrirtækið Attentus var stofnað árið 2007. Attentus veitir fyrirtækjum og stofnunum þjónustu og ráðgjöf um allt sem snýr að rekstri út frá áherslum mannauðsstjórnunar og hjálpar þeim meðal annars við að fá jafnlaunavottun.

„Okkar helsta þjónusta hefur verið í formi mannauðsstjóra til leigu. Þá komum við inn í fyrirtæki sem mannauðsstjórar eða mannauðsdeild án þess að vera fastir starfsmenn. Slík þjónusta hentar margs konar fyrirtækjum og stofnunum mjög vel, en við klæðskerasníðum þjónustu okkar eftir þörfum hvers vinnustaðar fyrir sig og fylgjum málum eftir,“ segir Drífa Sigurðardóttir ráðgjafi. „Við veitum líka ráðgjöf og þjónustu á sviði mannauðsstjórnar t.d. þjálfun og starfsþróun, veitum ráðgjöf um vinnurétt og kjaramál, gerum ýmsar úttektir og greiningar og aðstoðum fyrirtæki við undirbúning til að fá jafnlaunavottun.

Við höfum unnið með mjög fjölbreyttum vinnustöðum við innleiðinguna á jafnlaunavottuninni. Við unnum með umhverfisráðuneytinu, sem var fyrsta ráðuneytið sem fékk jafnlaunavottun, við erum verkefnastjórar í innleiðingunni á jafnlaunavottuninni fyrir öll fyrirtæki Icelandair,“ segir Drífa. „Við vorum líka ráðgjafar hjá Sagafilm í innleiðingunni þeirra, en það er 30 manna fyrirtæki. Við erum einnig að vinna með HB Granda, Íbúðalánasjóði, Íslandspósti og Íslandsbanka við að innleiða jafnlaunavottunina, þannig að þetta eru ólík fyrirtæki með alls kyns ólík störf.“

## Auðvelda innleiðingu jafnlaunastaðals

„Jafnlaunavottunin tryggir að fyrirtæki framfylgi lögum um að greiða sömu laun fyrir jafn verðmæt störf og að ákvarðanir um laun séu teknar með sambærilegum hætti fyrir alla,“ segir Drífa. „Innleiðingin á jafnlaunavottuninni sjálfri gefur líka mikið meira en bara jafnlaunamerkið. Jafnlaunavottunin gefur fyrirtækjum agaðri vinnubrögð í ákvörðunum um laun og tryggir faglegri og markvissari ákvarðanir sem varða laun.

Þegar við komum að vinnunni við innleiðinguna á jafnlaunastaðlinum byrjum við alltaf á því að greina stöðuna hjá fyrirtækinu og gerum svo aðgerðaáætlun um næstu skref. Það er mjög misjafnt hvernig ráðgjöf við veitum. Sum fyrirtæki þurfa bara aðstoð við eitthvert eitt atriði, á meðan við höldum í höndina á öðrum fyrirtækjum allan tímann og stýrum verkefninu alfarið,“ segir Drífa. „Þjónustan er því sniðin að þörfum hvers fyrirtækis, þannig að þetta er allt frá því að koma bara inn og taka nokkra fundi yfir í að vera verkefnastjórar og leiða innleiðingu á jafnlaunastaðlinum. Ferlið er hins vegar alltaf það sama. Fyrst þarf að gera jafnlaunastefnu, svo meta virði allra starfa innan fyrirtækisins og að lokum framkvæma launagreiningu. Að auki þarf að koma upp gæðaferlum til að tryggja markvissari og faglegri nálgun á launasetningu.



Drífa segir að það sem gefi Attentus sérstöðu sé hin gríðarlega reynsla sem starfsmenn hafa af bæði jafnlaunastaðlinum og mannauðsstjórnun.

Fyrirtæki þurfa hjálp við innleiðinguna. Í langflestum fyrirtækjum er launasetningin sjálf vönduð, en það vantar samt agaðri vinnubrögð við launasetninguna. Samkvæmt staðlinum þarf að búa til skipulag í kringum það hvernig þú tekur launaákvarðanir,“ segir Drífa. „Einn af þeim þáttum sem er hvað mikilvægastur í innleiðingunni eru launagreiningar, sem við gerum. Launagreiningin er lykilþáttur í því að kanna hvort kynbundinn launamunur sé til staðar og í hverju hann felst. Það skiptir rosalega miklu máli að fyrirtæki fái utanaðkomandi aðila til að rýna þessi gögn til þess að tryggja trúverðugleika.“

## Öflugt teymi með mikla reynslu

„Við höfum sex manna teymi í jafnlaunavottuninni sem er mjög öflugt. Við höfum frábært greiningarfólk, þau Helgu Láru Haarde og Kjartan Iversen, sem skoða launagreiningarnar með mjög gagnrýnum hætti. Svo er hún Inga Björg lögmaður, en það skiptir miklu máli að hafa í huga lögfræðilega hlið launa- og kjaramála við innleiðinguna á staðlinum. Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir, ég og Ólafía Rafnsdóttir höfum líka allar unnið mjög lengi sem mannauðsstjórar, þannig að við þekkjum það vel hvað þarf til,“ segir Drífa. „Inga Björg og Ingunn Björk voru líka í vinnuhópi sem kom að gerð jafnlaunastaðalsins og ég var ráðgjafi á sínum tíma og vann með fyrirtækjum við að búa til launakerfi með kerfisbundnum hætti.

Þannig að við höfum mjög langa reynslu, bæði af staðlinum sjálfum og aðferðinni sem er beitt til að kanna hvort kynbundinn launamunur sé til staðar,“ segir Drífa. „Þessi langa reynsla, bæði af staðlinum sjálfum, innleiðingu hans og af starfsmatshugsuninni, sem við höfum unnið með í 20 ár, er það sem gefur okkur sérstöðu.“



Gyða Björg, Ágústa og Anna Beta hafa mikla þekkingu á innleiðingu jafnlaunastaðals. Þær hafa unnið með fyrirtækjum í ýmsum rekstri, svo sem WOW air, Rarik, Krónunni og ÁTVR. MYND/ERNIR

# Góð reynsla og breið þekking

Anna Beta Gísladóttir, Ágústa H. Gústafsdóttir og Gyða Björg Sigurðardóttir veita ráðgjöf við innleiðingu jafnlaunastaðals. Þær eru öflugt teymi með bakgrunn í verkfræði og mannauðsstjórnun.

Brennandi áhugi á jafnréttismálum varð til þess að Anna Beta og Gyða Björg tóku höndum saman og stofnuðu ráðgjafarfyrirtækið Ráður fyrr á þessu ári. Þær kynntust Ágústu, sem hefur rekið Vöxt Ráðgjöf um fjögurra ára skeið, á fundi tækninefndar hjá Staðlaráði Íslands. Í kjölfarið ákváðu þær að vinna saman og veita alhliða ráðgjöf við innleiðingu á jafnlaunastaðlinum en lög um hann tóku gildi í byrjun þessa árs.

„Það var frábært fyrir okkur Önnu Betu að ganga til samstarfs við Ágústu. Hún er sérfræðingur í því sem snýr að mannauðsmálum en við komum inn með tæknilega þekkingu þar sem við erum báðar með bakgrunn í verkfræði. Að okkar mati er þessi reynsla og þekking mjög góð blanda,“ segir Gyða Björg.

## Vinna með fjölbreyttum fyrirtækjum

Með innleiðingu jafnlaunastaðals er stefnt að því að starfsfólk njóti jafnra launa fyrir sömu eða jafnverðmæt störf hjá sama vinnuveitanda, óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum forsendum. Öllum fyrirtækjum með meira en 25 starfsmenn er skylt að innleiða hann innan ákveðins tímaramma.

„Við höfum mjög góða reynslu og breiða þekkingu hvað varðar innleiðingu jafnlaunastaðalsins. Við höfum nú þegar unnið fyrir mjög fjölbreytt fyrirtæki, sem eru í mismunandi rekstri, svo sem framleiðslu, iðnaði og þjónustu. Við höfum einnig veitt stofnunum og opinberum aðilum ráðgjöf,“ segir Anna Beta.

Þær eru að hefja fyrsta sameiginlega verkefnið við innleiðingu á staðlinum en áður hafa þær meðal annars unnið með WOW air, Rarik, Krónunni og ÁTVR.

„Það sannar sig oft að glöggt er gests augað og þess vegna getur verið gott að fá utanaðkomandi ráðgjöf í þessum efnum. Það hefur þegar sýnt sig að þessari innleiðingu fylgir mikið hagræði, sé rétt að henni staðið. Hún er gagnleg fyrir starfsemi fyrirtækja og rekstur þeirra, getur veitt stjórnendum betri yfirsýn og aukið ánægju starfsfólks. Hún getur einnig sniðið af vankanta í launamyndunarkerfum innan fyrirtækja og leitt í ljós tækifæri til úrbóta,“ segir Ágústa sem býr yfir áratuga reynslu á sviði stefnumótunar og stjórnunar.

## Heildstæð, tímasett verkáætlun

Við ráðgjöfina vinna Anna Beta, Gyða Björg og Ágústa náið með mannauðsstjórum og æðstu stjórnendum fyrirtækja og stofnana. „Við byrjum á að taka stöðuna innan fyrirtækja, svokallaða núllgreiningu, og metum út frá því umfang verkefnisins. Næstu skref eru svo að setja upp heildstæða, tímasetta verkáætlun þar sem ferlið er kortlagt fram að vottun,“ segir Anna Beta.

Að sögn Gyðu Bjargar er jafnlaunastaðallinn í raun mjög tæknilegur. „Við innleiðingu á honum þarf að hafa gott skipulag á gögnum, framkvæma launagreiningar og halda utan um mælikvarða á launajafnrétti. Við erum með mikla sérþekkingu þegar kemur að ferlum og gæðamálum, tölfræðilegri greiningu og mannauðsmálum,“ segir Gyða Björg, sem hefur unnið í tengslum við jafnlaunastaðalinn frá árinu 2013.

## Tækifæri til umbóta

Gyða Björg nefnir að stjórnendum geti þótt kvöð að innleiða jafnlaunastaðalinn en minnir á að hann veiti tækifæri til umbóta. „Þetta er þó ekki kerfi sem hægt er að yfirfæra beint á milli fyrirtækja heldur þarf hvert fyrirtæki að smíða sitt eigið og þar komum við til sögunnar,“ segir hún.

Ágústa segir það mikilvægasta við tilurð staðalsins að með honum verði til regluverk sem skýri forsendur fyrir launamyndun. „Kjarasamningar byggja auðvitað mjög góðan grunn en launamyndun þarf að vera rekjanleg og málefnaleg. Þess vegna skiptir máli að byggja upp heildstætt jafnlaunakerfi,“ segir hún.

Þær eru sammála um að það sé ábyrgðarhlutverk að leiða fyrirtæki í gegnum vottun og leggja áherslu á að það sé vel gert. „Við viljum byggja upp þekkingu innan fyrirtækja og skilja eftir sjálfbært jafnlaunakerfi eftir að aðkomu ráðgjafa lýkur. Jafnlaunastaðallinn er innleiddur í þrepum eftir stærð fyrirtækja, sem okkur finnst jákvætt því þá hafa stærri fyrirtæki tækifæri til að sýna forystu í þessum efnum,“ segir Anna Beta.

„Þegar við tökum að okkur ráðgjöf varðandi jafnlaunastaðalinn útskýrum við ferlið, tilganginn með staðlinum og hvaða möguleika hann býður upp á og tengjum saman gæðastjórnun, mannauðsstjórnun og jafnrétti,“ segja þær að lokum.

Nánari upplýsingar www.radur.is og www.voxturradgjof.is

## Sameina krafta sína við ráðgjöfina

Gyða Björg Sigurðardóttir er með BSc í rekstrarverkfræði og hefur starfað sem ráðgjafi við jafnlaunastaðal síðan 2013. Gyða er viðurkenndur úttektarmaður fyrir jafnlaunastaðalinn og hefur hlotið styrk úr Tækniþróunarsjóði til hugbúnaðarþróunar í tengslum við launagreiningar.

Ágústa hefur menntun á sviði sálfræði og mannauðsfræða. Hún hefur víðtæka reynslu af opinberri stjórnsýslu, stefnumótun, ráðningum, mannaflagreiningum og stofnanasamningum. Hún var í samninganefnd ríkisins vegna kjarasamninga í tæpan áratug, þá átti hún jafnframt sæti í vinnuhópnum sem bjó til jafnlaunastaðalinn. Hún hefur haldið erindi um stöðu og þróun mannauðsmála ríkisins, tekið þátt í ráðgjafarnefndum og stýrt vinnustofum.

Anna Beta er burðarþolsverkfræðingur og hefur starfað sem ráðgjafarverkfræðingur frá árinu 2012 og sinnt margvíslegum verkefnum á sviði hönnunar og gagnaúrvinnslu. Að undanförnu hefur hún starfað við ráðgjöf við innleiðingu á jafnlaunastaðli og haldið námskeið í tengslum við verklagsreglugerð og ferlagreiningu fyrir staðalinn.



Kynjahlutfall er nokkuð jafnt hjá Póstinum en markmið fyrirtækisins núna er að jafna hlutfallið innan hverrar starfseiningar. XXXXXXXXXXX

# Mikil en gagnleg vinna

## Pósturinn hf. fékk nýverið jafnlaunavottun. Vinnan að baki verkefninu var mjög mikil en reyndist afar gagnleg að mati Sigríðar Indriðadóttur, framkvæmdastjóra starfsmannasviðs.

Pósturinn er stórt fyrirtæki með um þúsund starfsmenn og 62 starfsstöðvar sem dreifðar eru um allt land. „Við þjónustum fólk um landið allt og snertum því líf mjög margra Íslendinga. Það skiptir okkur miklu máli að starfsfólki okkar líði vel svo það geti veitt bestu mögulegu þjónustu, og viljum því búa vel að þeim hvað varðar kjör og að jafnrétti ríki á öllum sviðum,“ segir Sigríður.

Pósturinn hefur nýverið lokið viðamikilli vinnu sem miðaði að því að hljóta jafnlaunavottun. „Við vorum að fá skjalið í hús fyrir stuttu og erum afar ánægð. Þetta er búin að vera gríðarlega mikil vinna sem hefur staðið yfir í tæpt ár. Forstjóri, starfsmannastjóri og gæðastjóri hafa komið að henni ásamt öllum lykilstjórnendum. Þessi vinna hefur verið afskaplega gagnleg enda erum við búin að fara yfir öll störf og starfslýsingar í fyrirtækinu. Við erum búin að safna ótrúlega miklum upplýsingum og á þeim höfum við byggt upp okkar jafnlaunakerfi sem við nú höfum fengið vottun á. Núna vitum við að við erum að greiða jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf,“ segir Sigríður. Niðurstöður vinnunnar komu henni og öðrum innan fyrirtækisins ánægjulega á óvart. „Þegar rýnt var í kerfið okkar var kynbundinn launamunur fremur lítill, aðeins 2,2 prósent af heildarlaunum og 0,65 prósent af grunnlaunum. En auðvitað getum við alltaf gert betur.“

### Sumir efins í upphafi

Sigríður vill koma á framfæri sérstökum þökkum til þess starfsfólks sem tók þátt í vinnunni við jafnlaunavottunina með henni. „Margir voru efins í upphafi, ekki bara hér innan Póstsins, heldur heyrði maður frá öðrum fyrirtækjum og mannauðsstjórum efasemdaraddir um að þessi jafnlaunavottun myndi gera eitthvert gagn. Það kom okkur því skemmtilega á óvart þegar upp var staðið hversu gríðarlega gagnleg vinnan í kringum allt ferlið var. Mitt mat er að þetta komi til með að tryggja að fyrirtæki á landinu greiði jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf.“

### Jafnt kynjahlutfall

Kynjahlutfallið hjá Póstinum er nokkuð jafnt, 51% konur og 49% karlar. „En hlutfallið innan hverrar starfseiningar er mismunandi, til dæmis eru konur í meirihluta á pósthúsum en karlar eru fleiri í útkeyrslunni. Eitt af okkar markmiðum er að jafna kynjahlutföllin í ólíkum störfum innan fyrirtækisins með ýmsum aðgerðum.“

### Jafnrétti fyrir alla

Í jafnréttisáætlun Póstsins er ekki aðeins lögð áhersla á jafnrétti milli kvenna og karla heldur einnig að fólki sé ekki mismunað út frá aldri, kynþætti, kynhneigð, þjóðerni, trúar- eða stjórnmálaskoðun.

„Við höfum verið með jafnréttisáætlun í nokkuð langan tíma en vorum nú í fyrsta sinn að vinna framkvæmdaáætlun jafnréttismála þar sem ætlunin er að auka fræðsluþáttinn til starfsmanna. Við horfum til okkar stjórnenda í þeim efnum og stefnum á að þeir nýti starfsmannafundi á vinnustöðum um allt land til að auka fræðslu til starfsmanna með það að leiðarljósi að auka jafnréttisvitund þeirra.“

### Góður vinnumórall

Starfsstöðvar Póstsins eru 62 um land allt en Póstmiðstöðin er stærst. Þá eru dreifingarstöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu einnig tiltölulega stórar. Sigríður segir andann á vinnustöðunum góðan. „Alls staðar þar sem ég hef komið hefur mér þótt ríkja góður starfsandi og vinnumórall. Ég er búin að koma mjög víða á pósthús um allt land og alls staðar mætir mann brosandi starfsfólk.“

> Við þjónustum fólk um landið allt og snertum því líf mjög margra Íslendinga. Það skiptir okkur miklu máli að starfsfólki okkar líði vel.

Starfsfólk Póstsins notar forritið Workplace til að tengjast betur. „Það er notað til að skipuleggja alls kyns skemmtilega hluti sem lætur fólki líða sem hluta af stærri heild.“

### Jöfn kynjahlutföll í framkvæmdastjórn

Sigríður segir samstarf karla og kvenna hjá Póstinum mjög gott.



„Í framkvæmdastjórninni er til dæmis jafnt kynjahlutfall. Forstjórinn er karl en þrír af fimm framkvæmdastjórum eru konur. Okkar samstarf er afar gott og ekki síður samstarf okkar við bæði karl- og kvenstjórnendur í fyrirtækinu, sér í lagi hvað varðar jafnlaunavottunina og vinnuna í kringum hana, sem hefur verið alveg frábær.“

# Stöðluð kynhlutverk eru engum til framdráttar

## Hjalti Ómar Ágústsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, segir frá þeim verkefnum Jafnréttisstofu sem snúa að staðalmyndum og hefðbundnum hlutverkum kynjanna.

Ég er í þremur verkefnum hjá Jafnréttisstofu sem snúa öll að staðalmyndum með einum eða öðrum hætti,“ segir Hjalti. „Að mestu leyti snúa þau að kynjuðu náms- og starfsvali, að vinna gegn staðalmyndum kynjanna og reyna að jafna út kynjahlutföll í námi og á vinnumarkaði. Eitt verkefnið heitið Rjúfum hefðirnar, lítið verkefni sem er afmarkað við Akureyri þar sem við erum með fulltrúa frá einum leikskóla, einum grunnskóla, Verkmenntaskólanum og háskólanum, öldrunarheimilum Akureyrar, Slippnum, Félagi málmsmiða, Hjúkrunarfræðingafélaginu og Félagi náms- og starfsráðgjafa og Kennarasambandi Íslands. Hugmyndin er að búa til samstarfsvettvang þar sem þessir aðilar vinna saman að því að brjóta niður staðalmyndir og þau hlutverk sem okkur eru skipuð af kynjakerfinu og fá fleiri til að berjast gegn straumnum í náms- og starfsvali.“

Hjalti segir unnið að þessu verkefni með margvíslegum hætti. „Leikskólakrakkar fara í heimsókn í Verkmenntaskólann og þau læra um jafnréttismál. Skólarnir fara í heimsóknir hver til annars og reynt er að passa að bæði kynin séu sjáanleg í þessum heimsóknum þannig að börnin sjái fyrirmyndir af sínu kyni. Reynt er að fá fleiri karla inn í hjúkrunarstörf og fleiri konur í iðngreinar og hvetja þá sem fara móti straumnum þegar valið er nám og framtíðarstarf.“ Hann segir markmiðið vera að vinna gegn stöðluðum kynhlutverkum. „Þannig að allir eigi þess kost að geta þroskað og þróað sína hæfileika. Það er sóun á þeirri auðlind sem fólkið okkar er ef því gefst ekki kostur á að nýta sína hæfileika til fullnustu. Okkur vantar fólk til dæmis í iðngreinar og það er absúrd að ávarpa ekki helminginn af þjóðinni þegar verið er að leita að því. Hjúkrunarstörf geta kallað á líkamlegan styrk og iðngreinar á fínhreyfingar til dæmis sem er hvort tveggja eiginleikar sem eru eignaðir öðru kyninu. Kyn á ekki að ráða hvað við erum og megum. Ég er faðir drengs og stúlku og finnst ótækt að takmarka möguleika þeirra í lífinu út frá kyni.“

Meðal annarra verkefna nefnir Hjalti samstarfsverkefni með systurstofnunum Jafnréttisstofu í Eistlandi og Litháen.

„Í Eistlandi er verið að gera tíu þátta sjónvarpsseríu sem tekur á þessum efnum fjölþætt og alls konar annarri mismunun. Við erum að ræða við RÚV um að hluti af verkefninu yrði að þættirnir yrðu sýndir hér. Meðfram þessu er búið að vinna kennsluleiðbeiningar svo auðveldara sé að nota þetta efni í kennslu. Þetta verkefni lofar góðu og er mjög spennandi og hluti af því er tíu þátta útvarpsþáttaröð sem er verið að gera á RÚV-núll þar sem er rætt um þemun í þessu verkefni, staðalmyndir og hlutverk kynjanna.“ Hann nefnir einnig þekkingarskipti milli Noregs, Svíþjóðar, Álandseyja, Finnlands og Íslands. „Við hittumst á nokkrum fundum og skiptumst á þekkingu og samnýttum krafta okkar og reyndum að búa til aðferðir til að styðja við þá sem fara gegn straumnum í náms- og starfsvali því það er mikið brottfall í þeim hópi. Það kemur berlega í ljós að þarna eru fyrirmyndir gríðarlega mikilvægar, bæði innan fjölskyldu og í nánasta umhverfi. Þá er reynsla líka mikilvæg,“ segir Hjalti og bætir við að flestir karlleikskólakennarar hafi lent í leikskólanum óvart. „Þeir hafa kannski leyst af yfir sumar og það varð til að þeir fundu sig. Einnig er mikilvægt að hafa stuðningshópa þar sem fólk hittist og sækir styrk í hvert annað, konur í iðngreinum og karlar í hjúkrun svo dæmi séu tekin.“



**Hjalti Ómar Ágústsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, segir kyn ekki eiga að ráða því hvað við erum og megum.**

# Þolendur hvattir til að hringja í 112

## Þú átt VON er vitundarvakning á vegum Jafnréttisstofu um heimilisofbeldi. Þolendur eru hvattir til að hringa í 112 sem virkjar besta úrræðið. 890 tilkynningar um heimilisofbeldi bárust í fyrra.

Vitundarvakningin Þú átt VON var kynnt á ráðstefnu sem Jafnréttisstofa stóð fyrir um samvinnu í heimilisofbeldismálum þann 18. október. „Þú átt VON er vitundarvakning á vegum Jafnréttisstofu um heimilisofbeldi. Í henni er bent á fjölbreyttan stuðning og aðstoð sem er í boði og þolendur, gerendur og aðstandendur hvattir til að hringja í 112 til að finna það úrræði sem hentar best. 112 vill alltaf fleiri en færri símtöl svo ef þú ert vafa skaltu alltaf hafa samband við 112,“ segir Fríða Rós Valdimarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Jafnréttisstofu. Hún bendir á að heimilisofbeldi sé útbreitt; bæði um allt land og öll stig samfélagsins og sé meinsemd sem hafi alvarleg og varanleg áhrif á mörg hundruð íslenskar fjölskyldur á hverju ári.

„Með því að segja Þú átt VON, hvetjum við þolendur til að forða sér úr ofbeldisfullum aðstæðum eða samböndum, því ofbeldið bæði stigmagnast nær alltaf og hefur líka alvarleg áhrif á börnin. Þótt það sé aldrei auðvelt, þá eru ýmsar leiðir færar og hjálp í boði í hverju skrefi.“



Höfundar vitundarvakningarinnar Þú átt VON. MYND/JAFNRÉTTISSTOFA

Fríða segir að áfram þurfi að sameina ólíka krafta þeirra aðila sem vinna gegn ofbeldi og veita þolendum og aðstandendum stuðning, að ógleymdum þeim gerendum sem eru tilbúnir að leita sér hjálpar. En áfram þurfi að tryggja að fólk sem býr við ofbeldi fái réttar upplýsingar og viti hvert skal leita. „Til að einfalda hlutina er bent á eitt símanúmer, 112, sem gagnast fólki um allt land. Þar er tekið vel á móti öllum símtölum, hvort sem neyðin er brýn eða aðstæðurnar einfaldlega ógnandi, og þau úrræði samstundis virkjuð sem henta best í hverju tilviki.“

### Fimm myndbönd

Gerð hafa verið fimm myndbönd sem segja hvert sína sögu um heimilisofbeldi. Í fjórum þeirra segja raunverulegir þolendur sögu sína, þar á meðal barn, fötluð kona og kona af erlendum uppruna. Í því fimmta er sjóninni beint að gerendum. Myndböndin eru birt á heimasíðu verkefnisins, jafnretti.is/von og á Facebook-síðunni Byggjum brýr, Brjótum múra.

Jafnréttisstofa hlaut styrk úr áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt fyrir verkefnið Byggjum brýr, Brjótum múra – Samvinna í heimilisofbeldismálum. Það er unnið í samstarfi við innanríkisráðuneytið, velferðarráðuneytið, Ríkislögreglustjóra, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunni á Norðurlandi eystra, Lögregluna á Suðurnesjum, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Myndböndin voru unnin í samvinnu við auglýsingastofuna ENNEMM og Saga Film.

### Staðreyndir um heimilisofbeldi

Á ráðstefnunni komu fram nýjar upplýsingar um heimilisofbeldi á Íslandi.

- Á síðasta ári bárust lögreglu 890 tilkynningar um heimilisofbeldi og 251 einstaklingur dvaldi í Kvennaathvarfinu.
- Börn eru á vettvangi eða tengd heimilinu í tveimur af hverjum þremur útköllum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna heimilisofbeldis og 103 börn dvöldu í Kvennaathvarfinu árið 2017. Rannsóknir og reynsla sýnir að börn sem búa við heimilisofbeldi gera sér grein fyrir alvarleika þess og áhrif heimilisofbeldis á börn eru mikil og varanleg – hvort sem þau verða fyrir beinu ofbeldi eða ekki.
- Samkvæmt rannsóknum hefur ein af hverjum fimm þunguðum konum á Íslandi upplifað heimilisofbeldi. Það gerir um 900 konur á ári.
- Óvenju hátt hlutfall kvenna sem leita til Kvennaathvarfsins er af erlendum uppruna, eru fatlaðar eða eiga við einhvers konar veikindi að stríða.
- Hafi ofbeldi einu sinni verið beitt gegn maka gerist það nær örugglega aftur og stigmagnast nema gripið sé inn í með markvissum aðgerðum. Alvarlegasta afleiðing ofbeldis í nánum samböndum er dauði þolanda og eru mörg dæmi þess á Íslandi sem og annars staðar í heiminum.
- Á annað þúsund gerendur hafa nýtt sér niðurgreidda sérhæfða sálfræðiaðstoð hjá Heimilisfriði, sem styrkt er af velferðarráðuneytinu.

# Allir njóta sömu virðingar

**Hjá Lyfju hf. starfa um fjögur hundruð manns og er mikill meirihluti konur. Jafnlaunastefna er rekin í fyrirtækinu og lögð er áhersla á að meta hvern starfsmann á eigin forsendum.**



Svava Þorsteinsdóttir og Harpa Hödd Sigurðardóttir hafa unnið saman að jafnlaunastefnu Lyfju hf. MYND/EYÞÓR

Við hjá Lyfju hf. leggjum áherslu á að sérhver starfsmaður fyrirtækisins sé metinn á eigin forsendum, hafi jafna möguleika og njóti sömu réttinda í starfi og til starfsframa óháð kyni, aldri, uppruna eða lífsstíl. Með þessu móti getur starfsfólk starfað í þeirri vissu að hver og einn starfsmaður njóti sömu virðingar, sé eingöngu metinn út frá málefnalegum sjónarmiðum og hafi jöfn tækifæri innan fyrirtækisins,“ segir Svava Þorsteinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs Lyfju hf.

## Stórt fyrirtæki

Hjá Lyfju hf. starfa hátt í fjögur hundruð manns en fyrirtækið rekur verslanir undir vörumerkjum Lyfju, Apóteksins og Heilsuhússins, alls 44 verslanir um allt land. Ásamt því eru smærri byggðarlög þjónustuð með svokölluðum pokaútibúum. Viðskiptavinir í lyfjaskömmtun eru þjónustaðir í gegnum Lyfjalausnir auk þess sem Lyfja hf. á dótturfyrirtækið Heilsu ehf. „Markmið okkar er að stuðla að heilsu og vellíðan með framúrskarandi þjónustu á réttum stað á réttum tíma, og eru starfsmenn fyrirtækisins lykillinn að árangri á því sviði,“ segir Svava.

## Konur í meirihluta

Um 90 prósent starfsmanna Lyfju eru konur. „Það er aðeins í lyfsalahópnum okkar þar sem kynjahlutfallið er jafnt. Við erum þó markvisst alltaf að reyna að auka hlut karlmanna í fyrirtækinu en það hefur gengið hægt og grínumst við stundum með það að líklega séu strákarnir eitthvað smeykir við að koma og selja sokkabuxur og snyrtivörur.“

Lyfja hf. heldur úti jafnlaunastefnu. „Við höfum alltaf lagt áherslu á að greiða jöfn laun óháð kyni og vorum því afar ánægð að geta fengið stefnu okkar staðfesta með Jafnlaunavottun VR árið 2015. Þegar velferðarráðuneytið tók við vottuninni og hún var bundin í lög vorum við með þeim fyrstu til að fá vottun frá þeim. Við erum stolt af þeim árangri sem við höfum náð og hefur vottunin hjálpað okkur að skerpa á þessum málum og koma þeim í enn markvissari farveg en vottunin snýst einmitt um að halda áfram að ná enn betri árangri.“

## Léttur og skemmtilegur andi

Svava segir góðan anda ríkja í fyrirtækinu. „Við leggjum áherslu á léttan og skemmtilegan starfsanda þar sem allir fá að njóta sín. Við erum með 46 ólíka vinnustaði dreifða um allt land og eðlilega er starfsandinn ólíkur á milli staða en flest okkar eyðum stórum hluta vikunnar í vinnunni og því er mikilvægt að starfsfólki líði vel þar og sé ánægt. Við framkvæmum reglulega vinnustaðagreiningar og þar sjáum við meðal annars að starfsánægja, hollusta, tryggð og helgun starfsmanna fyrirtækisins er heilt yfir töluvert yfir meðaltali á landsvísu.“

*Er ákveðin stefna varðandi kynbundin mál sem upp geta komið?*

„Við höfum verið að vinna í þessum málum og lagt enn meiri áherslu á þau í kjölfar #metoo byltingarinnar. Jafnlaunavottunin gerir einnig skýrar kröfur varðandi þessi mál og tel ég afar mikilvægt að slík mál séu skýrt skilgreind hjá hverju fyrirtæki. Á næstu dögum munum við kynna fyrir starfsmönnum uppfærða stefnu varðandi einelti og kynferðislega og kynbundna áreitni ásamt uppfærðum leiðum til að tilkynna slík mál,“ svarar Svava og telur samstarf karla og kvenna innan fyrirtækisins gott.

„Sjálf velti ég því aldrei fyrir mér hvort ég sé að vinna með karlmanni eða kvenmanni, enda finnst mér kyn samstarfsaðila alls ekki skipta máli heldur frammistaða hvers og eins.“





LYFJA
– Lífið heil

Þægilegri leið fyrir þig

Lyfjaskömmtun

Með rafrænum skömmtunarlyfseðli getur þú gert þjónustusamning við Lyfju. Lyfin færðu svo send reglulega í næstu verslun Lyfju.

Heimsending á höfuðborgarsvæðinu alla virka daga frá 14:00-17:00.

lyfja.is

# Undirbúa fyrirtæki fyrir jafnlaunavottun

## Capacent leggur áherslu á að þekking á jafnlaunakerfi verði eftir í fyrirtækinu þegar ráðgjafar ljúka sinni vinnu.


Gunnar Haugen og Jakobína H. Árnadóttir. MYND/ERNIR

Jakobína H. Árnadóttir sviðsstjóri segir Capacent bjóða fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf og þjónustu við undirbúning að jafnlaunavottun. „Við förum yfir alla þætti sem fyrirtæki þurfa að hafa í lagi til að hljóta jafnlaunavottun. Okkar markmið er að viðskiptavinir þekki kröfurnar sem til þeirra eru gerðar í jafnlaunakerfi, hafi betri yfirsýn yfir sín launamál og séu sjálfbær í að viðhalda kerfinu þegar fram í sækir. Það er mjög breytilegt hversu flókið ferlið er og fer í rauninni eftir því hvað fyrirtækin eru vel undirbúin," segir hún. „Í sumum fyrirtækjum hefur lítið verið farið kerfisbundið yfir launatengd mál og þá er meiri vinna að laga og bæta. Hjá öðrum fyrirtækjum eru launamálin sífellt í skoðun og hjá þeim þarf minna að gera," segir Gunnar Haugen ráðgjafi. „Hluti af undirbúningi fyrir jafnlaunavottun er gerð jafnlaunastefnu, ferla og verklagsreglna. Þessi vinna þarf ekki að vera flókin en krefst nokkurrar yfirlegu, skráningar og aga," segir Jakobína. „Capacent leggur áherslu á að gera hlutina ekki flóknari en þeir þurfa að vera," bætir hún við.

„Markmiðið með kröfu um jafnlaunavottun er að greidd séu sömu laun óháð kyni fyrir jafnverðmæt störf. Það er nýtt fyrir marga að skoða hvaða störf eru jafnverðmæt innan fyrirtækis og hvaða starfsmenn eru sambærilegir. Mikið af undirbúningsvinnunni fer í að greina störf og svara þessum spurningum," segir Gunnar.

Jakobína segir að hvert og eitt fyrirtæki fái persónulega þjónustu enda séu þau ólík að stærð og gerð auk þess að vera með ólíkan grunn.

„Við leggjum mikla áherslu á að vinnan okkar komi að góðu gagni í öllu skipulagi er varðar launamál fyrirtækisins. Þetta er ákveðin tiltekt sem hefur áhrif á ákvörðunartökur í framtíðinni. Greiningin eykur skilning á verðmæti starfa og hlutirnir verða miklu einfaldari og skilvirkari," segir Jakobína.

# Raunhæfur árangur með jafnréttisvísi

Jafnréttisvísir er verkfæri fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja ná raunverulegum árangri í jafnréttismálum. Í verkefninu felst heildstæð nálgun að jafnréttismálum.

„Við tölum stundum um 360 gráða sýn á jafnrétti," segir Þórey Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi í Stefnumótun og stjórnun, en hún leiðir verkefnið Jafnréttisvísi hjá Capacent. „Um er að ræða stefnumótun og vitundarvakningu í jafnréttismálum sem ætlað er að meta stöðu jafnréttismála út frá ítarlegri greiningarvinnu, koma á breytingaverkefnum til að bæta stöðu jafnréttismála og innleiða þau."

### Í stöðumatinu er horft til nokkurra lykilþátta:

- Menningar, samskipta og vinnuumhverfis
- Stefnu og skipulags
- Skipurits
- Launa
- Fyrirmynda

„Eitt af því sem að við höfum lagt ríka áherslu á frá upphafi er að við ráðumst ekki í verkefnið með fyrirtæki nema það sé forstjóri þess eða stjórn sem leiði vinnuna," segir Þórey og bætir við að reynt sé að gefa öllu starfsfólki kost á að taka þátt í vinnunni á einhverju stigi, t.d. með vinnustofum þar sem umræða og fræðsla á sér stað um


Þórey Vilhjálmsdóttir.

margvísleg atriði og kallað er eftir hugmyndum að úrbótatækifærum.

„Með beitingu Jafnréttisvísisins er tekið á öllum helstu þáttum er snerta stöðu kynjanna og spurt hvort eitthvað sé því til fyrirstöðu að kynin njóti jafnréttis og að konur fái framgang innan fyrirtækja til jafns á við karla.

Í verkefninu vinnum við sérstaklega með fyrirtækjamenninguna og reynum að draga dulda fordóma upp á yfirborðið, gera þá sýnilega og vinna að því að útrýma þeim. Þannig fáum við betri vinnustað þar sem jafnt konum sem körlum líður betur og eru ánægðari í sínum daglegum störfum."


Jafnréttisvísir Capacent

fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja ná raunverulegum árangri.

JAFNRÉTTISVÍSIR · CAPACENT ·



„Í Landsbankanum, sem og í samfélaginu öllu, hefur orðið mikil vitundarvakning í jafnréttismálum. Með samstarfinu við Capacent og beitingu Jafnréttisvísins fáum við aðstoð við að greina stöðuna ítarlega, móta skýr markmið og vera almennt meðvitaðri í öllum samskiptum í þeim tilgangi að byggja upp gott starfsumhverfi og jákvæða og uppbyggilega fyrirtækjamenningu."

**Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans**



„Verkefnið hefur ýtt við fólki og vakið það til umhugsunar um hluti þar sem ákveðin meðvirkni var við lýði. Við erum ekki komin á neina endastöð en ferlið hefur fengið marga til að hugsa betur um framkomu á vinnustaðnum. Þessi vinna hefur þegar haft heilmikil áhrif á aðferðafræði við ráðningar og framgang fólks innan félagsins."

**Sigurður Viðarsson, forstjóri TM**



„Heildstæð úttekt á stöðu jafnréttismála í Landsvirkjun, ekki aðeins á mælanlegum þáttum eins og kynjahlutfalli og launum, heldur einnig á menningu, samskiptum og vinnuumhverfi. Samstarfið við Capacent hefur hjálpað okkur að greina stöðuna og virkja allt okkar starfsfólk á þessari mikilvægu vegferð."

**Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar**

jafnrettisvisir.is

capacent

# Kynjahlutfallið jafnað hjá Coca-Cola á Íslandi

**Jafnara kynjahlutfall í stjórnendahópi Coca-Cola European Partners á Íslandi hefur leitt af sér fjölbreyttari umræður og aukið gæði ákvarðana. Mannauðsstjórinn bendir á að konur séu um helmingur viðskiptavina og því mikilvægt að stjórnendur og starfsmenn endurspegli neytendahópinn.**

## Skiptir máli að láta verkin tala



Mikill og góður árangur hefur náðst í jafnréttismálum hjá Coca-Cola European Partners á Íslandi (Coca-Cola á Íslandi) á undanförnum árum en þrátt fyrir það segir Sonja M. Scott, mannauðsstjóri fyrirtækisins, að alltaf megi betur gera. Undanfarin tvö ár hafi verið settur fókus á að jafna kynjahlutfallið í stjórnendastöðum og markmið fyrirtækisins er að konur gegni að minnsta kosti 40% slíkra starfa. „Stjórn og framkvæmdastjórn eru mjög meðvituð um þetta markmið en jafnframt gerir móðurfyrirtækið ríkar kröfur til okkar hér á Íslandi um að standa undir þessu markmiði. Þessi vinna hefur gengið nokkuð vel og ef til vill endurspeglar það stöðu jafnréttismála á Íslandi almennt. Árið 2016 voru um 32% æðstu stjórnenda hjá okkur konur og samkvæmt nýjustu mælingum okkar er þessi tala komin upp í 42%. Við munum að sjálfsögðu halda áfram á þessari braut þar til við höfum náð jafnvægi, en við sjáum núna ástæðu til að fara að færa fókus okkar í auknum mæli að störfum í framleiðslu og vöruhúsi.“

Enn fremur nefnir Sonja að Coca-Cola á Íslandi hafi sett sér það markmið fyrir árið 2018 að standast jafnlaunavottun. Var það gert þrátt fyrir að ekki þurfti að klára verkið fyrr en í lok ársins 2019. „Fyrir okkur skiptir mjög miklu máli að láta verkin tala,“ segir Sonja. „Við settum okkur það markmið í ár að vera undir þriggja prósenta mun í launum á milli kynja og í nýlegri vottun kom í ljós að munurinn er 2,6%. Jafnlaunavottunin er gæðastaðall sem snýst um sífelldar úrbætur og styður okkur í því að gera enn betur á næstu árum.“

Jafnréttismál eru fjölþætt og geta verið flókin og bendir Sonja á að kynjahlutfallið í framleiðslustörfum og vöruhúsinu séu ekki konum í hag. „Við höfum að sjálfsögðu sett okkur það markmið að fjölga konum í þessum stöðum og til marks um það höfum við sett af stað átaksverkefni sem gengur út á það að hver sá starfsmaður sem bendir á á konu sem ráðin er í framleiðslustarf eða starf í vöruhúsi okkar hlýtur 100 þúsund krónur í bónus.“

Líðan starfsfólks Coca-Cola European Partners er mæld reglulega og fengu allir starfsmenn samsteypunnar, í þrettán Evrópulöndum, sömu viðhorfskönnun með 21 spurningu í júní síðastliðnum. Þar var meðal annars spurt um það hversu mikla áherslu starfsfólk telur sinn næsta yfirmann leggja á jafnréttismál. „Spurningarnar um jafnréttismál komu nokkuð vel út hér í samanburði við önnur lönd innan samsteypunnar en við stefnum að sjálfsögðu hærra,“ segir Sonja. „Á meðan mælingar á kynjahlutfalli í efstu stjórnendastöðum segir okkur eina sögu þá þurfum við einnig að vita hversu vel gengur að innleiða stefnuna í gegnum allt fyrirtækið.“

Eitt af því sem kom í ljós í kjölfar viðhorfskönnunarinnar var að laga mætti jafnvægi milli vinnu og einkalífs. „Við hrintum af stað átaki nú í haust sem kallast „Vellferð í vinnu“ og í samræmi við það höfum við lagt áherslu á velferð starfsmanna, meðal annars með fyrirlestri um næringarfræði, skyndihjálparnámskeið og fleira í þeim dúr. Það er mjög mikið að gera í fyrirtæki eins og okkar sem er alþjóðlegt fyrirtæki á markaði en við getum gert ýmislegt til að draga úr streitu. Fyrirtækið kemur svo til móts við starfsmenn með því að bjóða upp á gagnkvæman sveigjanleika þar sem því verður við komið.“



Sonja M. Scott, María Rosario Blöndal, Stefán Magnússon og Anna Regína Björnsdóttir. MYND/ERNIR

## Vinna þarf saman að jafnrétti



Anna Regína Björnsdóttir tók við starfi fjármálastjóra hjá Coca-Cola á Íslandi í byrjun árs og hefur undanfarna mánuði notið góðs af hinum ýmsu stjórnendanámskeiðum sem eru í boði hjá fyrirtækinu. „Ég hef sótt námskeið með fjölmörgum hæfileikaríkum konum innan fyrirtækisins sem koma frá hinum ýmsu þjóðum heimsins, svo á sama tíma hefur mér gefist tækifæri til að efla tengslanetið innan fyrirtækisins. Eins hef ég tekið þátt í vinnustofum þar sem konur og karlar koma saman og ræða hvernig tryggja megi jafnrétti kynjanna innan vinnustaðarins. Að mínu mati er einmitt lykilinn að árangri í jafnréttismálum að líta ekki á þau sem einkamál kvenna, valdahlutföllin eru enn ójöfn og því er mikilvægt að konur og karlar vinni saman að þessum málum til að árangur náist,“ segir Anna Regína.

Hún segir að á síðustu árum hafi Coca-Cola á Íslandi náð góðum árangri í að laða til sín og ráða hæfileikaríkar konur og þannig náð að jafna kynjahlutföllin. „Það eru forréttindi að starfa fyrir stórt og öflugt alþjóðlegt fyrirtæki sem leggur mikinn metnað í að efla kvenkyns stjórnendur. Okkur miðar í rétta átt með að jafna út kynjahlutföllin en við viljum hraða þessu ferli enn frekar og því hefur ýmsum úrræðum verið hrint í framkvæmd til að styðja við það.“

Þegar kemur að því að fá fleiri konur í iðn- og tæknistörf segir Anna Regína lykilatriði að kynna stúlkum og ungum konum þennan heim. „Það er erfitt að sjá sjálfa sig í aðstæðum eða störfum sem eru framandi og því skiptir miklu máli að fræða stelpur í grunn- og framhaldsskólum um alla starfsmöguleikana sem bjóðast þeim. Ég er verkfræðingur að mennt og þegar ég var í námi var kynjahlutfallið langt frá því að vera jafnt, það truflaði mig þó ekki því ég gat horft til sterkra kvenna sem höfðu klárað sama nám og náð langt í atvinnulífinu. Það skiptir sköpum að hafa sterkar fyrirmyndir og því er mikilvægt að konur í séu sýnilegar á opinberum vettvangi.“

## Ráðin barnshafandi til starfa

Ég hóf störf hjá Coca-Cola á Íslandi þann 1. september 2017 en þá var ég komin um fimm mánuði á leið,“ segir María Rosario Blöndal, sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu, sem ákvað að láta ekki meðgönguna stöðva sig í að sækja um draumastarfið. Hún segir að stjórnendur fyrirtækisins hafi tekið þeirri frétt vel að hún ætti von á barni og að þau hafi sýnt henni mikinn sveigjanleika. „Þegar mér var boðið starfið tilkynnti ég Sonju [M. Scott mannauðsstjóra] að ég væri ólétt og væri sett í byrjun janúar, eftir fimm mánuði. Á þeim tíma ræddum við að þetta væri draumastarf og að ég væri að horfa til lengri tíma hjá Coca-Cola á Íslandi, því ætti fæðingarorlof ekki að breyta miklu máli. Við vorum þar sammála og Sonja sagði mér strax að þetta yrði ekkert mál. Ég var síðan mjög heppin og gat unnið alla meðgönguna í 100% starfi og vann út settan dag. Mánudaginn 8. janúar kom svo í heiminn heilbrigður og góður strákur.“

> „Á þeim tíma ræddum við að þetta væri draumastarf og að ég væri að horfa til lengri tíma hjá Coca-Cola á Íslandi, því ætti fæðingarorlof ekki að breyta miklu máli.



María sinnir markaðssetningu vörumerkja Coca-Cola á Íslandi á samfélagsmiðlum, markar stefnu fyrir vörumerkin og fylgir henni eftir með auglýsingastofum. Hún greinir tækifæri á stafrænum miðlum, greinir auglýsingaherferðir og rýnir í gögnin. Hún er vörumerkjastjóri fyrir þrjú vörumerki og gerir fyrir þau markaðsáætlanir, kostnaðaráætlanir auk þess að fylgjast með gögnum um vörumerkin. Auk þess heldur hún úti vefsvæði fyrirtækisins og innra neti. Starfið er því umfangsmikið. Hún segir að það hafi verið draumi líkast að starfa hjá Coca-Cola á Íslandi með ungt barn. „Mér stendur alltaf til boða að vinna heima ef það hentar og fyrirtækið er mjög sveigjanlegt og alltaf til staðar fyrir mig!“

## Jafnvægi á milli einkalífs og vinnu



Margt hefur breyst síðan Stefán Magnússon hóf störf hjá fyrirtækinu 2001 (þá Vífilfell). Á þeim tíma var hlutfall karlmanna mun hærra og aðeins fáar konur í starfi. „Við trúum því að fjölbreytileiki geri fyrirtækið sterkara og hefur því verið lögð áhersla á að auka fjölbreytileikann til að gera fyrirtækið samkeppnishæfara. Það hefur gengið vel og margir mikilvægir lykilstarfsmenn bæst við hópinn af báðum kynjum sem gera fyrirtækið samkeppnishæfara og fjölbreyttara,“ segir Stefán sem starfar sem markaðsstjóri Coca-Cola á Íslandi. „Í markaðsmálum er þetta sérstaklega mikilvægt því við þurfum að þekkja sjónarmið beggja kynja vel til að geta höfðað betur til neytenda. Á endanum snýst þetta um að ráða hæfustu einstaklingana inn í hópinn og ætti kyn því ekki að skipta neinu máli hvað varðar ráðningar. Eins og í tilviki Maríu,“ en Stefán er einmitt yfirmaður hennar.

Á umliðnum árum hefur starfið hjá Coca-Cola á Íslandi jafnframt verið gert fjölskylduvænna. Stefán segir að áhersla sé lögð á að reyna ná góðu jafnvægi á milli einkalífs og vinnu, passa að starfsfólk njóti sín í vinnunni og njóti sín þar af leiðandi einnig heima. „Flestir á skrifstofu hafa fartölvu og geta unnið heima ef þess þarf eða unnið þar sem hentar best hverju sinni út frá fjölskyldunni og þannig náum við að koma til móts við fjölskyldulífið. Þetta merkir ekki að við krefjumst þess að fólk sé alltaf vinnandi heima hjá sér heldur frekar er þetta hugsað til að auka sveigjanleikann. Við erum mun skemur komin á þessari vegferð en kollegar okkar í öðrum löndum en þar er algengt að fólk hafi starfsstöð bæði heima hjá sér og á skrifstofu.“



Ráðstefnan var vel sótt.

# Ráðstefna Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa stóð fyrir ráðstefnu um samvinnu í heimilisofbeldismálum þann 18. október sl. með yfirskriftinni Gerum betur – Áhrifaríkar aðferðir og helstu hindranir í vinnu með heimilisofbeldismál. Ráðstefnan var hugsuð sem vettvangur fyrir fagfólk sem vinnur með heimilisofbeldismál sem og almenning. Eftir að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra opnaði ráðstefnuna voru frumsýnd 5 myndbönd sem eru hluti af vitundarvakningunni Þú átt von – sameinum kraftana gegn ofbeldi. Þá voru flutt erindi um hinar ýmsu víddir heimilisofbeldis og almennt um ávinning þess að vinna saman með heimilisofbeldismál milli ólíkra þjónustuaðila, eins og gert er í Saman gegn ofbeldi.

Haldnar voru þrjár málstofur. Sú fyrsta bar yfirskriftina Betra vinnulag. Þar var fjallað um hvar þarf að bæta þjónustu við ákveðna hópa þolenda ofbeldis í nánum samböndum, svo sem gagnvart fólki með fötlun og fólki sem er óstaðsett í hús eða í neyslu. Sagt var frá bættu verklagi hjá bráðamóttöku Landspítalans gagnvart brotaþolum heimilisofbeldis. Bjarkarhlíð er nú orðin eins og hálfs árs og komin ágætisreynsla á það úrræði fyrir þolendur og var það kynnt af framkvæmdastýru verkefnisins.

**» Þórhildur Ólafsdóttir dagskrárgerðarkona sagði frá tilurð þáttanna Kverkatak. Það kom henni verulega á óvart að ómögulegt var að fá geranda til að stíga fram og segja frá reynslu sinni.**

Málstofan Betri vernd fjallaði um erfiðleikana við að skilja við ofbeldisfullan maka og hvar glufur er að finna í almennri þjónustu í því ferli. Kynnt var ný rannsókn á ofbeldismönnum og kynning haldin á úrræði fyrir gerendur í heimilisofbeldi, Heimilisfrið. Sú þjónusta er niðurgreidd og opin bæði körlum og konum.

Í síðustu málstofunni sagði Þórhildur Ólafsdóttir, dagskrárgerðarkona á Rás 1, frá tilurð þáttanna Kverkatak. Henni kom verulega á óvart að ómögulegt var að fá geranda til að stíga fram og segja frá reynslu sinni. Annað var uppi á teningnum með að fá brotaþola til að deila sinni sögu.

Í Bjarkarhlíð er sérstakur stuðningshópur fyrir pólskar konur sem upplifað hafa ofbeldi í nánum samböndum. Ania Wojtynska og Maria Jagoda kynntu hvernig úrræðið hefur reynst þátttakendum.

Síðasta erindi ráðstefnunnar var frá Sigrúnu Sigurðardóttur. Hún kynnti rannsókn sem hún vinnur að á því hvernig brotaþolar kynferðisofbeldis hafa komist út úr ofbeldisaðstæðunum og hvað reyndist þeim vel í að ná bata.

# Jöfnustu stórfyrirtækin

Equileap-stofnunin, sem berst fyrir jafnrétti á vinnustöðum, greindi nýlega upplýsingar frá 3.000 alþjóðlegum stórfyrirtækjum til að komast að því hvar kynin væru jöfnust og gaf út lista yfir þau 200 stórfyrirtæki þar sem jöfnuður er mestur.

Equileap notaði nokkra ólíka mælikvarða til að meta kynjajafnréttið, en rannsóknin náði bara til opinberra fyrirtækja sem eru metin á meira en tvo milljarða dollara.

Bandaríska fyrirtækið General Motors kom best út úr þessum samanburði. Forstjóri fyrirtækisins, Mary Barra, er fyrsti kvenkyns forstjóri fyrirtækisins og fyrsti kvenkyns forstjóri eins stærsta bílaframleiðanda heims. Fyrirtækið hefur jafn margar konur og karla í stjórn og þar er enginn kynbundinn launamunur.

Franski snyrtivörurisinn L'Oréal lenti í öðru sæti og þar á eftir kom fyrirtækið Kering, sem á ýmis fræg lúxus tískumerki.

Forstjóri Equileap, Diana van Maasdijk, segir að mörg fyrirtæki hafi stigið stór skref í átt að auknu jafnrétti kynjanna síðastliðið ár, en að slík fyrirtæki séu enn undantekningin, en ekki reglan, og að fleiri fyrirtæki ættu að leggja áherslu á jafnrétti starfsmanna sinna.




Mary Barra, forstjóri General Motors, er fyrsti kvenkyns forstjóri stórs bílaframleiðslufyrirtækis. NORDICPHOTOS/GETTY




Í Rjúpnaveiðina
Benelli
SAVAGE ARMS
BERETTA
FRANCHI
Deerhunter
SKOTVEIÐIFATNAÐUR
Cumberland húfa
kr. 2.200
Petzl Tikka höfuðljós 200 lúmen
kr. 6.990
Bushnell H2o 10x25
kr. 13.900
Bushnell Trophy 10x28
kr. 25.900
Skotlúffur
kr. 7.760
Göngusokkar
kr. 1.990
Snjóþrúgur
kr. 19.900
Göngubroddar
kr. 7.900
Survival Bag
kr. 1.195
Rjúpnavesti
kr. 22.900
Silva Ranger SL
áttaviti kr. 4.900
Verdun Jakki Deerhunter
kr. 13.900
Merino ullarbolur
kr. 5.990
HULL
Hágæða
haglaskot
Vatnsheldar legghlífar
kr, 9.995
Merino ullarbuxur
kr. 5.490
Vesturröst
Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

# Kolvetnalaust mataræði krefst mikils sjálfsaga

**Lágkolvetnakúrinn svokallaði hefur lengi verið vinsæll um allan heim. Fólk kýs að taka burt kolvetni, sterkju, sykur og hveiti úr fæðunni en borðar fitu og grænmeti í staðinn. Margir hafa prófað kúrinn en fólk endist misvel á honum.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Í rauninni eru nokkrar gerðir af lágkolvetnakúrum eftir því hvað fólk vill ganga langt í mataræðinu. Eftir því sem kúrinn er „strangari“ þeim mun meiri líkur eru á að fólk gefist upp. En hvernig getur lágkolvetnamataræðinu verið skipt í flokka? Jú, í einu stiginu eru þeir sem leyfa sér aðeins meira en halda sér þó við þetta fæði að mestu. Ketó mataræði er til að mynda gríðarlega vinsælt í Bandaríkjunum. Ketó er strangt lágkolvetnafæði og þar er fita aðaluppistaðan. Það þarf reyndar mikinn aga til að sleppa öllum kolvetnum.

Í ketófæði má borða egg, kjúkling, fisk, rautt kjöt auk grænmetis sem vex ofan jarðar, til dæmis salat, spergilkál, blómkál, tómata, gúrku, sveppi og baunir. Það má nota ólífuolíu, borða lárperu og smávegis af hnetum. Eingöngu feitar og ósætar mjólkurafurðir eru í ketómataræði en margir sleppa þeim alveg.

Ketó er í raun mjög strangt mataræði. Nauðsynlegt er að hugsa vel um gæði matar og borða reglulega. Ekki borða mikið á kvöldin. Borðið hægt og rólega. Gætið að því að maturinn innihaldi næga orku. Drekkið vatn.

Ef þú ert á frjálslegri lágkolvetnakúr máttu að auki borða ber, rótargrænmeti og 70% súkkulaði. Auk þess eru sumar mjólkurvörur í lagi eins og feitur ostur og ósætar mjólkurafurðir. Ekki drekka ávaxtasafa, sæta drykki, bjór eða sæt vín. Ekki borða mat sem er ríkur af sterkju eins og pasta, brauð, kartöflur og hrísgrjón. Bannað er að borða sælgæti og ís ef þú ert á lágkolvetnafæði.

Lágkolvetnafæði, eða ketómataræði, virkar vel til að létta sig. Flestir eru þó sammála um að betra sé að hreyfa sig líka meðfram breyttu mataræði. Góður göngutúr gerir gagn.

### Mismunandi áhersla

Ketó = strangur lágkolvetnakúr. Einungis má borða að hámarki 20 grömm af kolvetnum á dag. Í ketó sleppir fólk ávöxtum og borðar mjög lítið af tómötum, lauk og papriku. Í staðinn er borðuð meiri fita, salat, spergilkál eða grænkál.

Meðal lágkolvetnakúr. Í þessum kúr má borða á milli 20-50 grömm af kolvetnum hvern dag. Það má borða baunir og feitar, ósætar mjólkurvörur. Á veisludögum má fá sér smávegis af berjum og jafnvel dökkt súkkulaði. Ólífuolía er í lagi með grænmeti.

### Frjálslegur lágkolvetnakúr

Hann getur innihaldið allt upp í 100 grömm af kolvetnum á dag. Þessi kúr er ekki eins hraðvirkur og hinn varðandi þyngdartap. Hér má borða rótargrænmeti, bakstur með litlum kolvetnum, eins og möndluhveiti og vera hóflegur í mjólkurafurðum.

Túrbókúrinn. Þessi lágkolvetnakúr orsakar hraðara þyngdartap en getur verið erfiðari fyrir líkamann. Þetta er mjög strangur ketómatarkúr. Sumir lifa á eggjum og kjöti en sleppa öllu grænmeti. Aðrir fasta í tvo daga í viku eða fasta í átta tíma á sólarhring.

Venjulegt fæði samanstendur af prótíni, fitu og kolvetnum. Kolvetni breytast í blóðsykur í líkamanum. Með því að innbyrða minni kolvetni gengur líkaminn á orkuna í fitunni sem aftur leiðir til þyngdartaps. Það geta ekki allir farið á ketófæði og þess vegna ætti fólk að ræða við lækni áður en það ákveður breytingu á mataræðinu. Fólk með sykursýki 1 ætti alls ekki að fara á ketó né heldur barnshafandi konur eða með barn á brjósti.

Fólk sem breytir mataræði sínu og skiptir kolvetnum út fyrir dýrafitu ætti að vanda vel hvað það setur ofan í sig. Betra er að skipta kolvetnum út fyrir grænmeti en til dæmis beikoni eða mjög feitri, unninni kjötvöru. Oft getur verið best að fara rólega af stað og prófa sig áfram. Þeir sem eru í baráttu við ofþyngd og vilja breyta mataræðinu með því að sleppa kolvetnum ættu að ráðfæra sig við lækni eða næringarfræðing áður en kúrinn hefst. Mjög margir hafa losað sig hratt við kílóin á þessum kúr en þau eru fljót að koma aftur ef svindlað er á honum.



Góð steik er hluti af lágkolvetnafæði. Fæstir vilja þó steik daglega þótt hún geti verið mjög góð.



Kjúklingur með kúrbít og grænmeti er góð og holl kolvetnasnauð máltíð. Fólk þarf að vera hugmyndríkt á ketó.



Eggjakaka með lauk, tómat, spínati og feitum osti er sannkölluð ketómáltíð. Góður morgunverður fyrir flesta.

VERKFRÆÐI, ARKITEKTÚR OG HÚSBYGGINGAR

Sérlega flott blað um heim verkfræði, arkitektúrs og húsbygginga í Fréttablaðinu miðvikudaginn 31. október.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir;**

Jóhann Waage, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 512 5433 / johannwaage@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Fjármálastjóri

## Leo Fresh Fish leitar að öflugum einstaklingi í starf fjármálastjóra

**Starfssvið**
- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á reiknishaldi og fjárreiðum félagsins
- Samskipti við banka og aðrar fjármálastofnanir
- Yfirumsjón með samningum við viðskiptavini og innheimtu
- Áætlanagerð og eftirfylgni þeirra
- Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu hennar
- Ber ábyrgð á tölvu- og tæknimálum
- Ýmis önnur tilfallandi störf

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða fjármála er æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum og þekking á rekstri fyrirtækja æskileg
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði sem og góð enskukunnátta
- Mjög góð þekking á bókhaldskerfum og Excel
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanangerð
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Pétursson, framkvæmdastjóri í síma 899-0166 eða í tölvupósti (arnar@leofresh.is) eða Tryggvi Már Sæmundsson, útflutningsstjóri í síma 896-4788 eða í tölvupósti (tryggvi@leofresh.is)
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferlisskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir berist á arnar@leofresh.is og á tryggvi@leofresh.is. **Umsóknarfrestur er til og með 4. nóvember 2018.**
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Leo Fresh Fish er fyrirtæki sem sérhæfir sig í útflutningi á ferskum sjávarafurðum.
Fyrirtækið er með starfstöðvar í Vestmannaeyjum og í Frakklandi.

---

Tálknafjörður

## Breyting á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar í Tálknafirði.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr, 123/2010 tillögu að breytingu deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar í Tálknafirði.

Breytingin felst í því að byggingarreitur B2 er stækkaður til austurs og aðalagaður að landamerkjum að norðanverðu. Að öðru leyti haldast skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Strandgötu 38 frá og með miðvikudeginum 24. október til 5. desember 2018. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps, **www.talknafjordur.is.**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagið til 5. desember 2018.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, *Strandgötu 38, 460 Tálknafirði.*

*Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps*

---

## AUGLÝSING
## UM SKIPULAG Í GARÐABÆ

**Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu á breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar vegna fjölnota íþróttahúss ásamt umhverfisskýrslu samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 3. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem framkvæmdin fellur undir tl. 10.03 í viðauka 1 í lögum um umhverfismat. Tillagan er auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.**

Tillagan gerir ráð fyrir lóð fyrir fjölnota íþróttahús með rými fyrir knattspyrnuvöll í fullri stærð innanhúss auk upphitunaraðstöðu í plani við hann, ásamt tilheyrandi stoðrýmum.
Byggingareitur er staðsettur austan Vetrarbrautar við rætur Hnoðraholts.
Áður auglýst breytingartillaga gerði ráð fyrir byggingarreit fjölnota íþróttahússins nokkuð sunnar.

Ytri mál byggingarreitsins eru 97x143 m og hámarkshæð frá aðkomukóta er 23 m, sem er 39 mys.

**Markmið deiliskipulags lóðarinnar eru:**
a) Að skapa umgjörð um raunhæfa og framsýna lausn á íþróttasvæði í góðum tengslum við byggð og samgöngur.
b) Að helstu rými íþróttamannvirkja njóti dagsbirtu í eins ríkum mæli og aðstæður leyfa.
c) Að hafa umhverfismál og sjálfbærni að leiðarljósi.
d) Að skapa öruggt og líflegt almenningsumhverfi, m.a. með „opnum og lifandi" jarðhæðum þar sem því verður við komið.
e) Að móta skjólsæl rými.
f) Að byggja upp öruggt umferðarkerfi þar sem sérstök áhersla er lögð á liðugt flæði gangandi og hjólandi umferðar og tengingar við nærliggjandi svæði.

Deiliskipulagsbreytingartillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 24. október 2018 til og með 5. desember 2018. Hún er einnig aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar **www.gardabaer.is**.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagsbreytingartillöguna.
Frestur til þess að skila inn athugasemdum og ábendingum rennur út **miðvikudaginn 5. desember 2018**.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar eða á **skipulag@gardabaer.is** og skulu þær vera skriflegar.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • **GARDABAER.IS**

---

# Laus störf
## hjá Kópavogsbæ

**Kópavogsbær auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar:**

**Grunnskólar**
Frístundarleiðbeinandi í Snælandsskóla
Frístundarleiðbeinandi í Salaskóla
Kennari á miðstig í Vatnsendaskóla
Kennari á yngsta stig í Snælandsskóla
Kennari í Álfhólsskóla
Þroskaþjálfi í Hörðuvallaskóla

**Leikskólar**
Atferlisþjálfun – starfsmaður í sérkennslu
Deildarstjóri í Austurkór
Leikskólakennari í Kópastein
Leikskólakennari í Efstahjalla
Leikskólakennari í Austurkór
Leikskólakennari í Kópahvol
Leikskólakennari í Urðarhól
Leikskólakennari í Marbakka
Leikskólakennari í Álfatún
Sérkennari í Sólhvörf
Sérkennari í Austurkór
Sérkennari í Kópahvol
Sérkennari í Fífusali

**Velferðarsvið**
Stuðningsaðilar í liðveislu
Þroskaþjálfi á heimili fyrir fatlaða

**Annað**
Deildarstjóri launadeildar
Innkaupastjóri
Starfsmaður í Kópavogslaug

**Umsóknir ásamt upplýsingum um störfin eru á vef Kópavogsbæjar, kopavogur.is.**

Kópavogsbær
kopavogur.is

**Byggingarkostnaður sveiflast með genginu**

*Undanfarnar vikur hefur gengi krónunnar lækkað töluvert gagnvart helstu viðskiptamyntum. Hefur þessi þróun mikil áhrif á byggingariðnaðinn?*

„Það eru margir sem átta sig ekki á því hversu mikil áhrif gengið hefur á byggingariðnaðinn. Það er nánast ekkert annað íslenskt byggingarefni til en mölin í steypunni og því hafa gengissveiflur samdægurs bein áhrif á byggingarkostnað. Ef við tökum dæmi um glugga þá er langstærstur hluti glugga innfluttur. Gengisveiking krónunnar síðustu daga og vikur hefur hækkað innkaupsverð á gluggum jafnóðum. Því er ljóst að ef gengið heldur áfram að veikjast mun byggingarkostnaður hækka. Þetta er mikið áhyggjuefni, sérstaklega hvað varðar íbúðabyggingar.“

*Hvernig metur þú horfurnar í efnahagslífinu næstu misserin?*

„Byggingariðnaðurinn er mjög háður almennu ástandi í þjóðfélaginu. Það er óvissuástand en maður sér enga ástæðu fyrir því nema komandi kjaraviðræður og sú tímabundna óvissa sem er í flugrekstri. Allar undirstöður virðast traustar og hagtölur benda til þess að það sé óþarfi að hafa áhyggjur en svona er þetta nú samt. Óvissan þýðir að fjármögnunarfyrirtæki eru varkárari og ég vona að verktakar séu einnig varkárari. Það er vonandi að okkur takist að leysa það á þann hátt að ekki valdi kollsteypu.“

Gylfi segist nokkuð bjartsýnn á að næstu tvö til þrjú árin verði ástandið í þjóðfélaginu þokkalegt. Hagkerfið leiti í jafnvægi eftir drjúgan vöxt undanfarinna ára. Aðspurður segir hann ólíklegt að erlent starfsfólk í byggingariðnaðinum muni í auknum mæli fara úr landi á næstunni en ófyrirséðir atburðir eins og áföll í ferðaþjónustu sem draga úr eftirspurn eftir íbúðum geti hins vegar breytt stöðunni skyndilega. „Síðan er það þannig að ef allt lendir á hvolfi í verkföllum í nokkra mánuði er ljóst að stór hluti af því erlenda starfsfólki sem er í tímabundnum verkefnum hér á landi mun ekki bíða lengi eftir að kjaradeilan leysist,“ segir Gylfi.

**Launahækkanir leysa ekki húsnæðisvandann**

*Ákall um aðgerðir á húsnæðismarkaði hefur bæði komið fram í samningsáherslum Samtaka atvinnulífsins og kröfum verkalýðsfélaga. Getur málefnið orðið lykill að farsælum kjaraviðræðum?*

„Mín tilfinning er sú að húsnæðisöryggið sé mál sem ríki, sveitarfélög, atvinnurekendur og launþegar eigi að geta sameinast um. Það er ljóður á samfélaginu að við séum búin að eyða tíu árum vitandi að það sé íbúðaskortur án þess að ráðast í róttækar aðgerðir. Húsnæðisöryggi er grundvöllur fyrir sjálfsvirðingu og sjálfstæði fólks,“ segir Gylfi. „En launahækkanir munu ekki leysa þennan grundvallarvanda. Íbúðum mun ekki fjölga við hækkun launa og þær verða ekki ódýrari. Það þarf stórfellda íbúðauppbyggingu og lausnir fyrir mismunandi tekjuhópa, og þetta þarf að gerast hratt og skilvirkt,“ segir hann og bætir við að fordæmi séu fyrir átaki í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir tiltekna tekjuhópa, til að mynda þegar ráðist var í uppbyggingu á verkamannabústöðunum við Hringbraut.

*Hvers vegna hefur markaðurinn ekki náð að útvega sumum hópum húsnæði?*

„Það er ákveðinn brestur á markaðinum í þeim skilningi að stór hluti þeirra íbúða sem verið er að byggja er utan seilingar flestra tekjuhópa. Síðustu ár hefur verið byggt mikið af íbúðum á verðbilinu 60 til 100 milljónir en það er ekki verið að byggja nægjanlegt magn íbúða fyrir hópa eins og fólk sem er að klára nám og koma inn á vinnumarkaðinn,“ segir Gylfi. „Mér sýnist að þessar dýrari íbúðir séu að seljast illa, þó að það sé auðvitað misjafnt eftir svæðum, og að öll sala tengd miðbænum hafi verið erfið síðustu mánuði. Sum verkefni hafa þó vissulega gengið vel.“

Þá varpar Gylfi fram þeirri spurningu hvers vegna í ósköpunum sé verið að byggja svo mikið af svo dýrum íbúðum, og hann svarar um hæl:

„Fæstir gera sér grein fyrir því hversu mikið tíminn telur af verði byggingar. Segjum að einhvers staðar sé óskipulagt svæði. Það þarf að koma í gegn deiliskipulagi, síðan öllum byggingarnefndarteikningum, og þá er fjármagnskostnaðurinn orðinn himinhár þegar menn byrja loksins að byggja. Ég held að það láti nærri að byggingarkostnaðurinn, þ.e.a.s. efni og vinna á byggingarstað, sé aðeins um 50 prósent af endanlegu söluverði íbúðar. Við sem erum í þessum bransa getum sagt margar sögur af óskilvirkni í kerfinu sem eru svo furðulegar að það trúir manni enginn,“ segir Gylfi og nefnir að hann hafi um morguninn hitt háttsettan bankamann sem sagðist vera að byggja sumarbústað. „Hann sagðist skilja hvers vegna við verktakar værum „alltaf að væla“ og sagði að þetta væri eitt flóknasta verkefni sem hann hefði glímt við.“

Íþyngjandi kvaðir í deiliskipulagi hverfa geta orðið til þess að hækka íbúðaverð verulega, að sögn Gylfa. Hann nefnir bílastæðahús sem dæmi.

„Segjum að þú ætlir að byggja 45 fermetra íbúð og að íbúðin kosti 500 þúsund krónur á fermetrann, eða um 22,5 milljónir samtals. Þá er kannski kvöð í deiliskipulagi um að það verði eitt stæði í bílageymslu að fylgja en það hækkar kostnaðinn um sirka fimm eða sex milljónir. Þarna erum við að tala um að hátt í fjórðung af íbúðaverðinu megi rekja til bílastæðis sem þú átt niðri í kjallara og þú ert bara að reyna að eiga þak yfir höfuðið.“

**Þétting byggðar hækkar húsnæðisverð**

Ofan á fjármagnskostnaðinn, byggingarkostnaðinn, lóðarverð og þann kostnað sem hlýst af kvöðum í deiliskipulaginu bætast síðan opinber gjöld sem auka heildarkostnaðinn enn meira, og þar af leiðandi íbúðarverðið.

„Sum sveitarfélög hafa farið í þann ljóta leik að notfæra sér lóðaskortinn með þeim hætti að búa til ný gjöld sem eru kölluð ýmsum nöfnum eftir sveitarfélögum, eins og byggingarréttargjald og innviðagjald. Ég hef stundum kallað þetta kynslóðaskatt vegna þess að fólk af minni kynslóð borgaði ekki fyrir uppbyggingu skóla í hverfinu sínu í gegnum íbúðaverðið. Við borguðum fyrir hana með útsvari og fasteignagjöldum. Þessi gjöld eru að mínu mati ólögleg og það er mjög mikilvægt að þau verði afnumin.“

*Hefur þéttingarstefna sveitarfélaga stuðlað að því að húsnæðisverð sé hærra en það þurfi að vera?*

„Sum sveitarfélög hafa verið að reka þéttingarstefnu sem ég er í sjálfu sér hlynntur en það má ekki gleyma því að þéttingin hefur áhrif á verðið. Fjármagnskostnaður er miklu hærri í þéttingarverkefnum vegna þess að þau taka lengri tíma.

Í fyrsta lagi er erfiðara að koma öllu skipulagi í gegn og þess vegna byrjar fjármagnskostnaðurinn að tikka fyrr inn.

Í öðru lagi er erfiðara og tímafrekara að byggja í þröngum aðstæðum. Það eru flestir sammála um að þétta þurfi byggð að einhverju leyti en við þurfum að finna milliveg,“ segir Gylfi. Hann telur að í stað þess að leggja sérstök gjöld á uppbyggingu á þéttingarreitum eigi að veita afslátt.

„Það er verið að nota innviði sem eru fyrir hendi og þess vegna er þétting byggðar mun ódýrari fyrir sveitarfélög. Í stað þess að bæta gjöldum ofan á ættu þau að fella gatnagerðargjöldin niður eða gefa afslátt af þeim.“

**Langtímahugsun skýrir langan líftíma**

Jáverk var stofnað á Selfossi og er á 27. starfsári sínu sem telst hár aldur hjá verktakafyrirtæki á sömu kennitölu. Fyrirtækið tekur að sér byggingarverkefni fyrir aðra og ræðst einnig í eigin verkefni. „Þetta hefur verið farsæll og stöðugur rekstur hjá okkur í gegnum tíðina. Það hefur aldrei verið markmiðið að vera stærsti byggingarverktakinn á Íslandi en við viljum vera í ákveðnum stærðarflokki til þess geta tekist á við verkefni af nánast hvaða stærðargráðu sem er,“ segir Gylfi. Aðspurður segir hann að frábært starfsfólk, lítil starfsmannavelta og langtímahugsun sé ein af skýringunum á bak við langan líftíma fyrirtækisins.

„Sú stefna hefur skilað sér í að flest okkar verkefna eru tilkomin með frjálsum samningum við verkkaupa. Traust og orðspor skipta öllu,“ segir Gylfi.

Þá hafi fyrirtækið lagt upp úr því að byggja upp traust viðskiptasambönd við viðskiptavini sína hvort sem um er að ræða verkkaupa, íbúðakaupendur, birgja eða undirverktaka.

„Fyrirtækið á að lifa af eigendur sína, við ætlum ekki bara að hagnast á einu verkefni. Það má líka nefna að við höfum byggt upp þá þekkingu sem þarf til að kostnaðaráætlanir standist hvort sem við erum að vinna í tilboði fyrir aðra eða í eigin verkefnum.“

Á þessu ári lauk Jáverk við stórfellda uppbyggingu fyrir Bláa lónið sem fól í sér byggingu hágæðaheilsulindar, stækkun lónsins og byggingu lúxushótels. Um gríðarstórt verkefni var að ræða sem var mjög krefjandi og segir Gylfi að verkið sé eitt það skemmtilegasta sem fyrirtækið hafi tekið að sér hingað til. Á meðal þeirra verkefna sem eru í höndum Jáverks í dag eru uppbygging á stóri vöruhúsi í Korngörðum fyrir Innnes og á 125 stúdentaíbúðum fyrir Háskólann í Reykjavík.

## Erlenda hlutfallið fari upp í allt að 50%

Deyfð á íslenska verðbréfamarkaðinum hefur verið rakin til þess að lífeyrissjóðirnir einblíni nú á að fjárfesta erlendis. Frá ársbyrjun 2016 hefur vægi innlendra hlutabréfa í eignasafni lífeyrissjóðanna minnkað úr tæplega 13 prósentum í 9,9 prósent. Á sama tíma hefur hlutfall erlendra eigna farið úr rúmlega 22 prósentum í 26 prósent. Gylfi, sem er varaformaður Gildis lífeyrissjóðs, segir að með tímanum fari hlutfallið upp í 40 prósent og jafnvel hærra.

„Lífeyrissjóðirnir hafa í samræmi við eðlilega áhættudreifingu verið að auka fjárfestingar sínar erlendis og í ólíkum eignaflokkum. Við bjuggum við gjaldeyrishöft í mörg ár þannig að þetta tekur sinn tíma. Fjárfestingarstefna Gildis eins og hún er í dag miðar að því að koma erlenda hlutfallinu í 35% á árinu en að hámarki 45% prósent en það getur vel verið að hlutfallið verði hækkað í næstu endurskoðun á stefnunni. Ég tel persónulega að þetta hlutfall megi fara upp í 50 prósent í hægum skrefum,“ segir Gylfi.

**50%**

**er hlutfall byggingarkostnaðar af söluverði íbúðar í sumum tilfellum.**

**Ég er í sjálfu sér hlynntur þéttingu en það má ekki gleyma því að þéttingin hefur áhrif á verðið. Fjármagnskostnaður er miklu hærri í þéttingarverkefnum vegna þess að þau taka lengri tíma.**

Gylfi Gíslason,
framkvæmdastjóri Jáverks



# Nettó ætlar að tífalda netverslunina

**Framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa segir mikinn vöxt í netverslun með matvörur fram undan. Viðskiptavinir kaupi ferskvörur á netinu í jafnmiklum mæli og í venjulegum verslunum. Skoða opnun á fimm nýjum afhendingarstöðum vegna eftirspurnar.**

Netverslun Nettó hefur vaxið ört frá því að henni var hleypt af stokkunum fyrir rúmu ári í gegnum markaðstorgið aha.is. Fyrirtækið stefnir á mikinn vöxt næstu árin í takt við aukin matarinnkaup landsmanna á netinu.

„Hver mánuður sem líður er stærsti mánuðurinn. Október verður stærsti mánuðurinn frá upphafi, nóvember verður stærsti mánuðurinn frá upphafi og svo koll af kolli. Við erum að sjá fyrir okkur að á næstu þremur árum muni netverslun Nettó tífaldast að stærð,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarseturs verslunarinnar var ársvöxtur í sölu á mat á netinu næstum 170 prósent þegar velta á fyrri helmingi 2017 er borin saman við sama tímabil 2018. „Matvörur hafa verið á eftir öðrum vörum eins og raftækjum og fatnaði í netverslun en við sjáum mikinn vöxt fram undan. Þetta er svipað og þegar maður hikaði við að klára fyrstu flugmiðakaupin á netinu og hringdi í söluskrifstofuna. Þegar þetta er komið í vana verður ekki aftur snúið.“

Gunnar Egill segir að það hafi komið á óvart hversu stór hluti ferskvörur eru af matarkaupum fólks í netverslun Nettó. „Ég hafði búið teymið undir það að megnið af sölunni yrði hilluvörur. Síðan kom á daginn að þeir sem eru að versla á netinu haga sér eins og í venjulegri verslun og treysta okkur til að útvega góðar ferskvörur,“ segir Gunnar Egill og bætir við að einnig hafi komið á óvart að þeir sem panta á netinu virðast horfa lengra fram í tímann en þeir sem fara í verslanir. Salan sé hlutfallslega meiri.



Gunnar Egill segir að hver mánuður sem líði sé stærsti mánuðurinn í sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Fleiri afhendingarstaðir í pípunum

Í upphafi var einn afhendingarstaður, í Mjóddinni, en fyrr á þessu ári var strax farið í að bæta öðrum við vegna mikillar eftirspurnar. Þá eru fjórir til fimm á teikniborðinu.

„Við sáum að margir í vesturhluta borgarinnar nýta sér þjónustuna í Mjóddinni og við ákváðum þá að opna aðra afhendingaraðstöðu úti á Granda. Nú erum við að skoða það að opna einn til tvo afhendingarstaði á höfuðborgarsvæðinu og möguleikann á að opna á Akureyri og í Reykjanesbæ. Við fáum sífellt fleiri beiðnir um að opna á Akureyri og í Reykjanesbæ og við metum það svo að þessi markaðssvæði geti



Netverslun á vörum Nettó fer fram gegnum markaðstorgið aha.is.

> **Ég hafði búið teymið undir það að megnið af sölunni yrði hilluvörur. Síðan kom á daginn að þeir sem eru að versla á netinu haga sér eins og í venjulegri verslun og treysta okkur til að útvega góðar ferskvörur.**

verið nógu stór til þess að standa undir þjónustunni.“

Unnið er að því að setja upp sjálfvirka afhendingarstöð í Mjódd þar sem fólk getur sótt pantaðar vörur í sérstaka skápa. „Hugmyndin er sú að þú pantar og þú færð sendan kóða. Þegar þú kemur síðan niður á staðinn slærðu inn kóðann og skáparnir opnast. Það er einn skápur fyrir frystivörur, annar fyrir kælivörur og þriðji fyrir hilluvörur.“

Þá segir Gunnar Egill að það hafi verið áskorun að sníða lausn fyrir eins lítinn markað og Ísland, og halda verði lágu. „Við ákváðum að fara þá leið að nýta verslanir Nettó og okkar góða starfsfólk þar til að veita þjónustuna í stað þess að vera með miðlægt vöruhús. Það er skilvirkni í formi samnýtingar og gerir okkar einnig kleift að viðhalda gæðunum betur en ella. Síðan höfum við séð þetta skila sér í ánægju viðskiptavina því miðað við mælingar hefur Nettó aldrei séð eins háan ánægjustuðul og sést hjá viðskiptavinum netverslunar.“ – **tfh**


ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hjá sjóðnum starfar samheldinn hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að vinna vel fyrir sjóðfélaga og veita úrvalsþjónustu. Í boði er vinnustaður sem hlúir að starfsfólki með góðri vinnuaðstöðu og áhugaverðum og fjölbreyttum verkefnum.

# ÁHÆTTUSTJÓRI

Almenni lífeyrissjóðurinn óskar eftir að ráða áhættustjóra til að hafa umsjón með áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum í samræmi við áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins. Næsti yfirmaður áhættustjóra er framkvæmdastjóri.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með eigin áhættumati, mótun áhættustefnu og áhættustýringarstefnu
- Umsjón með eftirlitsaðgerðum í takt við áhættu- og áhættustýringarstefnu
- Framkvæmd greininga og eftirlits. Önnur verkefni tengd áhættueftirliti
- Heildaryfirsýn yfir verkferla, áhættumöt, skýrslur innri endurskoðanda, innri úttektir, o.fl.
- Ritari endurskoðunarnefndar
- Samskipti, skýrslugerð og miðlun upplýsinga til eftirlitsaðila og stjórnenda

**Hæfniskröfur**

- Greiningarhæfni, samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í að greina tölulegar upplýsingar og setja þær fram með skipulögðum hætti
- Reynsla af notkun fyrirspurnartóla fyrir gagnagrunna
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af áhættustýringu er kostur

**Upplýsingar veitir:**
Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember 2018.**
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknum skal fylgja ýtarleg ferilskrá og kynningarbréf.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.




**Ríkulegur staðalbúnaður:** 7 gíra PDK sjálfskipting með skiptingu í stýri, leður og Alcantara innrétting, rafdrifið ökumannssæti, 18" álfelgur, Led dagljósabúnaður, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fullkomið hljómkerfi, bluetooth símkerfi, sport aðgerðarstýri, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control), akgreinavari, o.m.fl. Sjá meiri staðlbúnað á benni.is

# Fjölskyldusport.

Porsche framleiðir marga af mögnuðustu sportbílum heimsins.
Nú er kominn í umferð sportjeppi sem sameinar bestu eiginleika Porsche; Macan.
Hann framkallar sportupplifun fyrir alla fjölskylduna, Macan er fjölskyldusport.

## Vertu velkomin(n) með fjölskylduna í Porsche-salinn og upplifðu sportið.

**Hestöfl:** 252
**Hámarkstog:** 370Nm
**Hröðun:** 6.5 sek. 0-100 km.klst. með Sport Chrono

PORSCHE

---

Bílabúð Benna

**Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna:**
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
www.benni.is | www.porsche.is

**Opnunartími:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

# Skotsilfur

## Óvæntur bandamaður



**Ragnar Önundarson**, fyrrverandi bankastjóri Iðnaðarbankans, er sagður vera nafna sínum Ragnari Þór Ingólfssyni, formanni VR, og fleiri leiðtogum verkalýðshreyfingarinnar innan handar í kjaraviðræðum. Er bankamaðurinn fyrrverandi sagður koma að hugmyndavinnu innan verkalýðshreyfingarinnar fyrir komandi baráttu en Ragnar hefur verið iðinn við að tala máli hreyfingarinnar á Facebook-síðu sinni. Að sögn kunnugra hefur Þór Saari, fyrrverandi þingmaður og bankaráðsmaður Seðlabankans, jafnframt ráðlagt leiðtogunum um hin ýmsu mál er varða kjaraviðræðurnar.

## Rökin brostin



Vonir eru bundnar við að peningastefnunefnd Seðlabankans samþykki að létta á innflæðishöftunum þegar nefndin kemur saman í byrjun næsta mánaðar. Ljóst þykir að upphaflegu röksemdir bankans fyrir höftunum eru brostnar enda hefur vaxtamunur við útlönd snarminnkað á undanförnum misserum og gengi krónunnar hríðfallið gagnvart viðskiptamyntum sínum. Þannig sagði **Már Guðmundsson** seðlabankastjóri í mars að afnám haftanna gæti leitt til mun hærra gengis sem gæti aftur valdið skaða og óvissu. Öllum ætti að vera ljóst að nú er lítil hætta á slíku ofrisi krónunnar.

## Binda vonir við lífeyrissjóðina



Fjárfestar munu fylgjast vel með framgangi skuldabréfaútboðs Heimavalla, sem ætti að hefjast í kjölfar uppgjörs félagsins á morgun, en með því hyggst leigufélagið endurfjármagna langtímaskuldir sínar. **Guðbrandur Sigurðsson** forstjóri og ráðgjafar félagsins hafa lagt ríka áherslu á að fá stærstu lífeyrissjóði landsins til þess að taka þátt í útboðinu en þátttaka sjóðanna er talin forsenda þess að útboðið heppnist vel. Ef það gengur ekki upp sjá sumir hluthafar fáa aðra kosti í stöðunni en að félagið verði einfaldlega leyst upp.

# Moody's lækkar lánshæfiseinkunn Ítala




Ávöxtunarkrafa ítalskra ríkisskuldabréfa rauk upp eftir að Moody's lækkaði lánshæfiseinkunn landsins og hótaði að færa einkunnina niður í ruslflokk. Ákvörðun matsfyrirtækisins vakti mikla athygli í landinu, eins og sést á forsíðum allra helstu dagblaða Ítala, en sérfræðingar Moody's gagnrýna harðlega fjárlagafrumvarp ítölsku ríkisstjórnarinnar sem gerir ráð fyrir þrefalt meiri halla en leyfilegt er samkvæmt reglum ESB. NORDICPHOTOS/GETTY

# Virkum fjárfestum fækkar



**Ragnar Dyer**
framkvæmdastjóri Júpiter

Dagleg meðalvelta á verðbréfamarkaði hefur dregist saman um nærri 30% frá 2013. Helsta ástæðan framan af var minnkandi velta á skuldabréfamarkaði, en leiðrétt fyrir vísitölu neysluverðs hafa skuldabréfaviðskipti það sem af er ári ekki verið jafn lítil síðan 2000. Ef skoðaðar eru tölur frá 2017 og það sem af er 2018, hvort heldur sem er í hlutabréfum eða skuldabréfum, er samdrátturinn um 20% milli ára. Líta má svo á að dagleg meðalvelta skráðra verðbréfa á Íslandi sé einn mælikvarði á viðskiptavilja markaðsaðila. Fleiri viðskipti, og þar með aukin velta, gefa til kynna fjölbreyttari skoðanaskipti markaðsaðila, og er auk þess einn mælikvarði á seljanleika. Markaðsverð endurspeglar því undirliggjandi áhættu betur ef veltan er meiri.

Eina árið frá 2013 þar sem veltan jókst á milli ára í báðum verðbréfaflokkum var 2015, eða um 30%. Nýfjárfesting erlendra aðila í verðbréfum var kraftmikil það ár, en




erlend nýfjárfesting nam um 60 milljörðum, um 90% af þeirri upphæð fór í skuldabréf. Heildarupphæð nýfjárfestingar minnkaði í 40 milljarða árið eftir, en þá fór að bera meira á hlutabréfafjárfestingum. Sama ár var tilkynnt um innflæðishöft á fjármagn sem áður hafði leitað á skuldabréfamarkaðinn. Á fyrstu 8 mánuðum þessa árs leituðu aðeins 100 milljónir af erlendu innflæði inn á skuldabréfamarkaðinn, á sama tíma komu um 11 milljarðar inn á hlutabréfamarkaðinn. Ljóst er að verulega hefur hægt á erlendu innflæði inn á verðbréfamarkað.

Það er varla tilviljun að samdráttur í erlendu innflæði hafi farið saman með minnkandi veltu. Erlendar rannsóknir benda til þess að velta sé meiri á mörkuðum með erlent innflæði. Það kann að skýrast af því að eðli erlendra fjárfesta er annað en innlendra. Stærstu fjárfestarnir hér á landi eru lífeyrissjóðir sem hreyfa sig mun sjaldnar en aðrir þegar kemur að fjárfestingarákvörðunum. Þá hafa sjóðirnir einbeitt sér í auknum mæli síðastu misseri að erlendum fjárfestingum og sjóðsfélagalánum, sem dregur úr fjármagni sem leitar á íslenskan verðbréfamarkað. Samhliða hafa innlendir verðbréfa- og fjárfestingasjóðir farið minnkandi. Þetta hefur haft þau áhrif að velta innlendra stofnanafjárfesta hefur minnkað.

Hlutfall erlendra fjárfesta á hlutabréfamarkaði er tæplega 19% um þessar mundir, en hlutfallið var rúmlega 25% árið 2017 eftir ágætis aukningu milli ára. Fór það hæst árið 2007 þegar hlutfallið var tæplega 39%, ekki ósvipað og á Norðurlöndunum í dag. Minnkandi hlutfall erlendra fjárfesta hefur þannig dregið úr hlutfalli virkra fjárfesta á markaðnum, samhliða því sem stórir innlendir fjárfestir hafa dregið úr viðskiptum sínum. Þá hefur hlutabréfaeign almennings lítið breyst frá 2010, þegar hlutfallið minnkaði í 4,5%, en meiri virkni fylgir oft á tíðum minni fjárfestum. Hlutfallið var rúmlega 13% að meðaltali 2002-2007. Minni velta á hlutabréfamörkuðum getur þó einnig verið birtingarmynd þess að dregið hafi úr áhuga fjárfesta sökum lélegrar ávöxtunar. Uppgjör þó nokkurra fyrirtækja hafa valdið vonbrigðum að undanförnu auk þess sem stærð hlutabréfamarkaðarins og fjöldi skráðra fyrirtækja er umhugsunarefni. Margir fjárfestar treysta sér aðeins til að eiga ákveðið hlutfall í hverju fyrirtæki sökum áhættu. Því er fyrir öllu að fá fjölbreyttari fjárfestaflóru inn á íslenskan verðbréfamarkað.

Fjölga þarf virkum fjárfestum ef tryggja á eðlilega verðmyndun á fjármálamörkuðum hér á landi. Víða erlendis er litið á aðkomu erlendra fjárfesta sem styrkleikamerki – til marks um traust þeirra á hagkerfinu. Auk þess fylgir slíkum fjárfestum agi, þar sem erlendir sjóðir starfa oftast nær eftir ströngum fjárfestingarskilyrðum. Þannig getur aðkoma þeirra stutt við framþróun fjármálakerfisins hér á landi. Að sama skapi þarf að leita leiða til virkja betur innlenda fjárfesta. Banka- og fjármálakerfið þarf að koma betur til móts við einstaka fjárfesta með lausnum sem henta nýjum fjárfestingarveruleika. Nánar verður fjallað um slíkar lausnir í næstu greinum á vegum Kviku og Júpiter.

# Rétt' upp hönd strákar



**Eva Magnúsdóttir**
verkefnisstjóri Jafnvægisvogar FKA

Rétt' upp hönd ef þú vilt taka raunveruleg skref í átt að jafnrétti. Þetta er einfaldlega ekki komið og staðreyndin er sú að með sama hraða þá verður fullu jafnrétti ekki náð í atvinnulífinu fyrr en á næstu öld. Lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja með yfir 50 starfsmenn voru sett 2010 og tóku þau gildi 2013. Lögin gera ráð fyrir því að hlutfall hvors kyns í stjórninni skuli vera að minnsta kosti 40% í lok ársins 2013. Eftir gildistöku laganna var hlutfall kvenna orðið að 33% í stjórnum fyrirtækja en hefur staðið í stað síðan lögin tóku gildi. Lögin hafa að auki lítil áhrif haft á stöðu kvenna í framkvæmdastjórnum eins og vonir stóðu til og sem dæmi í félögum sem eru skráð á hlutabréfamarkað eru konur í framkvæmdastjórnum einungis 25%.

Til þess að bregðast við þessari stöðnun hleypti FKA af stokkunum verkefninu Jafnvægisvoginni í samstarfi við velferðarráðuneytið, Deloitte, Sjóvá, Morgunblaðinu og Pipar\TBWA. Er markmiðið með verkefninu að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði hlutfallið á milli kynja 40/60 í framkvæmdastjórnum.

Í anda markmiða Jafnvægisvogar framleiddi auglýsingastofan Pipar\

**Í félögum sem eru skráð á hlutabréfamarkað eru konur í framkvæmdastjórn einungis 25%.**

TBWA metnaðarfullt myndband sem tók flugið á samfélagsmiðlunum í síðustu viku. Myndbandið lýsir mýtunni sem byggir á því að konur séu ekki nægilega vel menntaðar, þær hafi ekki reynslu og séu tregar að rétta upp hönd og taka ábyrgð. Konur hafa rétt upp hönd í mörg ár og hjá FKA eru listar þar sem fjöldi kvenna hefur lýst sig reiðubúna að koma fram í fjölmiðlum og taka sæti í stjórnum. Myndbandinu Rétt' upp hönd er ætlað að vekja athygli á uppréttum höndum kvenna.

Mælaborð jafnréttis verður kynnt á ráðstefnu FKA og samstarfsaðila þann 31. október næstkomandi á hótel Nordica. Karlar eru sérstaklega hvattir til að koma og taka þátt í umræðunni um eitt mikilvægasta málefni framtíðar, jafnrétti.

# Vissir þú að...

## ... Oddi prentar að meðaltali **600 þúsund** nafnspjöld á ári?

Við prentum samt líka ársskýrslur, boðskort, bæklinga, dagatöl, dagbækur, einblöðunga, fjölpóst, límmiða, markpóst, matseðla, möppur, skrifstofugögn og veggspjöld, svo fátt eitt sé nefnt.

Góður árangur í rekstri byggir á skynsamlegum ákvörðunum. Áratuga þekking okkar og reynsla tryggja þér fyrsta flokks ráðgjöf og aðstoð við greiningu á þínum þörfum. Hafðu samband og leyfðu okkur að aðstoða þig við að finna þá lausn sem hentar þínum rekstri best.



**Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar - s. 515-5000** **www.oddi.is**

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 24. október 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

### Stafræn framtíð?

**Streymiþjónustan** Netflix tilkynnti nýlega að félagið hygðist ráðast í skuldabréfaútboð til að fjármagna framleiðslu nýs efnis. Safna á tveimur milljörðum dala, en Netflix hyggst eyða 8 milljörðum í eigin framleiðslu á næsta ári. Um er að ræða um þriðjungsaukningu milli ára. Samkvæmt því mun Netflix bjóða upp um 700 sjónvarpsseríur framleiddar undir eigin nafni. Netflix, sem starfar í 190 löndum og með sína 130 milljónir áskrifenda, er því ekki bara útbreiddasta „sjónvarpsrás“ í heiminum heldur einnig afkastamesti framleiðandinn. Mun afkastameiri en nöfn sem almennt eru tengd við slíka framleiðslu, svo sem Sony, Warner, HBO, Fox og fleiri.

**Væringar** í sjónvarpsbransanum bera þessa líka merki. Hefðbundin afþreyingarfyrirtæki leita sér skjóls í stærri einingum. Bæði Twentieth Century Fox og Comcast buðu í breska sjónvarpsrisann Sky, en Comcast varð hlutskarpara. Disney hefur handsalað samninga um kaup á tilteknum eignum Fox. Viðbragðið við sókn Netflix og Amazon og þeirra líka inn á markaðinn virðist því vera að búa til alhliða afþreyingarfyrirtæki sem sinna öllu frá sjónvarps- og farsímaþjónustu yfir í guð má vita hvað. Stærstu aðilar á innlenda markaðnum, Síminn, Sýn og Nova, fara sömu leið. Síminn hefur lengið verið alhliðaafþreyingarfyrirtæki, Sýn varð það með kaupum á tilteknum eignum 365 og Nova virðist einnig vera á sömu leið með nýju appi.

**Gallinn** er að Ísland er lítið markaðssvæði sem enn útsettara er fyrir erlendum risum eins og Netflix eða Amazon. Þá sérstaklega er svo virðist sem yfirvöld láti slík fyrirtæki ekki spila eftir sömu leikreglum og þau innlendu hvað varðar textun, skattheimtu, takmarkanir við auglýsingum og fleiru. Sérstaða hinna hefðbundnu afþreyingarfyrirtækja liggur hins vegar enn í íþróttaefninu. Netflix, Facebook eða Amazon hafa ekki enn unnið stórkostlega landvinninga þar, þótt þau hafi dýft tánni ofan í. Ljóst er að markaðsvirði streymiþjónustunnar Netflix endurspeglar þá trú að framtíðin sé nýju en ekki gömlu afþreyingarfyrirtækjanna. Kannski eru beinar íþróttaútsendingar síðasta haldreipi gömlu risanna á sjónvarpsmarkaði.

**Því voru** eflaust einhverjir sem önduðu léttar þegar í ljós kom að internetfyrirtækin létu réttindin að ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu fyrir Bretlandsmarkað nokkurn veginn í friði. Þróunin í Bretlandi hefur nefnilega oftast gefið vísbendingu um þróun mála. Líklegast er því að áskriftarsjónvarpið lifi áfram enn sem komið er. Að minnsta kosti til næstu þriggja ára.




# Félag Eiríks með 5,4 milljarða í eigið fé

Eignarhaldsfélagið VGJ, sem er að mestu í eigu Eiríks Vignissonar, hagnaðist um liðlega 228 milljónir króna á síðasta ári og jókst hagnaðurinn um 58 prósent frá fyrra ári, að því er fram kemur í ársreikningi félagsins.

Mestu munaði um söluhagnað hlutabréfa sem nam tæpri 201 milljón króna á árinu en arður af hlutabréfaeign félagsins var rúmlega 88 milljónir króna.



Eiríkur Vignisson

Eigið fé félagsins, sem er að 90 prósenta hluta í eigu Eiríks, framkvæmdastjóra Vignis G. Jónssonar, dótturfélags HB Granda, nam 5,4 milljörðum króna í lok síðasta árs en á sama tíma átti félagið eignir upp á 5,7 milljarða króna. Félag Eiríks er á meðal stærstu hluthafa í HB Granda, Heimavöllum og Kviku banka.

Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði 500 milljónir króna í arð á þessu ári en auk Eiríks er Sigríður Eiríksdóttir hluthafi í félaginu með 10 prósenta hlut. – kij

22.10.2018

**Það getur vel verið að þetta nýja fólk hafi einhver trix í bakpokanum sem er ekki búið að finna upp og hafa ekki verið til staðar í 60 ár. Vonandi er það þannig en ég veit ekki til þess að við höfum neitt svoleiðis.**



Guðmundur Ragnarsson, fyrrverandi formaður VM





ORMSSON
HEITIR DAGAR
AEG
Ofnar og helluborð
með 20-25% afslætti
944 187 849
949 597 314
949 597 297
944 188 106
Tefal
POTTAR OG PÖNNUR
með 25% afslætti
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15
ormsson
Netverslun
ORMSSON.IS
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# Verkið sem var töluvert á undan sinni samtíð

**Konur skelfa, klósettdrama í tveimur þáttum eftir Hlín Agnarsdóttur, verður leiklesið í Hannesarholti í dag. Leikritið fjallar um fimm konur sem fara út að skemma sér í Reykjavík og hittast af og til á kvennaklósetti skemmtistaðarins. Verkið var ógnar vinsælt.**

Það eru 22 ár síðan ég las þetta síðast og það munaði litlu að ég myndi ekki um hvað þetta væri,“ segir Hlín Agnarsdóttir sem skrifaði Konur skelfa, klósettdrama í tveimur þáttum.

Verkið verður leiklesið í Hannesarholti í kvöld klukkan 20 og endurtekið sunnudaginn 28. október. Leikritið var leikið í Borgarleikhúsinu 1996-1997 og sýnt 75 sinnum yfirleitt fyrir fullu húsi. Það var einnig flutt í sjónvarpi 1998 á Stöð 2.

Leikritið fjallar um fimm konur sem fara út að skemma sér í Reykjavík og hittast af og til á kvennaklósetti skemmtistaðarins. Þar trúa þær hver annarri fyrir löngunum sínum og tilfinningum en rata líka í ýmis vandræði þegar áfengismagnið í blóðinu eykst og músíkin verður háværari.

Hljómsveitin Skárrenekkert gerði tónlistina við verkið sem síðan var gefin út.

Hlín Agnarsdóttir leikstýrði verkinu á sínum tíma en hlutverkin voru leikin af Önnu Elísabetu Borg, Ástu Arnardóttur, Kjartani Guðjónssyni, Maríu Ellingsen, Steinunni Ólafsdóttur og Valgerði Dan. Nú ætlar þessi sami hópur með einni undantekningu að koma fram í Hannesarholti og leiklesa verkið á degi Sameinuðu þjóðanna.

Þórunn Magnea Magnúsdóttir hefur umsjón með lestrinum.

Hlín segir að verkið hafi staðist tímans tönn. „Það eru þessar eilífu útlitspælingar kvenna og hvað þær eru uppteknar af útliti sínu. Og hvað sjálfsmynd kvenna ræðst mikið af því hvernig þeim líður útlitslega.

Það hefur ekkert breyst og mér sýnist að ég hafi verið á undan minni samtíð.“

**benediktboas@frettabladid.is**



**Leikritið var leikið í Borgarleikhúsinu 1996-1997 og sýnt 75 sinnum yfirleitt fyrir fullu húsi. Það var einnig flutt í sjónvarpi 1998 á Stöð 2.**



**Það eru þessar eilífu útlitspælingar kvenna og hvað þær eru uppteknar af útliti sínu. Og hvað sjálfsmynd kvenna ræðst mikið af því hvernig þeim líður útlitslega.**

Hlín Agnarsdóttir

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda vináttu, hlýju og samúð við veikindi og andlát

**Jónínu Margrétar Ólafsdóttur**

leikkonu og Alexandertæknikennara.

**Sonja Margrét Scott Axel Einar Guðnason**
**Felix Guðni Axelsson**
**Lára Axelsdóttir Scott**
**Alexía Margrét Axelsdóttir**
**Svanhvít Ólafsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

**Kristján Guðbjörn Jónsson**

frá Ísafirði,

sem lést á heimili sínu síðastliðinn laugardag, verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 26. október klukkan 15.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Rannveig Guðmundsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristbjörg Ólafsdóttir**

Suðurlandsbraut 62, Mörkinni,

lést á Vífilsstöðum fimmtudaginn 18. október. Útförin verður gerð frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 25. október kl. 15.00.

**Hjördís Jóna Sigvaldadóttir Hjalti Már Hjaltason**
**Grétar Jóhannes Sigvaldason Róslinda Jenný Sancir**
**Hjörtur Sigvaldason Sigrún Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Þorgrímur Á. Guðmannsson**

Lerkidal 20, Reykjanesbæ, áður Hraunbæ 108, Reykjavík.

lést á heimili sínu miðvikudaginn 17. október. Útför fer fram frá Áskirkju föstudaginn 26. október kl. 13.00. Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug.

**Þorbjörg K. Þorgrímsdóttir Ragnar A. Gunnarsson**
**Vilmundur A. Guðmannsson**
**afa- og langafabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Pétur Sigurðsson**

fv. forseti Alþýðusambands Vestfjarða,

andaðist sunnudaginn 14. október. Minningarathöfn verður í Fossvogskirkju, fimmtudaginn 25. október kl. 15.00. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 27. október kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

**Hjördís Hjartardóttir**
**Sigurður Pétursson Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**
**Edda Pétursdóttir Bergsteinn Baldursson**
**og afabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jarþrúður Ingibjörg Kristjánsdóttir**

frá Ási, Dalabyggð,

andaðist á Dvalarheimilinu Silfurtúni fimmtudaginn 18. október sl. Útför hennar mun fara fram frá Staðarhólskirkju í Saurbæ laugardaginn 27. október kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Silfurtúns, reikn.nr. 0312-13-700021, kt. 530586-2359 (Lionsklúbbur Búðardals).

**Jóhann Sæmundsson**
**Sæmundur G. Jóhannsson**
**Jóhanna B. Jóhannsdóttir Guðbjörn Guðmundsson**
**Margrét Jóhannsdóttir Finnbjörn Gíslason**
**Kristján V. Jóhannsson Svanhildur Halldórsdóttir**
**Ingibjörg Jóhannsdóttir Þórður Már Svavarsson**
**Jarþrúður H. Jóhannsdóttir Freyr Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, sonur okkar, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Karl Harðarson**

andaðist 5. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 25. október kl. 15.

**Ragnheiður Lára Jónsdóttir**
**Hörður Sófusson Geirlaug Karlsdóttir**
**Hörður Karlsson Bylgja Dögg Sigmarsdóttir**
**Haukur Karlsson Elsa Sól Gunnarsdóttir**
**Auður Karlsdóttir Jón Stefán Hannesson**
**Embla Harðardóttir**
**Bryndís Harðardóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Gyða Arndal Svavarsdóttir**

Sóltúni 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 18. október. Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 29. október klukkan 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurborg Valdimarsdóttir Ásgeir Valdimarsson**
**Þorgerður Hreiðarsdóttir Hörður Hreiðarsson**

---



✝

Faðir okkar,

**Hjörtur Böðvarsson**

Gránufélagsgötu 26, Akureyri,

lést að heimili sínu laugardaginn 6. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sif Hjartardóttir, Ásgeir Hjartarson, Hlynur Hjartarson og fjölskyldur.**

---



✝

Frændi okkar,

**Jón Þorberg Valdimarsson**

sem lést þann 12. október síðastliðinn verður jarðsunginn frá Digraneskirkju 31. október kl. 13.

**Valdimar Guðlaugsson**
**Ólína Guðlaugsdóttir**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EURO SHOPPER

**95** kr. 1 l

**ES Trönuberjasafi,** 1 l
**ES Mangósafi,** 1 l

**95** kr. 300 g

**Maískorn**
300 g

**95** kr. 400 g

**Kjúklingabaunir,** 400 g
**Nýrnabaunir,** 400 g

## Ýmislegt fyrir minna en 100kr. í Bónus

**95** kr. 90 g

**ES Súkkulaði**
4 teg., 90 g

**95** kr. 500 ml

**ES Orkudrykkur**
500 ml

**95** kr. 1 kg

**ES Sykur**
1 kg

**95** kr. 1 kg

**ES Hveiti**
1 kg

**95** kr. 500 g

**ES Haframjöl**
500 g

**95** kr. 200 g

**ES Steiktur Laukur**
200 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **21. október** eða meðan birgðir endast.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðaustan 10-18 og slydda eða snjókoma norðvestan til fyrir hádegi. Hægari suðvestanátt og dálítil væta annars staðar. Hiti 0 til 8 stig. Norðan 8-13 og dálítil snjókoma eða él seinnipartinn, en úrkomulítið sunnan heiða.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -1° | -1° |
| ↓ 5 | ↘ 9 | ↖ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 0° | -6° |
| ↓ 3 | ↓ 5 | ↘ 8 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | -1° |
| ↘ 6 | ↙ 7 | ↘ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | 0° | -5° |
| ↘ 6 | ↘ 9 | ← 2 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 2 | 9 | | | | 7 | 5 |
| 6 | | | | 7 | 5 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | 6 | | | |
| | | | | 9 | | | | 6 |
| 9 | 3 | 6 | | | | 2 | | |
| | 8 | 1 | 5 | | | 3 | | |
| | 5 | | | 2 | 9 | | | 7 |
| 8 | | | 6 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 1 | 4 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | | 7 | | | | 2 |
| | | | 5 | | 2 | 6 | | 8 |
| | 4 | 5 | | | 1 | | | 3 |
| | | | | 6 | | | 8 | |
| | | | | 1 | 5 | | | |
| | | 7 | 2 | 9 | | | 3 | |
| | | | 9 | | 7 | | | |
| | | 4 | 3 | 5 | | 2 | 7 | |
| | 8 | | | 2 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | | | | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | 8 | | 3 | | | | 4 | |
| | 4 | 8 | 7 | | | | 6 | 3 |
| | | | 2 | | | | | 1 |
| | | | | | 6 | | 8 | |
| 2 | | 3 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | 7 | | | | 2 |
| | 1 | | 9 | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. höfuðfat
5. mjaka
6. skóli
8. puðra
10. samtök
11. skaði
12. ræða
13. slagæð
15. skipsflak
17. auðjöfur

**LÓÐRÉTT**
1. vatnselgur
2. mælieining
3. vefnaðarvara
4. afhending
7. flakandi
9. fasta stærð
12. áhald
14. er
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. hetta, 5. aka, 6. fg, 8. frussa, 10. sa, 11. tap, 12. tala, 13. ósæð, 15. rekald, 17. milli.
**LÓÐRÉTT:** 1. hafsjór, 2. ekra, 3. tau, 4. afsal, 7. gapandi, 9. staðal, 12. tæki, 14. sem, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Lengyel átti leik gegn Kaufman í Los Angeles árið 1974.

**1. Bb4! cxb4** (1...Hxb4 2. Hxb4 cxb4 3. a6 b3 4. a7 b2 5. a8D+) **2. a6 Hc3 3. a7 Hc8 4. Hxb4!** (miklu sterkara en 5. a8D þar sem þá heldur svartur b-peðinu sínu). Svartur gafst upp.

Hvítur á leik



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 8 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 8 | 9 | 5 | 4 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 3 | 6 |
| 8 | 6 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 7 | 4 | 2 | 9 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 1 | 5 | 8 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 24. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Valdimar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Hljómsveitin Valdimar ætlar að koma fram á Bryggjunni miðvikudagskvöldið 24. október. Tónleikar hefjast uppúr kl. 21 og það er frítt inn.

**Hvað?** Flekar – útgáfutónleikar ásamt Lay Low á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Hljómsveitin Flekar gefur út sína fyrstu plötu, Swamp Flowers, þann 8. október og mun hljómsveitin fagna því með veglegum útgáfutónleikum á Húrra þann 24. október næstkomandi. Stórvinkona hljómsveitarinnar, Lay Low, mun hjálpa þeim til við að koma gestum í gírinn. Miðaverð eru litlar 1.500 kr. og má kaupa sig inn við innganginn.

**Hvað?** Skoffín, Jón Þór og Julian Civilian á Gauknum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Frítt inn.

**Hvað?** Skuggakvartett Sigurðar Flosasonar á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á næstu tónleikum haustdagskrár Múlans kemur fram Skuggakvartett, saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar. Flutt verður tónlist á mörkum djass og blús af fyrri plötum Sigurðar í þeim stíl; Bláir skuggar, Blátt ljós og Blátt líf. Einnig verða flutt ný lög í sama stíl. Djassaður blús og blúsaður djass mætast á miðri leið. Ásamt Sigurði koma fram, gítarleikarinn Andrés Þór Gunnlaugsson, Þórir Baldursson á Hammond orgel og Jóhann Hjörleifsson sem leikur á trommur.

**Hvað?** Af fingrum fram – Jón Ólafs og Gunnar Þórðar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tónlistarskólinn á Akranesi
Upptaktur Vökudaga í ár eru spjalltónleikar í stjórn Jóns Ólafssonar. Gestur hans verður Gunnar Þórðarson sem er landsmönnum að góðu kunnur. Lög þessa meistara melódíunnar eru löngu greypt í þjóðarsálina og mun hann flytja sín þekktustu lög milli þess sem hann rabbar við Jón um einstakan tónlistarferil og lífshlaup.



**Gunnar Þórðarson verður gestur Jóns Ólafssonar í Af fingrum fram sem fer fram á Akranesi í dag.**



**Valdimar spilar á Bryggjunni Brugghúsi í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Hvað?** Lög eftir Atla Heimi Sveinsson á Háskólatónleikum
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Hátíðasalur Háskóla Íslands
Ágúst Ólafsson, barítón, og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó, munu flytja lög eftir Atla Heimi Sveinsson við þekkt ljóð eftir Stephan G. Stephansson á Háskólatónleikum þann 24. október næstkomandi. Tvö laganna verða frumflutt á tónleikunum.

### Viðburðir

**Hvað?** Gísli Sigurðsson um Biblíuna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Hvaða minningar á Gísli Sigurðsson rannsóknarprófessor, um Biblíuna? Hvernig metur hann gildi hennar? Áhrifasaga Biblíunnar er mikilfengleg. Hvað í Biblíunni skiptir nútímafólk máli og hvað gegnir hlutverki í menningu samtíðar? Í haust mun hópur fólks tala um Biblíuna í Hallgrímskirkju, rifja upp persónulegar minningar og ræða um nútímagildi biblíuboðskapar. Gísli er fjórði í röð átta frummælenda í Biblían – menning og minning.

**Hvað?** Kvennafrí 2018 – KVENNAVERKFALL
**Hvenær?** 14.55
**Hvar?** Arnarhóll
Konur í Háskóla Íslands eru hvattar til að leggja niður vinnu kl. 14.55 miðvikudaginn 24. október og fylkja liði á samstöðufund á Arnarhóli, kl. 15.30 undir kjörorðinu: Breytum ekki konum, breytum samfélaginu! Femínistafélag Háskóla Íslands og RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum hvetja konur á Háskólasvæðinu til að safnast saman og ganga í fylkingu niður á Arnarhól og taka þátt í dagskránni þar.

**Hvað?** Konur skelfa eftir Hlín Agnarsdóttur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Konur skelfa, klósettdrama í tveimur þáttum eftir Hlín Agnarsdóttur verður leiklesið í Hannesarholti miðvikudaginn 24. október kl. 20 og endurtekið sunnudaginn 28. október kl.16. Leikritið var leikið í Borgarleikhúsinu 1996-1997 og sýnt 75 sinnum. Það var einnig flutt í sjónvarpi 1998 á Stöð 2.

**Hvað?** Bókakaffi um Kapítólu á kvennafrídaginn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Nú er kvennafrídagurinn í dag og því tilvalið að kíkja í Bókakaffi á Borgarbókasafninu, Gerðubergi, og hlýða á Silju Aðalsteinsdóttur ræða hina hugdjörfu Kapítólu.

**Hvað?** FRÆÐSLUFUNDUR um nóbelsverðlaunin í læknisfræði 2018
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Vísindafélag Íslendinga stendur fyrir fræðslufundum um rannsóknir nóbelsverðlaunahafanna í lífeðlis- og læknisfræði 2018 næstu miðvikudaga. Næsta miðvikudag, 24. október verður fjallað um rannsóknir Dr. James P. Allison og Dr. Tasuku Honjo sem hluta verðlaunin. Verðlaunin eru veitt fyrir uppgötvanir á grunnforsendum þess hvernig ónæmiskerfinu er stjórnað í gegnum þolstöðvar sem hafa leitt til stórstígra framfara í meðferð krabbameina.

**Hvað?** Matangi/Maya/MIA - Einstök sérsýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Heimildarmynd um hina óviðjafnanlegu M.I.A. byggð á persónulegum upptökum frá síðustu 22 árum. Ótrúleg saga um það hvernig dóttir andspyrnuhetju Tamíltígranna á Sri Lanka, og síðar vandræðaunglingur í London, rís upp til að verða að einum stærsta listamanni heims, og frumkvöðli í hiphop tónlist og götulist. Margverðlaunuð mynd frá Sundance hátíðinni og eitthvað sem enginn tónlistaráhugamaður ætti að láta fram hjá sér fara.

**Hvað?** Vistarverur – Útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Eymundsson, Austurstræti
Verið velkomin í útgáfuhóf nýrrar bókar Hauks Ingvarssonar, Vistarverur, í Pennanum Eymundsson miðvikudaginn 24. október kl. 17.00.



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | |
|---|---|
| Sunset | 17:20 |
| Kler (Clergy) (POLISH W/ENG SUB) | 17:30 |
| Mæri // Border (ENG SUB) | 17:50 |
| Bráðum verður bylting! | 20:00 |
| Mæri // Border (ICE SUB) | 20:00 |
| Matangi/Maya/M.IA. (ENG-NO SUB) | 20:00 |
| Lof mér að falla (ENG SUB) | 21:50 |
| Mandy (ENGLISH-NO SUBTITLES) | 22:00 |
| Útey 22. júlí | 22:10 |









VIÐ SJÁUM UM BRÚÐKAUPIÐ
ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SEGJA JÁ!
Við leigjum og seljum
Tjöld, borð og stóla, uppblásna sófa, hljóðkerfi, ljósakerfi, skjávarpa og sýningartjöld, confetti sprengjur.
Sláðu á þráðinn ef eitthvað af þessu er að vefjast fyrir þér.
Það eina sem þú þarft að gera er að skemmta þér.
EXTON REYKJAVÍK S: 575-4600 EXTON@EXTON.IS
EXTON AKUREYRI S: 575-4660 AKUREYRI@EXTON.IS
EXTON Ljós - Hljóð - Mynd www.exton.is

HÁGÆÐA IÐNAÐARHURÐIR

VÉLABORG www.velaborg.is
Crawford
ASSA ABLOY
Járnháls 2-4 | 414-8600 | velaborg@velaborg.is



Bros auglýsingavörur með þínu merki
Skoðaðu litríkt úrval á bros.is
Bros auglýsingavörur, Norðlingabraut 14.
BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki









Heiðdís syngur aðalhlutverkið í Korninu og Ingunn leikstýrir og er jafnframt textahöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kona sækir um styrk

## Ný kammerópera, Kornið, er hluti af Óperudögum í Reykjavík. Nauðsynlegt að færa óperuna nær fólki segja aðstandendur.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Hluti af dagskrá Óperudaga í Reykjavík, sem lýkur 4. nóvember, er flutningur á nýrri kammeróperu, Korninu, eftir Birgit Djupedal við texta eftir Ingunni Láru Kristjánsdóttur sem einnig er leikstjóri verksins. Fjórir söngvarar syngja í óperunni en aðalhlutverkið er í höndum Heiðdísar Hönnu Sigurðardóttur.

**Leið á dívum og þernum**

„Birgit sagði mér að hún hefði orðið fyrir áhrifum af The Telephone eftir Menotti sem er stutt ópera með hversdagslegri sögu. Hver karakter hefur sitt stef í óperunni og Birgit er að vinna með léttleika og gerir grín að aðstæðum,“ segir Ingunn sem skrifaði texta óperunnar áður en Birgit samdi tónlistina. „Birgit sagði við mig: Ég er orðin leið á dívum og þernum. Ég vil fá áhugaverðan kvenkynskarakter sem ræður sínum málum og sér um sig sjálf. Þetta fannst mér frábært, þarna var opið og skemmtilegt tækifæri fyrir textahöfund. Á þessum tíma var ég komin inn í íslenskan tónlistarheim sem getur stundum verið ansi karllægur og var að sækja um endalausa styrki. Þannig að ég skrifaði verk um konu sem sækir um styrk og þarf að hitta bjúrókrata með kaffifíkn og sannfæra þá um að veita henni styrkinn. Þetta er verk um konu sem þarf að ákveða hvort hún eigi að fara eftir leikreglum þessa ferhyrnda heims eða ryðja sína eigin braut.“

> **ÉG FINN AÐ MARGIR VINA MINNA HAFA ÞAÐ VIÐHORF AÐ ÓPERAN SÉ FYRIR RÍKA FULLORÐNA FÓLKIÐ.**
>
> Ingunn Lára Kristjánsdóttir

Heiðdís segir hlutverk sitt í óperunni afar skemmtilegt. „Þetta er alveg nýtt því í óperum er ég vön að syngja hlutverk þernunnar. Ég tengi mjög við þessa konu sem er að berjast fyrir sínu og vill gera eitthvað gott fyrir heiminn en þarf styrk til að verkið sem hún er að vinna að geti orðið að raunveruleika.“

**Skrifum eigin reglur**

Þær stöllur eru spurðar um viðhorf ungs fólks til óperu. Ingunn, sem er höfundur óperunnar Bergmálsklefans sem flutt var í Tjarnarbíói fyrr á þessu ári segir: „Það kom mér sérstaklega á óvart hvað það kom mikið af ungu fólki á Bergmálsklefann. Sú ópera fjallar um upplifun nokkurra einstaklinga á Twitter og ungt fólk tengdi auðveldlega við það efni. Það þarf að færa óperuna nær fólki, ég finn að margir vina minna hafa það viðhorf að óperan sé fyrir ríka fullorðna fólkið.“

„Ég var að ljúka meistaranámi í Listaháskólanum sem snerist nokkuð um það hvernig hægt væri að ná til nýrra áheyrenda,“ segir Heiðdís. „Óperan er ekki hluti af okkar gamla menningararfi en núna er mikið að gerast í íslenska óperuheiminum. Ég held til dæmis að með tilkomu Ragnheiðar eftir Gunnar Þórðarson hafi fólk fengið nýja sýn á þetta form. Þar var horft til íslenskrar sögu og sungið á íslensku og um leið fann fólk fyrir sterkri tengingu.“

„Það að við búum ekki að gamalli óperuhefð þýðir ekki að við séum hrædd við að skapa eitthvað spennandi og nýtt í óperuforminu. Við erum að skrifa okkar eigin reglur,“ segir Ingunn.

Fyrsta sýning á Korninu verður í Hörpuhorni laugardaginn 27. október klukkan 17, á Kjarvalsstöðum miðvikudaginn 31. október klukkan 12 og í Ráðhúsi Reykjavíkur sunnudaginn 4. nóvember klukkan 14. Ókeypis er á sýningarnar.

# Syngja lög Atla Heimis við ljóð Klettafjallaskáldsins

Lög eftir Atla Heimi Sveinsson við þekkt ljóð Stephans G. Stephanssonar hljóma á Háskólatónleikum í dag, 24. október, sem hefjast klukkan 12.30. Flytjendur eru Ágúst Ólafsson barítón og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari.

Atli Heimir samdi flest lögin árið 2012 vestur í Alberta í Kanada. En eitt þeirra, Við verkalok, er frá árinu 2011. Það hefur verið flutt opinberlega áður en hin verða frumflutt á tónleikunum.

Öll eru lögin tileinkuð hjónunum Adriana og Stephan V. Benediktson. Stephan V. er afkomandi Stephans G. Stephanssonar (1853-1927) sem oft er kallaður Klettafjallaskáldið. Hann flutti vestur um haf 1873, þá að verða tvítugur, vann við járnbrautarlagningu og skógarhögg en sneri sér svo að búskap og hafði lítinn tíma til yrkinga, nema á nóttunni, enda nefnist ljóðasafn hans Andvökur.



Þau eru með hádegistónleika í dag, Ágúst og Anna Guðný.

Þau Ágúst og Anna Guðný hafa lokið við að hljóðrita þessi lög, auk verksins Rammislagur, einnig við ljóð Stephans G. Þau verða gefin út á geisladiski síðar á þessu ári.

Tónleikarnir verða í Hátíðasal í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Enginn aðgangseyrir er að þeim og allir eru velkomnir. **– gun**



FRÁBÆRAR BÆKUR
EFTIR VERÐLAUNA-HÖFUNDA
LJÓNIÐ
HILDUR KNÚTSDÓTTIR
ROTTURNAR
Ragnheiður Eyjólfsdóttir
Hörkuspennandi bók eftir Hildi Knútsdóttur um menntaskólanema og óleystar ráðgátur
Dularfull og spennandi saga eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur um ungt fólk í háska á hálendi Íslands
„… spennandi og ógnvekjandi …"
MARÍA BJARKADÓTTIR / BOKMENNTIR.IS
(UM VETRARHÖRKUR)
„Fantagóð og spennandi."
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN
(UM ARFTAKANN)
ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2016
FJÖRU VERÐLAUNIN
Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2016 bókaverslana
ÍSLENSKU BARNABÓKA VERÐLAUNIN
BARNABÓKAVERÐLAUN REYKJAVÍKURBORGAR
Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2015 bókaverslana
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is



JAMIE COOKS ITALY
KL. 19:55

Glænýir og sérlega smart matreiðsluþættir þar sem meistari Jamie Oliver leggur upp í spennandi ferð um Ítalíu í leit að klassískum uppskriftum og ekta ítölskum réttum eins og þeir gerast allra bestir.


**Frábær miðvikudagur**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**







A PLASTIC TIDE
KL. 20:45

Vönduð og stórgóð heimildarmynd þar sem fjallað er um hið ógnvænlega vandamál sem plastmengun í sjó er orðin.

THE GOOD DOCTOR
KL. 21:35

Önnur sería þessara dramatísku þátta um ungan einhverfan skurðlækni sem er ráðinn á barnadeild á mikilsvirtu sjúkrahúsi. Það mun hugsanlega draga dilk á eftir sér.



CAMPING
KL. 22:20

Það úr vöndu að ráða þegar blása á í glæður hjónabandsins. Gráglettnir gamanþættir úr smiðju HBO með Jennifer Garner og David Tennant í aðalhlutverkum.




WENTWORTH
KL. 22:50

Skemmtilegir og dramatískir spennuþættir um lífið innan veggja hættulegasta kvennafangelsis Ástralíu.




Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

**stod2.is**




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Strákarnir
**07.45** Ævintýri Tinna
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 15 Minute Meals
**10.45** The Big Bang Theory
**11.05** Spurningabomban
**11.50** Deception
**12.35** Nágrannar
**13.00** Masterchef The Professionals Australia
**13.45** The Heart Guy
**14.35** The Night Shift
**15.20** Léttir sprettir
**15.45** PJ Karsjó
**16.15** The Bold Type
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** I Feel Bad
**19.55** Jamie Cooks Italy
**20.45** **A Plastic Tide** Vönduð heimildarmynd frá 2017 þar sem fjallað er um plastmengun í sjó. Eitt sinn var baðströndin í Mumbai á Indlandi ómenguð en er nú þakin plastúrgangi sem berst hvaðanæva úr heiminum. Víða er ástandið svipað og segja vísindamenn að enn eigi áhrif plastúrgangs á heilsu okkar eftir að koma í ljós. Plastmengun er raunverulegt alheimsvandamál en áætlað er að framleiddar séu um 320 milljónir tonna af plasti árlega og þar af séu um 40 prósent einnota. Eingöngu um fimm prósent af öllu plasti eru í raun endurunnin sem þýðir að við sitjum uppi með 95 prósent alls plast um ókomna tíð. Áætlað er að um 8 tonn af plasti endi í sjónum árlega sem mun taka margar aldir að brotna niður.
**21.35** The Good Doctor
**22.20** Camping
**22.45** Wentworth
**23.35** Orange is the New Black
**00.20** Lethal Weapon
**01.05** Counterpart
**01.50** Wentworth
**02.40** Humans
**03.30** Ballers
**04.00** Wish Upon
**05.30** Pure Genius
**06.15** Pure Genius

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** AEK - Bayern
**08.40** Manchester United - Juventus
**10.20** Roma - CSKA Moskva
**12.00** Meistaradeildarmörkin
**12.30** Everton - Crystal Palace
**14.10** FH - Selfoss
**15.30** Fram - Grótta
**16.45** PSV - Tottenham
**18.50** Liverpool - Crvena zvezda
**21.00** PSG - Napoli
**22.50** Dortmund - Atletico Madrid

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** Real Madrid - Plzen
**10.20** Stjarnan - Skallagrímur
**12.00** ÍR - Breiðablik
**13.40** Domino's körfuboltakvöld 2018/2019
**15.20** Cardiff - Fulham
**17.00** Huddersfield - Liverpool
**18.30** Meistaradeildarmessan
**21.00** Meistaradeildarmörkin
**21.30** Liverpool - Crvena zvezda
**23.20** Barcelona - Inter

## STÖÐ 3

**19.00** Anger Management
**19.25** Curb Your Enthusiasm
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** All American
**22.00** American Horror Story 8: Apocalypse
**22.45** The Hundred
**23.30** The New Girl
**23.55** Boardwalk Empire
**01.20** Seinfeld
**01.45** Friends
**02.10** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.54** Pingu
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Gulla og grænjaxlarnir
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Tindur
**09.23** Mæja býfluga
**09.35** K3
**09.46** Grettir
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.54** Pingu
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Gulla og grænjaxlarnir
**12.48** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Stóri og litli
**13.13** Tindur
**13.23** Mæja býfluga
**13.35** K3
**13.46** Grettir
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.54** Pingu
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Gulla og grænjaxlarnir
**16.48** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Stóri og litli
**17.13** Tindur
**17.23** Mæja býfluga
**17.35** K3
**17.46** Grettir
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ástríkur á Ólympíuleikunum

**Dóra könnuður kl 10.00, 14.00 og 18.00**



## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Buick LPGA Shanghai
**13.30** Golfing World 2018
**14.20** Buick LPGA Shanghai
**19.20** Golfing World 2018
**20.10** Champions Tour Highlights 2018
**21.05** The CJ Cup @ Nine Bridges
**01.05** PGA Highlights 2018
**02.00** World Golf Championship 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.50** Going in Style
**12.30** Paterno
**14.15** I Am Sam
**16.25** Going in Style
**18.05** Paterno
**19.50** **I Am Sam** Ógleymanleg mynd frá 2001 með Sean Penn, Michelle Pfeiffer og Dakota Fanning í aðalhlutverkum. Sam Dawson hefur þroska á við sjö ára barn. Hann eignaðist dóttur með heimilislausri konu en stelpan er nú komin á skólaaldur. Sam hefur alið hana upp en nú vilja yfirvöld grípa í taumana. Vegna fötlunar sinnar virðist hann ekki eiga neina möguleika en Sam lætur sér ekki segjast. Hann fær lögfræðing sér til aðstoðar og tekst á við kerfið af fullkomnu æðruleysi.
**22.00** The Lost City of Z
**00.20** A Good Man
**02.05** The Guest
**03.45** The Lost City of Z

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: Halldór um...
**14.25** Úr Gullkistu RÚV: Gott kvöld
**15.20** Plastbarkamálið
**16.20** Úr Gullkistu RÚV: Sjónleikur í átta þáttum
**17.15** Sítengd - veröld samfélagsmiðla
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Gló magnaða
**18.17** Sígildar teiknimyndir
**18.24** Sögur úr Andabæ
**18.45** Úti í umferðinni
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Vikinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Veður
**19.30** Ísland - Grikkland
**21.30** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Víetnamstríðið
**23.20** Vegir Drottins
**00.20** Kveikur
**00.55** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.05** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.45** How I Met Your Mother
**13.10** Dr. Phil
**13.55** Ally McBeal
**14.40** Ný sýn
**15.15** Með Loga
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.35** King of Queens
**16.55** How I Met Your Mother
**17.20** Dr. Phil
**18.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**18.50** The Late Late Show with James Corden
**19.35** Survivor
**20.25** Líf kviknar
**21.00** New Amsterdam
**21.50** Station 19
**22.35** Elementary
**23.20** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.05** The Late Late Show with James Corden
**00.50** NCIS
**01.35** 9-1-1
**02.25** Billions
**03.25** The Handmaid's Tale
**04.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Stilling

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**




Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Túnfisklostæti á túnfiskhátíð

Japanski túnfiskskurðarmeistarinn **Nobuyuki Tajiri** hlutaði sérinnfluttan 153 kílóa bláuggatúnfisk við opnun á túnfiskfestival sem fram fer á Sushi Social og stendur til laugardags.





Túnfiskskurðarmeistarinn Nobuyuki Tajiri hlutaði sérinnfluttan 172 kílóa bláuggatúnfisk eftir kúnstarinnar reglum. Tajiri er mikils metinn í veitingabransanum en hann starfar á veitingastaðnum Balfegó í Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Knattspyrnukappinn og hótelstjórinn Garðar Gunnlaugsson mætti og smakkaði á túnfisknum. Fannst hann góður. Hér í bláum jakka.



Sjónvarpsstjörnurnar Sigrún Ósk og Eva Laufey litu við. Báðar á Stöð 2 og frá Akranesi. Topptvenna.



Gestirnir horfðu dolfallnir á skurðinn á túnfisknum. Seðill festivalsins samanstendur af níu túnfiskréttum.

# Afmælisfögnuður hinna lærðu

Árið 1958 komu sautján manns saman á gömlu kennarastofunni í aðalbyggingu Háskóla Íslands og stofnuðu BHM, eða Bandalag háskólamanna. Tímamótunum var fagnað í Borgarleikhúsinu.



Það á að skála í góðum afmælum og þetta var svo sannarlega gott afmæli. Skál í boðinu.



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, og mennta- og menningarmálaráðherra Lilja Alfreðsdóttir brostu sínu breiðasta.



Halldór Benjamín Þorbergsson, formaður SA, brosti sínu breiðasta.



ASÍ-kóngurinn Gylfi Arnbjörnsson var að sjálfsögðu mættur en hann mun láta af störfum fyrir ASÍ á 43. þingi ASÍ.



Þessir höfðingjar voru kátir og glaðir.

# Strumparnir í sextíu ár

Öll þekkjum við og elskum strumpana, þessa litlu bláu lífverur sem illi galdramaðurinn Kjartan slysaðist til að skapa og vill endilega eyða. Þessir belgísku skrípó eru orðnir 60 ára og var því heldur betur fagnað.



Strympa var eldhress og mætt til að smakka á afmæliskökunni.


Veronique Culliford, dóttir Peyo, höfundar strumpanna, var auðvitað mætt til að fagna afmæli strumpanna í Brussel í gær.


Krakkarnir elskuðu auðvitað strumpasýninguna sem sett var upp í tilefni afmælisins. Kjartan var hvergi sjáanlegur.

## Fróðleiksmolar um Strumpana

**Schtroumpf**
nafn strumpanna á frönsku, orð sem Peyo, höfundur þeirra, notaði óvart yfir salt einu sinni.

**La Flûte à six trous**
Eða Flautan með götunum sex var myndasagan sem strumparnir birtust fyrst í áður en þeir öðluðust eigið líf.

**19** tölvuleikir um strumpana hafa komið út.

**Yfir 100** karakterar eru í strumpaheiminum.









**Toyota Land Cruiser 150GX**
Nýskráður 8/2016, 7 manna, ekinn 74 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.990.000**
Afborgun kr. 89.995 á mán.*




**Honda CR-V Executive**
Nýskráður 2/2017, ekinn 29 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 5.190.000**
Afborgun kr. 66.829 á mán.*




**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 6/2017, ekinn 29 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.790.000**
Afborgun kr. 35.995 á mán.*




**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 7/2017, ekinn 28 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**
Afborgun kr. 29.572 á mán.*

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is




**Í Havarí er ótrúlega margt brallað og tilraunastarfsemin í hávegum höfð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ýmislegt brallað í Havaríi

Í menningarmiðstöðinni Havarí í Berufirði er ýmislegt brallað. Þar er grænmeti ræktað, bulsur framleiddar, ferðaþjónusta og það nýjasta er verslunarrekstur. Havarí skellti sér í Startup Tourism hraðalinn.

Á Karlsstöðum í Berufirði er rekin menningarmiðstöðin Havarí sem margir ættu að kannast við. Ábúendur og stjórnendur Havarís eru hjónin Berglind Häsler og Svavar Pétur Eysteinsson. Þar er viðamikil starfsemi og eiginlega nærtækara að telja það upp sem er ekki gert þar. Meðal annars er Havarí kaffihús og tónleikastaður, en ýmislegt fleira fer þar fram.

„Við leggjum áherslu á grænmetismat og staðbundin hráefni, lífrænan kost. Við höfum verið að rækta grænmeti og verið með alls konar tilraunir í matvælaframleiðslu – við framleiðum grænmetispylsurnar bulsur. Hér rekum við líka gistiheimili auk þess sem tónlistarmaðurinn Prins Póló gerir út héðan,“ segir Berglind og bætir við að þau séu nýbúin að opna vefverslun, þannig að nú séu þau einnig verslunareigendur í ofanálag við allt hitt.

„Ætli við séum ekki bara búin að vera að bralla ýmislegt síðan við fórum að standa á eigin fótum. Við sameinuðum svo krafta okkar fyrir 15 árum og höfum varla stoppað síðan. Við bjuggum í borginni og vorum í níu til fimm vinnu en svo vorum við komin með svo mörg verkefni ofan á það að við ákváðum að finna okkur jarðnæði þar sem við gætum rekið öll þessi verkefni á einum stað. Fyrst var sá staður á Seyðisfirði þar sem við heilluðumst af lífinu úti á landi og ákváðum í kjölfarið að taka þetta enn lengra og flytja á sveitabæ þar sem væri hægt að gera í raun allt sem okkur dytti í hug – svo hafa skipst á skin og skúrir síðan,“ segir Berglind beðin um að útskýra í stuttu máli hvers vegna þau enduðu þarna fyrir austan.

Havarí skellti sér í ár í viðskiptahraðalinn Startup Tourism. Um er að ræða viðskiptahraðal á vegum Icelandic Startups sem er sérsniðinn að þörfum fyrirtækja á sviði ferðaþjónustu. Berglind segir helstu pælinguna á bak við þátttökuna hafa verið þá að tengja sig betur inn í heim ferðaþjónustunnar.



**Berglind Häsler og Svavar Pétur Eysteinsson fluttu í sveitina til að geta gert það sem þau vilja, sem þau hafa svo sannarlega gert hingað til.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

**VIÐ VÖÐUM Í VERKIN OG BYRJUM BARA – SEM ER KOSTUR AÐ VISSU LEYTI, EN SVO ER STUNDUM GOTT AÐ STALDRA VIÐ OG HUGSA HVERT MAÐUR STEFNIR.**

„Við vöðum í verkin og byrjum bara – sem er kostur að vissu leyti, en svo er stundum gott að staldra við og hugsa hvert maður stefnir og við sáum þarna tækifæri til að ná aðeins betur utan um verkefnin og tengja okkur aðeins betur inn í ferðaþjónustuna. Okkar bakgrunnur er í tónlistarbransanum og í fjölmiðlum auk þess sem Svavar er grafískur hönnuður. Svo vorum við allt í einu komin á kaf í ferðaþjónustu án þess að vita neitt sérstaklega mikið um hvernig sá bransi virkar. Þátttaka okkar í Startup Tourism var „crash course“ í því.“

Flest fyrirtæki sem taka þátt í hraðlinum eru nýbyrjuð með sína starfsemi eða við það að fara af stað en Havarí er búið að vera til í nokkur ár. Berglind segir það þó ekki hafa komið að sök. Þau hafi getað miðlað ákveðnum atriðum sjálf auk þess að læra nýja hluti.

„Það er boðið upp á svokallaða mentor fundi og þannig höfðum við beinan aðgang að reynsluboltum úr atvinnu- og fjármálalífinu og svo auðvitað ferðabransanum, sem var kjörinn vettvangur til að spegla hugmyndir. Þetta var svolítið eins og að fara í skóla og fagið er manns eigið fyrirtæki. Svo þetta var dýrmætur tíma til að skoða og endurhugsa margt sem betur má fara.

Dagsdaglega erum við mikið „á gólfinu“ sem er líka mikilvægt en það er nauðsynlegt að líta upp reglulega og skoða heildarmyndina. Það var líka mjög góður andi í hópnum og við kynntumst ótrúlega mörgu góðu fólki.“

Opið er fyrir umsóknir í hraðalinn fyrir 2019 til 3. desember á startuptourism.is.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# ÆVINTÝRI Í HILLUNA ÞÍNA!




**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**

**Nærbuxnaverksmiðjan**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð : 4.999.-




**Fegurstu Grimmsævintýri**
**VILDARVERÐ: 2.599.-**
Verð : 3.759.-




**Ævintýri úr Þúsund og einni nótt**
**VILDARVERÐ: 2.899.-**
Verð : 4.199.-




**Lára fer til læknis | Afmæli hjá Láru**
**VILDARVERÐ: 1.299.- stk**
Verð : 1.899.- stk

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 25. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Davíðs Þorlákssonar




## Áhættunnar virði?

Ég lofa að þessi Bakþanki er ekki um Braggann. Það er alkunna að opinberar framkvæmdir standast sjaldan kostnaðar- eða tímaáætlanir. Rannsókn frá Háskólanum í Reykjavík sýnir að opinberar innviðaframkvæmdir á Íslandi fara að meðaltali um 70% fram úr áætlun og 90% stórra framkvæmda fara bæði fram úr tíma og kostnaði.

Bárujárnsklædd bogalaga bygging í Nauthólsvík, sem ég ætla ekki að nefna, er allt í senn besta og versta dæmið um framúrkeyrslu á opinberum framkvæmdum. Versta dæmið því fjárhæðirnar eru litlar og besta dæmið því fjárhæðirnar eru litlar. Flestir eiga auðveldara með að setja 757 þúsund króna strá í samhengi en 9 milljarða króna framúrkeyrslu á Vaðlaheiðargöngum. Það verður að beina þeirri þverpólitísku óánægju sem nú er uppi í þann farveg að endurhugsa hvernig staðið er að opinberum framkvæmdum.

Ein augljós leið er að sveitarfélög hætti að kaupa og endurgera gamlar fasteignir. Allir sem hafa gert upp gömul hús vita að það er áhættusamt. Best væri að eftirláta einkaaðilum að taka á sig þá áhættu en ekki að leyfa stjórnmála- og embættismönnum að gera það á áhættu skattgreiðenda. Sama gildir um innviðaframkvæmdir. Það ætti að eftirláta einkaaðilum oftar að taka á sig þá áhættu sem felst í uppbyggingu og rekstri innviða.

Bent hefur verið á að um 2-300 milljarða króna innviðaverkefni séu nú í pípunum. Aðeins 20% framúrkeyrsla, sem meira að segja Pollýönnu myndi finnast ansi bjartsýnt viðmið, myndi duga til að byggja nýjan Landspítala. Það er því eftir miklu að slægjast með því að gera þetta betur.





HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.







*Verð miðast við WOW basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró og flug bókað fram og til baka.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS